

AÐALSKRÁNING FORNMINJA Á GUFUSKÁLUM Á SNÆFELLSNESI



RITSTJÓRI OG HÖFUNDUR EFNIS: KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

Reykjavík 2014

FS534-13041

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Forsíðumynd er af herslugarði 110b. Hann er einn af 17 áður óskráðum herslugörðum norðvestan við heimatún Gufuskála.
Ljósmynd tók Kristborg Þórsdóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands 2014

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR.....	5
II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	7
III. SKÝRINGAR	9
IV. FORNLEIFASKRÁ	11
V. SAMANTEKT.....	93
Bæjarhólar, býli og bústaðir	93
Kirkjur og legstaðir	99
Sjósókn.....	100
Uppsátur og lendingar	100
Verbúðir	100
Fiskbyrgi, herslugarðar og hjallar.....	101
Aðrar minjar um sjósókn.....	103
Útihús og túngarður.....	103
Sel, stekkir og fjárskýli.....	104
VI. NIÐURSTÖÐUR.....	105
Hættumat	105
Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu.....	105
HEIMILDASKRÁ	108
VIÐAUKI 1: HNITASKRÁR Á ISN93	111
VIÐAUKI 2: MINJAKORT	115



I. Inngangur

Árið 2013 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til að skrá fornleifar á jörðinni Gufuskálum á Snæfellsnesi. Verkefnið er hluti af rannsóknarverkefni sem unnið hefur verið á Gufuskálum frá árinu 2008 undir stjórn Lilju Bjarkar Pálsdóttur, fornleifafræðings hjá Fornleifastofnun Íslands. Vinnan fólst í því að gera svæðisskráningu og aðalskráningu fornminja á Gufuskálum. Sérstök áhersla var lögð á svæðið næst ströndinni sem er í hættu vegna landbrots og uppblásturs. Fjöldi minja er á því svæði en þær eru að miklu leyti grafnar í sand og því illgreinanlegar. Svæðið var gengið skipulega til að ná að greina sem allra mest af minjunum sem þar eru faldar í hrauni og sandi. Svæðisskráning og skráning á vettvangi fór fram í júní 2013 en úrvinnslan fór fram snemma vors 2014. Verkið var unnið af Kristborgu Þórsdóttur, fornleifafræðingi.

Gufuskálar eru vestarlega á norðanverðu Snæfellsnesi, innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Jörðinni tilheyrir land á milli fjalls og fjöru og einkennist landslagið af mosagrónum hraunum og uppblásnu og sendnu hrauni næst ströndinni. Gufuskálar fóru í eyði árið 1948. Lóranstöð var reist á jörðinni árið 1959 og var rekin af Pósti og síma til ársloka 1994. Þar er nú langbylgjustöð Ríkisútvarpsins og hefur Slysavarnarfélagið Landsbjörg haft þar aðstöðu til afnota fyrir þjálfunarbúðir við leit og björgun. Stórt svæði í kringum Lóranstöðina er afgirt og er það að mestu leyti uppblásið hraun en mikið rask hefur orðið innan þess við byggingu ýmissa mannvirkja sem þar eru.

Á Gufuskálum eru mikil ummerki um umfangsmikla útgerð sem stunduð var þar um margra alda skeið. Augljósustu ummerkin eru líklega fiskbyrgin sem eru í hrauninu sunnan við bæinn. Byrgin voru talin og skráð með skipulegum hætti árið 2009 og var því ekki talin ástæða til að skrá þau aftur 2013. Þau eru engu að síður í fornleifaskrá en undir einu númeri. Skráning byrgjanna er hluti af rannsóknarverkefninu sem er í gangi á Gufuskálum. Það verkefni hófst árið 2008 þegar styrkur fékkst úr Fornleifasjóði til að meta umfang og eðli rústahóla sem er ógnað af landbroti. Í ljós kom að um umfangsmiklar verbúðarminjar er að ræða og hefur uppgröftur farið fram á minjunum frá árinu 2011. Árið 2011 var einnig gert hæðalíkan af verbúðarhólunum og heimatúninu.¹ Af öðrum rannsóknum á jörðinni má nefna að árið 1989 gróf Guðmundur Ólafsson upp Írskrabraunn ásamt sjálfboðaliðum auk þess sem hann skráði Gufuskálavör, Hákonarhól og minjar um býli sem gengið hefur undir nöfnunum Írskubúðir og Gerðuberg. Hann setti niður friðlýsingarskilti við þrjá síðastnefndu staðina.²

¹ Lilja Björk Pálsdóttir og Óskar Gísli Sveinbjarnarson (hér eftir LBP og ÓGS) FS477-08232

² Guðmundur Ólafsson (hér eftir GÓ) 2014, 4-9, 20-21, 25-28

Árið 1996 gerði Bjarni F. Einarsson lauslega skráningu á völdum stöðum á Gufuskálum í aðdraganda að stofnun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.³ Í kjölfar þeirrar skráningar gróf Bjarni í kuml í Hákonarhóli og í tóftir sem tilheyra býlinu Írskubúðum/Gerðubergi.⁴

Á Gufuskálum voru alls voru skráðar 142 fornleifar auk þriggja fornleifa sem voru skráðar sem fornleif á fleiri en einni jörð. Alls voru því skráðar 145 fornleifar. Þetta er mjög mikill fjöldi minja á einni jörð og langt yfir meðaltali á landsvísu. Þess ber að geta að fiskbyrgin sem skráð voru 2009 eru 153 talsins og eru þau skráð sem heild undir einu númeri í fornleifaskrá eins og áður er nefnt og er því fjöldi einstakra minjaeininga miklu hærri en fornleifanúmerin gefa til kynna. Minjarnar eru mjög fjölbreyttar, bæði útvegsminjar og landbúnaðarminjar. Þær eru frá breiðu tímaskeiði, allt frá landnámsöld og fram á 20. öld. Ástand minjanna er einnig mjög misjafnt. Almennt séð eru minjar sem ekki hafa raskast af landbroti eða uppblæstri vel varðveittar en ætla má að fjöldi minja hafi skulast á haf út eða sé horfinn vegna uppblásturs.

Efnisskipan í þessari skýrslu er með þeim hætti að á eftir inngangi eru tveir kaflar um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf (2. kafli) og aðferðir við fornleifaskráningu (3. kafli). Í fjórða kafla er svo sjálf fornleifaskráin. Í henni er skrá yfir allar þekktar fornleifar á skráningarsvæðinu og í 5. kafla er samantekt um helstu minjaflokka á svæðinu. Í 6. kafla er svo fjallað um minjavernd og settar fram tillögur um kynningu fornminja og frekari rannsóknir á þeim.

³ Bjarni F. Einarsson (hér eftir BFE) 1996

⁴ BFE 1997 og 2000

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Skýringar

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi:RA-123:001). Fornleifaskrá hvernar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður

tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.


Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá

Túnakort fyrir Gufuskála



SN-125 Gufuskálar

16 hdr. 1711. "Eigandinn að hálfri [jörðinni] er kóngleg Majestat, og liggur þessi hálflenda í Stapaumboði, afdeildur bær að fornu og nýju. Eigandinn að öðrum helmíngi er kirkjan að Staðarstað á Ölduhrygg", JÁM V, 200. 16 hdr. 1847. Staðarstaðarkirkjufjörð að hálfu en Helgafellsklausturfjörð að hálfu, JJ, 147. 1840: "[...] jörðin Gufuskálar, 16 hndr. að dýrleika. Þar hefur ætíð tvíbýli verið og 2 bæir," SSSn, 133. 1274: Getið í máldaga Mariúrkirkju á Stað á Ölduhrygg, DI II, 114. 1317: Getið í máldaga Ingjaldshólskirkju, DI II, 411. 1465: Skiptabréf jarðarinnar: "[...] Skiptum vier adur greinder menn. med Riettu hlutfalle. husunum. todum og ollum budum. og budarstodum. og vergognum. þar meður skillde huor firer sig graffa eda lata graffa torff til husa og allra buda. þar sem huorcke skierde tun nie eyngiar. epter þvij sem huorium þarffnast. komu sio buder a huors hluta. skillde eyn skipshoffn uera j huorre bud. eyge meyr i haffe i budum huortt þeir vilia stor skip edur smaa huor firer sig. enn giore ey fleire buder. en nu er greint. a huors hluta. [...]" DI V, 445. Í Landnámu er þess getið að Ketill gufa Örlygsson hafi haft vetursetu á Gufuskálum, ÍF I, 167. Gufuskála er getið í þætti og ættartölu Ögmundar biskups. Bsk II, 292. Óvíst er hvort átt er við Gufuskála í Neshreppi eða Rosmhvalahreppi. Jörðin hefur verið í eyði frá 1948. Lóranstöð var reist á jörðinni 1959 og var rekin af Pósti og síma til ársloka 1994. Þar er nú langbylgjustöð Ríkisútvarpsins og hefur Slysavarnarfélagið Landsbjörg haft þar aðstöðu til afnota fyrir þjálfunarbúðir við leit og björgun. Heimasíða Hellissands.

1711: "Túninu grandar sandfjúk í mesta lagi, so að moka þarf af húsum eftir hvert norðan stórviðri. [...] Vatnsból ekkert nema sjóstemma ódrekkandi með stórstraum, og er það oft stór bagi á nyt mjólkukúa," JÁM V, 202. 1840: "Grasnyt er þar lítil utan túnið, en notagott beitaland fyrir sauðfé. [...]Tún jarðar þessarar liggur undir skemmdum af sandfoki," SSSn, 133. Túnakort 1919: Tún 4 ha, slétt 4/5, garðar 200 m².

SN-125:001 Gufuskálar bæjarhóll bústaður


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711 segir: "Eigandinn að hálfri [jörðinni] er kóngleg Majestat, og liggur þessi háflenda í Stapaumboði, afdeildur bær að fornu og nýju." Í örnefnaskrá segir:

64°54.114N 23°56.233V

"Gufuskálabærinn, sem nú er, var áður nefndur Útvegsbær [...]. Svonefndur Heimabær [003] stóð ofar og innar heldur en Útvegsbær." Bæjarhóll Gufuskála/Útvegsbæjar er norðvestarlega í gamla heimatúninu.

Túnið er nokkuð vel afmarkað þó að ekki sjáist túngarður meðfram því nema í suðausturenda, sjá 056. Uppblástur hefur eytt jarðvegi í kringum stóran hluta þess og stendur það því nokkuð hátt í landinu og eru jaðrar þess nokkuð skýrir. Túnið er mishæðótt og vaxið grasi og mel. Mikið sandfok hefur breytt ásýnd túnsins og minjanna í því. Túnið var sléttað í kringum 1959 eða 1960 að sögn Sæmundar

Kristjánssonar, heimildamanns. Útnesvegur 574 liggur í gegnum túnið á Gufuskálum og skiptir því í tvo hluta. Norðvestan við veginn er sléttaður hluti túnsins en suðaustan við hann hefur túnið ekki verið sléttað og er þar fjöldi tófta. Útnesvegurinn var líklega lagður yfir túnið eftir að búskap var hætt á



Gufuskálum eða í kringum 1950 en leið hefur lengi legið um túnið á Gufuskálum og sést hún á Herforingjaráðskorti sem gert var árið 1911 (sjá leið 631:002).

Bæjarhóllinn A er um 60 m í þvermál og er hann 8-10 m hár. Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús B um 10 m norðan við bæ og kálgarður 5-10 m austan við bæ. Óljóst ummerki um þessi mannvirki sjást á bæjarhólnum og eru þau því skráð með honum. Að auki er kálgarður D skráður með bæjarhólnum. Á u.þ.b. miðjum hólnum er



Bæjarhóll Gufuskála 001. Á vinstri mynd er horft til norðvesturs en á þeirri hægri til suðurs.

ílangur hryggur E sem er 8-10x26 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 0,5-1 m á hæð og lækkar til suðvesturs. Hryggurinn er hæsti punktur hólsins og má ætla að síðasti bærinn hafi staðið þar. Suðaustan við hrygginn er dálítill flati F - mögulega kálgarður (þó ekki kálgarður C) - sem er um 30x10 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Óskýr mörk eru á flatanum til norðausturs en brún er á honum til suðausturs. Í austurhorni bæjarhóls er kálgarður D sem er um 10x12 m að stærð, snýr ANA-VSV. Veggir hans eru hlaupnir í þúfur og eru 1,5-3 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Op er á kálgarðinum í NNV-horni. Fast norðaustan við hrygg E er mjór hryggur G sem er um 14x4 m að stærð og snýr norður-suður, er um 0,5 m á hæð. Um 12 m norðvestan við hrygg E er dálítill óskýr dæld sem er um 3x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Líklegt er að útihús B hafi verið á þeim stað. Um 10 m suðvestan við dældina er óljóst horn. Innanmál þess er um 2x2 m að stærð. Mögulega er hornið leifar af kálgarði C. Mjög bratt er fram af bæjarhólnum til norðvesturs og þar eru hliðar hans 5-8 m á hæð. Sumarið 2012 var grafin prufuhola í bæjarhólinn, austan við E, hæsta hrygg hólsins. Í prufuholunni sáust þétt og mikil mannvistarlög undir þykku sandlagi. Frumniðurstöður gefa til kynna að áhersla hafi verið lögð á sjósókn fremur en landbúnað. Prufuholan var stækkuð árið 2013 til að komast niður að elstu lögum í bæjarhólnum. Upplýsingar um niðurstöður þeirrar rannsóknar verður að finna í áfangaskýrslu fyrir árið 2013.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: JÁM V, 200; Ö-Gufuskálar, 2; Túnakort 1916; Herforingjaráðskort 5; LBP FS512- 08233, 6

SN-125:002 gripir öskuhaugur

1864: "TVEIR KOPARKNAPPAR hvelfdir, mjög stórir, með víravirki, líklega gamlir brókarhaldsknappar, er tíðkuðust á átjándu öld, en nú eru farnir að verða mjög sjaldgæfir. Þá fann Guðmundur bóndi Árnason á Gufuskálum í gömlum öskuhaug." Ekki er vitað hvar öskuhaugurinn á Gufuskálum var en líklega var hann nærri bæjarhól 001 sem er algróinn.

Heimildir: Skýrsla FÍ I, 86


SN-125:003 Heimabær bæjarhóll bústaður

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1711 segir: "Eigandinn að öðrum helmíngi [jarðarinnar] er kirkjan að Staðarstað á Ölduhrygg. [...] Í henni [Ólafsbúð sjá 022] heldur ábúandi hús, en heimabærinn stendur aldeilis í auðn, og er nú þar fyrir engin búðarleiga hjer af..." Í örnefnaskrá segir: "Svonefndur Heimabær stóð ofar og innar heldur en Útvegsbær [001]." Nákvæm staðsetning Heimabæjar er ekki þekkt og ekki hægt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Lýsingin í örnefnaskrá gefur vísbendingu um að Heimabærinn hafi verið sunnar og austar en Útvegsbær 001 en það er málvenja á svæðinu að "innar" sé austar á nesinu, lengra inn í land. Árið 2011 var gert stafrænt hæðalíkan af heimatúninu á Gufuskálum sem hluti af fornleifarannsóknunum á Gufuskálum og á því sést að í mörgum hólum eða þústum í túninu er að líkindum að finna leifar af mannvirkjum. Leiða má getum að því að Heimabærinn hafi verið á einhverjum af þessum hólum. Til dæmis gæti hann hafa verið þar sem þúst 066 er skráð. Þústin er á mörkum túns og uppblásins svæðis sem seinna var raskað vegna bygginga á athafnasvæði við lóranstöðina. Ekki er ólíklegt að uppblástur hafi verið kominn fast að bænum og að hann hafi lagst í auðn af þeim sökum. Gera þarf frekari rannsóknir á svæðinu til þess að hægt sé að skera úr um það hvar Heimabær hafi staðið.

Heimildir: JÁM V, 200, 202; Ö-Gufuskálar, 2; LBP og ÓGS FS477-08232, 41-45

SN-125:004 tóft útihús

64°54.092N 23°56.283V



Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 70 m suðvestan við bæ 001 og um 40 m VNV við útihús 005. Tóft, þúst og meintur veggur eru á hól í túninu á þeim stað.

Minjarnar eru í grösugu, mishæðóttu túni.

Hóllinn sem minjarnar eru á er um 28x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hvert mannvirki á hólnum fær bókstaf í lýsingu hér á eftir. Tóft A er í suðurhorni hólsins, er um 11x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Í henni er eitt skýrt hól og þúst þar sem ætla má að hafi verið annað hól. Þústin I er í vesturenda tóftarinnar. Hún er um 5x7 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést skýrt móta fyrir hólfi í henni en í suðurenda hennar er dálítill klauf inn í hana sem gæti gefið til kynna hvar inngangur inn í þennan hluta tóftarinnar var. Hólf II er fast austan við þústina. Það er um 4x7 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er sýnilegur veggur á norðurhlið og er það því opið til norðurs. Óljós veggur er meðfram suðurhlið hólsins. Mesta hæð tóftar er um 0,4 m. Tóftin er gróin en líklegt er að hún sé hlaðin úr torfi og grjóti. Hóllinn sem minjarnar eru á er hæstur um 2 m í vesturhorni þar sem er



Á vinstri mynd er þúst 004C, horft til norðurs. Á hægri mynd er tóft 004A, horft til suðurs.


skörp brún á hólnum. Þar er stórþýfður hryggur eða veggur B á hólbrúninni sem er um 12x2-3 m að stærð og snýr nálega norður-suður, er um 0,4 m á hæð. Þúst C er 10 m norðaustan við tóft A. Hún er um 6x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést móta fyrir hólum í henni vegna þúfnamyndunar og sigs og er hún einnig mjög grasi vaxin. Mesta hæð er um 0,5 m. Þústinni hallar lítillega til norðausturs og er líklegt að inngangur hafi verið á þeirri hlið inn í mannvirkið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916

SN-125:005 tóft útihús

64°54.077N 23°56.237V



Tóft 005 á rústahól, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 50 m SSV við bæ 001. Stór rústahóll er þar sem útihúsið er merkt á túnakort og á honum sést ein allskýr tóft.

Minjarnar eru í mishæðóttu túni sem vaxið er grasi og mel.

Rústahóllinn er um 22x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hæð hólsins er 2-3 m. Tóftin sem sést á hólnum er syðst á honum miðjum. Hún er um 6x7 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og gróin og ekki sést í torfhleðslur. Suðurveggur er óljós og líklegt er að op hafi verið á tóftinni í þeim enda. Veggir tóftarinnar eru hlaupnir í þúfur og mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Í austurenda hólsins hækkar hann lítillega á svæði sem er um 8x5 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðvesturhorni hólsins sjást leiðslur upp úr sverði, mögulega rafmagnsleiðslur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916

SN-125:006 þúst fjárhús

64°54.066N 23°56.163V

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 80 m suðaustan við bæ 001 og um 70 m suðaustan við útihús 005. Stór rústahóll er að líkindum þar sem útihúsið var en er þó um 90 m suðaustan við hæsta punkt bæjarhóls 001.



Þúst 006, horft til norðausturs

Mögulega eru þetta leifar af fjárhúsum en Sæmundur Kristjánsson, heimildamaður, man eftir leifum af fjárhúsum í túninu á þessum slóðum áður en það var sléttað.

Þústin er í mishæðóttu, grösugu túni.

Þústin er um 22x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð hólins er um 2 m í suðvesturhluta. Ekki sjást skýr ummerki um mannvirki á hólnum. Norðaustan við hólinn er dæld sem er um 4x8 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: engin hætta

SN-125:007 tóft útihús



Tóft 007, horft til SSA

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 140 m SSA við bæ 001. Tóft er í túni um 160 m suðaustan við bæ 001 og er afar sennilegt að það sé útihúsið á túnakortinu.

Tóftin er í mishæðóttu túni um 15 m norðvestan við Útnesveg 574 sem liggur í gegnum túnið og jörðina.

Tóftin er um 12x10 m að stærð og virðist skiptast í þrjú hól. Greinilegasta hólfið I er í suðurenda. Það er um 3,5x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er á því til NNV í hólfi II. Það er ekki mjög skýrt en virðist vera 2x2 m að innanmáli. Vít op er á því til vesturs út úr tóftinni. Hólf III er vestast í tóftinni og stendur lægra en aðrir hlutar hennar. Hólfið er m 1,5x2,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki sést greinilegt op á því. Mesta hæð tóftar er um 1 m en hún kann að vera á náttúrulegum hól sem ýkir hæð hennar. Suðurendi tóftarinnar er óskýr og hlaupinn í þúfur. Fast norðvestan við tóftina eru tvær þústir. Þústin sem er nær tóftinni er um 4x3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þar fast norðvestan við er stærri þúst sem er um 7x5 m að stærð og snýr eins. Minni þústin er um 0,4 m á hæð en sú stærri er um 1 m á hæð þar sem hún er hæst til norðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1916


SN-125:008 tóft útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 180 m SSA við bæ 001 og um 25 m vestan við útihús 009. Þar er enn stór tóft.

Tóftin er í gömlu, hæðóttu túni suðaustan við Útnesveg 574 sem liggur yfir túnið og skiptir því í tvo hluta.


Tóftin er um 24x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í fjögur greinanleg hól. Nærri

64°54.039N 23°56.134V



Tóft 007

64°54.021N 23°56.097V



norðausturenda er hólfi I. Það er um 1x2 m að innanmáli og er op á því til norðvesturs. Hólfið er samansigið en enn sést í grjóthleðslur í veggjum við inngang og víðar, sjást 3 umfór. Úr hólfi I er gengið inn í hólfi II til suðausturs. Það er um 1,5x1,1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Hrunið hefur ofan í það og er það mun dýpra en hólfi I og ekki sést í grjóthleðslur í veggjum. Hólfi III er suðvestan við þessi tvö hólfi. Það er um 10x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Sunnan við það er lítið hólfi sem er um 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er úr hólfi III inn í hólfi IV og óljóst op er úr suðurenda hólfs IV út úr tóftinni. Veggurinn sem skilur á milli hólfa III og IV er lágur og mjór. Mesta hæð tóftar er um 1,3 m. Tóftin hefur ýmis einkenni þurrabúðar. Hólfi I og II hafa verið undir þaki en hólfi III og IV hafa líklega verið notuð til að þurrka fisk, einhvers konar þurrkviðar, frekar en að um kálgarða sé að ræða. Þegar túnakortið fyrir Gufuskála var gert árið 1916 var "peningshús" á þessum stað og kann hlutverk minjanna að hafa breyst frá því að vera þurrabúð í að vera útihús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916



Á vinstri mynd er tóft 008, horft til suðausturs. Á hægri mynd eru hólfi III og IV í tóft 008, horft til suðvesturs

SN-125:009 tóft útihús

64°54.028N 23°56.075V

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús um 180 m SSA við bæ 001 og um 25 m austan við útihús 008. Þar er enn stór tóft.

Tóftin stendur hátt á hól í gömlu, hæðóttu túni suðaustan við Útnesveg 574 sem liggur yfir túnið og skiptir því í tvo hluta.

Tóftin er um 22x16 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, og skiptist í þrjú hólfi og eina þúst. Hólfi I er í suðausturhorni tóftarinnar og stendur hæst. Það er um 4x3 m að innanmáli, snýr NNA-SSV. Ekki er veggur til VNV en innri brún hólfsins er greinileg og er grjót í henni. Líklega hefur verið timburpil á þessari hlið. Mesta hleðsluhæð í þessum hluta tóftarinnar er 1-1,2 m. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum en veggir eru greinilega torf-



Á vinstri mynd er tóft 009 og er hól IV í forgrunni, horft til suðurs. Á hægri mynd er tóft 009 og er hól II í forgrunni (meintur hjallur) horft til suðausturs

og grjóthlaðnir. Við VNV-horn hólfs I er þúst II sem er 3x5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þústin er gróin en grjót sést í henni. Hún er um 0,2-0,3 m á hæð. Óljóst er hvaða mannvirki hefur verið á þessum stað. Um 6 m VNV við hól I er hól III. Það er lítið hól (sem gæti líka talist sér tóft) sem er torf- og grjóthlaðið. Hólfið er um 3x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á hólfinu til norðvesturs en þar virðist hafa verið timburpil. Jarðlæg grjótbrún er þó til staðar á þeirri hlið. Veggir þessa hluta tóftar eru 0,2-0,3 m á hæð og virðist hólfið hafa verið grafið inn í lágan hól að litlu leyti. Áfast þessu hólfi er hól IV, gerði, sem er um 9x11 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Innri brún þess er óljós en ytri brúnn er skýr. Veggir í þessum hluta tóftar eru allt að 1 m á hæð og 2 m á breidd. Ekki sést hlaðinn veggur á hólfinu til suðausturs eða suðurs. Tóftin hefur ýmis einkenni þurrabúðar, hól III gæti verið leifar af hjalli og gerði/hól IV kann að hafa verið notað sem þurrkví þar sem fiskur var þurrkaður. Þegar túnakortið fyrir Gufuskála var gert árið 1916 var "peningshús" á þessum stað og kann hlutverk minjanna að hafa breyst frá því að vera þurrabúð í að vera útihús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916

SN-125:010 heimild um útihús

64°54.074N 23°55.973V

Samkvæmt túnakorti frá 1916 var útihús rétt utan túns, um 200 m suðaustan við bæ 001 og um 120 m norðaustan við útihús 009.

Útihúsið var í gömlu heimatúni. Það hefur verið sléttað norðvestan við Útnesveg 574 sem liggur í gegnum túnið en fjöldi tófta og minja sést enn suðaustan í túninu, hinum megin við veginn.

Að öllum líkindum hefur útihúsið lent undir Útnesvegi 574 en ekki er þó hægt að útiloka að eitthvað af tóftunum sem eru næst veginum, suðaustan við hann, geti verið leifar af útihúsinu. Til dæmis kemur vel til greina að tóft 087 sem líklega er leifar af þurrabúð sé "útihúsið" sem merkt er á túnakort.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1916

SN-125:011 þúst útihús

64°54.078N 23°56.175V

Í gamla heimatúninu er rústahóll á milli útihúsa 005 og 006, um 80 m suðaustan við bæ 001.

Hóllinn er í mishæðóttu túni, vaxinn grasi og mel auk túnfífla sem einnig eru í kringum hóllinn.

Hóllinn er um 28x17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hæstur er hann um 1,5 m. Ekki sjást skýr merki um mannvirki á hólnum en á jöðrum hans til suðvesturs, norðvesturs og norðausturs eru bogadregnir jarðvegshryggir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1916



Þúst 011, horft til suðvesturs

SN-125:012 þúst fjós

64°54.121N 23°56.121V

Í gamla heimatúninu er þúst um 90 m austan við bæ 001. Mögulega eru þetta leifar af fjósi en Sæmund Kristjánsson, heimildamann, rámaði í að fjós hefði verið í þessa stefnu frá bænum.

Þústin er um 20 m sunnan við norðurhorn túnsins og er há brekka fram af brún túnsins en uppblástur og sandfok hefur breytt ásýnd umhverfisins mikið. Þústin er um 30x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er flöt að ofan. Afliðandi halli er niður af norðausturbrún hennar. Mjög skýr brún er hins vegar meðfram suðausturhlið og allskýr brún er einnig meðfram norðvesturbrún. Til suðvesturs samlagast þústin hæð í túninu. Hæst er þústin um 1,5 m.

Hættumat: engin hætta



Þúst 012, horft til norðurs

SN-125:013 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá

1711 segir: "Tvær þurrabúðir hafa hjer enn verið í manna minni [tilheyrandi 001], kallaðar í hvert sinn eftir þeim er í bjuggu. Kostir á þeim allir sömu sem áður er sagt um þær, sem nú eru byggðar, en nú eru þessar aldeilis eyddar fyrir sandi og ólíklegt að aftur byggjast megi." Ekki er vitað hvar þurrabúðirnar stóðu og því ekki hægt að staðsetja þær með innan við 50 m skekkju en fyrst þær hafa orðið fyrir barðinu á uppblæstri má ætla að þær hafi verið niður við sjó eða norðaustan við heimatúnið þar sem mikill uppblástur hefur eytt megninu af jarðveginum.

Heimildir: JÁM V, 202

SN-125:014 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Tvær þurrabúðir hafa hjer enn verið í manna minni [tilheyrandi 001], kallaðar í hvert sinn eftir þeim er í bjuggu. Kostir á þeim allir sömu sem áður er sagt um þær, sem nú eru byggðar, en nú eru þessar aldeilis eyddar fyrir sandi og ólíklegt að aftur byggjast megi." Ekki er vitað hvar þurrabúðirnar stóðu og því ekki hægt að staðsetja þær með innan við 50 m skekkju en fyrst þær hafa orðið fyrir barðinu á uppblæstri má ætla að þær hafi verið niður við sjó eða norðaustan við heimatúnið þar sem mikill uppblástur hefur eytt megninu af jarðveginum.

Heimildir: JÁM V, 202

SN-125:015 heimild um ristu

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Torfrista og stúnga engin, nema hvað þökur eru skornar upp í sendnu harðlendi og hraunlægum." Ekki reyndist unnt að staðsetja torfristustaði í landi Gufuskála og engin öyggjandi ummerki um ristu sáust á vettvangi. Þó er sennilegt að torf hafi verið rist í Löngulág, sjá fornleif 089.

Heimildir: JÁM V, 201

SN-125:016 Írskrbrunnur brunnur brunnur

64°54.032N 23°56.854V

"Nokkru innar Malarbyrgi er Írskrbrunnur. Eftir sögnum að dæma er brunnur þessi mikill og haglega gjörður. Brunnur þessi var týndur um tíma en fannst aftur, fyrir leiðsögn Sigurðar nokkurs Illugasonar, sem var á Gufuskálum um þær mundir. [...] Enginn veit nú með vissu hverjir menn það hafa verið, sem brunnurinn er kenndur við, en þó þykir sumum líklegt að það séu írsku þrælarnir, sem Ketill gufa hafði með sér hingað út," segir í örnefnaskrá. "Írskrbrunnur" sem hafði verið týndur í meira en hálfa öld fannst aftur 27. júní 1989. [...] Það var svo nokkurra daga verk vaskra manna undir eftirliti Þjóðminjasafnsins að moka upp brunninn og hreinsa. Reyndust vera 16 eða 18 "tröppur" niður á botn, en lítið vatn mun þá hafa verið í brunninum," segir í bókinni Undir bláum sólarsali I. Nánari upplýsingar um uppgröftinn á brunninum er að finna í Rannsóknarskýrslum fornleifadeildar Þjóðminjasafns 1989:3 eftir Guðmund Ólafsson. Þar kemur fram að gert hafi verið við brunninn árið 2010 og hrun úr austurhlið brunnsins lagfært. Þá var einnig sett ný hvalshauskúpa í stað þeirrar gömlu sem hafði skemmt. Brunnurinn er um 510 m vestan við bæinn 001 og er hann um 200 m austan við Malarbyrgi 057. Svæðið næst brunninum er að hluta uppblásið og sendið hraun en að hluta grasigróið flatlendi. Brunnurinn er um 40 m vestan við bílastæði þar sem ferðafólk getur lagt bílum sínum til að skoða minjar á svæðinu. Næst brunninum er mikill grasvöxtur og grindverk er allt í kringum hann til að varna slysum á fólki.

Yfir brunninum er gríðarstór hvalshauskúpa sem hvílir á járnteini. Tréþrep eru ofan í Írskrbrunn úr NNA en um 2 m hár bakki er af yfirborði og niður á flórlagða stétt. Hún er um 1 m á breidd og eru hlaðnir veggir meðfram henni til beggja hliða sem mynda stuttan gang. Veggirnir eru 1-1,2 m á hæð og í þeim sjást 6 umför. Ytri brún veggjanna sést ekki og því ekki hægt að mæla breidd þeirra. Undan ganginum hallar til SSV. Hann er um 4 m á



Írskrabrunnur 016. Á vinstri mynd er horft til suðvesturs ofan í botn brunnsins en á hægri mynd er horft til VSV


lengd og endar við klöpp. Af ganginum taka við þrep niður í brunninn og sjást áfram hlaðnir veggir til beggja handa. Hægt er að telja sjö steinlögð þrep. Klöpp er á hægri hönd (til VNV) þegar komið er niður í þrepin og nær hún niður í sendinn botn brunnsins. Grjóthleðslur eru ofan við klöppina og upp á yfirborðið. Veggurinn á vinstri hönd (til ASA) bólgnar eilítið út, inn í brunninn, þegar komið er hálfa leið niður í botn. Hleðslur á innanverðum ASA- og SSV-hliðum brunnsins ná frá yfirborði og nánast niður í botn hans. Dýpstur er brunnurinn um 5 m, hleðslur eru um 4 m á hæð og sjást alls 15 umför í þeim. Neðarlega í brunninum beygja þrepin lítið eitt til suðvesturs og enda við lítinn poll neðst í brunninum. Þar er lítill skúti sem gengur inn undir klöpp á VNV-hlið brunnsins. Frá stétt í NNA-enda og yfir í SSV-enda eru um 8 m.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2; Undir bláum sólarsali I, 88; GÓ 2014, 9

SN-125:017 tóftir sel

64°52.200N 23°52.971V



Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Selstaða í heimalandi og þarf þó að tolla til Saxahóls fyrir þrönglendi, því peningur unir lítt í högum vegna vatnsleysi." Gamalt sel er um 240 m sunnan við sel 119 og um 4,4 km suðaustur af bæ 001. Minjarnar eru í stórþýfðum lyngmóa undir hraunbrún. Á svæði sem er um 75x25 m að stærð og snýr norður-suður eru fimm tóftir og ein hleðsla. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Minjarnar eru signar, grónar og lyngi vaxnar. Á miðju svæðinu er tóft A sem skiptist í fjögur hól. Tóftin er torf- og grjóthlaðin, 13x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðvesturenda tóftarinnar er hól I sem er um 1 m í þvermál. Op er á því til suðausturs. Þar suðvestan við er hól II. Það er mjög samansigið en greina má innanmál hólfsins sem er um 2x2 m. Mögulegt op er á hólfinu til suðausturs en einnig er mögulegt op til norðausturs inn í gang sem liggur á milli hólfa I og II. Gangurinn byrjar við miðja suðausturhlið tóftarinnar og liggur í sveig inn í hól III sem er norðvestast í tóftinni. Mesta hæð tóftar er um 1 m. Hól IV er byggt VSV við tóftina, á milli hennar og hraunbrúnar og eru veggir þess mun lægri en annarsstaðar í tóftinni. Það er um 0,5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til suðurs. Óljóst hól V er svo fast norðvestan við hól IV. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op virðist vera á því til NNA. Tóft B er um 4 m VNV við tóft A. Hún er byggð upp við hraunkletta í totu á hrauninu sem myndar suðurvegg tóftarinnar. Tóftin er



Á vinstri mynd er tóft 017A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd eru tóftir 017A, B og D, horft til SSV

um 10x4 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést móta fyrir hólaskiptingu í henni og op er í norðurenda. Veggir hafa hrunið inn í tóftina og er hún breiðust innanmáls í suðurenda þar sem hún er um 1 m á breidd. Í suðurenda tóftarinnar er óljóst op til vesturs. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Tóftin er farin að hlaupa í þúfur. Um 12 m suðaustan við tóft B er tóft C. Hún er sunnan við totu á hrauninu sem tóft B er hlaðin upp við. Tóftin er einföld, um 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á tóftinni. Hún er torf- og grjóthlaðin og mesta hæð veggja er um 0,8 m. Lítil, einföld tóft D er um 5 m austan við tóft A. Hún er um 3x3 m að stærð. Hún er líklega úr torfi og grjóti og er mesta hleðsluhæð hennar um 0,3 m. Hún er byggð upp við klett í hraunbrúninni sem myndar ASA-vegg hennar. Op er á henni til VNV. L-laga hleðsla E er um 6 m norðan við tóft A. Hleðslan er um 4x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð er 0,2-0,3 m. Norðaustan við hleðsluna er aflíðandi halli upp frá tóft til norðausturs. Suðaustan við hleðsluna er þýft svæði sem er um 5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þýfið og hallinn kunna að hafa afmarkað hól með hleðslunni sem er 5-6x2m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Um 2 m norðvestan við norðausturenda hleðslunnar er stór steinn og frá honum liggur óskýr hleðsla í boga að vesturhorni hleðslunnar og myndar þar mögulega annað hól sem er 4x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur en mjókkar til suðvesturs. Um 45 m norðan við tóft A er ógreinileg tóft F fast vestan undir hraunbrúninni. Mögulega er hér um náttúrumyndun að ræða. Tóftin er um 4 m í þvermál, hlaðin suðvestan í lítinn hól og samlagast honum á þeirri hlið. Tóftin er líklega torf- og grjóthlaðin en aðeins sést í grjót á norðvesturhlið. Tóftin er einföld og op er á henni til norðurs. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Varða T sem varðar Prestahraunsstíg 631:001 er uppi á hraunbrúninni um 15 m ANA við tóft F og götur á leiðinni sjást um 20 m norðan við tóftina. Varðan kann einnig að hafa vísað á selið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: JÁM V, 201

SN-125:018 Bakkabúð heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Búðir, sem þessum parti [Útvegsbæ 001] fylgja eru Backabud ..." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 201

SN-125:019 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Búðir, sem þessum parti [001] fylgja eru [...] Önnur þurrabúð gömul hefur nafn í hvert sinn eftir búðarmanninum." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 201

SN-125:020 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Búðir, sem þessum parti [001] fylgja eru [...] Þriðja þurrabúð gömul, kallast í hvert sinn eftir búðarmanninum." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 201

SN-125:021 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Búðir, sem þessum parti [001] fylgja eru [...] Fjórða þurrabúð nefnd eftir ábúanda hvert sinn og þó gömul." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 201

SN-125:022 Ólafsbúð heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Þurrabúð er hjer ein kölluð Olafsbud. Í henni heldur ábúandi hús, en heimabærinn [003] stendur aldeilis í auðn [...]." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 202

SN-125:023 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Fimm aðrar þurrabúðir hafa hjer verið [við Heimabæ 003. Sjá einnig 024, 025, 026, 027]. Af þeim eru 4 í grunn niður fallnar, en á einni loða kofarnir uppi. Nafn höfðu þær ekkert, nema so sem hver var kend við búðarmanninn. Eru nú 3 ár síðan bygð var sú síðasta, en 20 ár frá því hin fyrsta eyðilagðist. Hinar hafa þar í millum eftir hendinni farið til rýrðar, so sem lakað hefur jörðunni og sýnist lítil von að aftur fáist þær bygðar." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 203

SN-125:024 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Fimm aðrar þurrabúðir hafa hjer verið [við 003. Sjá einnig 023, 024, 026, 027]. Af þeim eru 4 í grunn niður fallnar, en á einni loða kofarnir uppi. Nafn höfðu þær ekkert, nema so sem hver var kend við búðarmanninn. Eru nú 3 ár síðan bygð var sú síðasta, en 20 ár frá því hin fyrsta eyðilagðist. Hinar hafa þar í millum eftir hendinni farið til rýrðar, so sem lakað hefur jörðunni og sýnist lítil von að aftur fáist þær bygðar." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 203

SN-125:025 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Fimm aðrar þurrabúðir hafa hjer verið [við 003. Sjá einnig 023, 024, 026, 027]. Af þeim eru 4 í grunn niður fallnar, en á einni loða kofarnir uppi. Nafn höfðu þær ekkert, nema so sem hver var kend við búðarmanninn. Eru nú 3 ár síðan bygð var sú síðasta, en 20 ár frá því hin fyrsta eyðilagðist. Hinar hafa þar í millum eftir hendinni farið til rýrðar, so sem lakað hefur jörðunni og sýnist lítil von að aftur fáist þær bygðar." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 203

SN-125:026 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Fimm aðrar þurrabúðir hafa hjer verið [við 003. Sjá einnig 023, 024, 025, 027]. Af þeim eru 4 í grunn niður fallnar, en á einni loða kofarnir uppi. Nafn höfðu þær ekkert, nema so sem hver var kend við búðarmanninn. Eru nú 3 ár síðan bygð var sú síðasta, en 20 ár frá því hin fyrsta eyðilagðist. Hinar hafa þar í millum eftir hendinni farið til rýrðar, so sem lakað hefur jörðunni og sýnist lítil von að aftur fáist þær bygðar." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM V, 203

SN-125:027 heimild um bústað

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711 segir: "Fimm aðrar þurrabúðir hafa hjer verið [við 003. Sjá einnig 023, 024, 025, 026]. Af þeim eru 4 í grunn niður fallnar, en á einni loða kofarnir uppi. Nafn höfðu þær ekkert, nema so sem hver var kend við búðarmanninn. Eru nú 3 ár síðan bygð var sú síðasta, en 20 ár frá því hin fyrsta eyðilagðist. Hinar hafa þar í millum eftir hendinni farið til rýrðar, so sem lakað hefur jörðunni og sýnist lítil von að aftur fáist þær bygðar." Ekki tókst að staðsetja með vissu nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem nefndar eru í heimildum með innan við 50 m skekkju.


Heimildir: JÁM V, 203

SN-125:028 tóft bústaður

64°54.047N 23°55.994V

Stór tóft er um 225 m suðaustan við bæ 001 og um 70 m ANA við útihús 009. Að öllum líkindum er þetta tóft af þurrabúð, eflaust ein af þeim þurrabúðum sem nefndar eru í heimildum.

Tóftin er í túni suðaustan við Útnesveg 574 sem liggur í gegnum jörðina.



Þurrabúðartóft 028, horft til suðausturs

Tóftin er torf- og grjóthlaðin en gróin og ekki sést í hleðslur. Hún skiptist í fjögur hólfi. Tóftin er alls um 10,5x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf I er í norðausturenda tóftarinnar. Það er um 1,5x4 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op er í vesturhorni þess inn í hólf III. Það er um 3x5,5 m að innanmáli en útlínur þess eru óskýrar og innri brún veggja orðin óskýr. Hólfið mjókkar til norðvesturs þar sem er op inn í hólf og tóft. Hólf II er í framhaldi af hólfi III til suðausturs og er óskýr veggur á milli þeirra og op á honum. Hólf II er um 1,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf IV er í vesturhorni tóftar, um 1,5-2 m að innanmáli, snýr VNV-ASA. Op er á því til vesturs. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,2 m á suðurgafli. Tóftin er á hólfi, líklega náttúrulegum í grunninn en einhver uppsöfnun mannvistarlaga er einnig á honum. Suðaustan við tóftina er hóll sem gæti verið að hluta manngerður. Hann er um 8x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er fremur lágur í norðausturenda og þar eru dældir í hann en í suðvesturenda er allhá bunga og er nokkuð skörp lína meðfram suðvesturhliðinni. Bungan er um 7x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hæst um 1 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 1

SN-125:029 Gráborg örnefni fjárskýli

64°51.683N 23°50.182V

"Úr Fuglastapa liggur merkjalínan beint í klett einn mikinn upp í hrauninu, nefndan Arnarstein, og þaðan Fuglastapa (klettur) á Prestahraunsveginum [631:001], síðan í Gráborg eða Stóruborg öðru nafni, sem er alllangt fyrir innan Hreggnasa, og loks beint í Jökul upp." Í örnefnalýsingu fyrir fjöll í landi Gufuskála segir: "Austur af Fjárborgum [063] er Gráborg." Gráborg er um 6,6 km suðaustan við bæ 001.

Gráborg er fast vestan við Blágil. Vestan við hana eru mosavaxnir rauðumalarhólar og mjóir dalir á milli.

Gráborg er stór hóll og í honum er djúp skál sem myndar náttúrulegt skjól, t.d. fyrir kindur. Í skálinni miðri er náttúrulegur, hár grjóthóll með eggjagrjóti. Engin mannaverk sjást á hólnum eða við hann.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 1; Ö-Fjall Gufuskála, 1

SN-125:030 Hólbúð heimild um bústað

"Í túninu á Gufuskálum, skömmu ofar íbúðarhúsinu, er Hólbúð, og stendur hún að nokkru leyti enn [...]," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju. Í svörum Ólafs Elímundarsonar við spurningum Þjóðháttaeildar Þjóðminjasafns kemur fram að örnefnaskráin er frá 1932 og þá hefur búðin staðið enn að nokkru leyti. Ekki er ljóst hvort Hólbúð var ofan eða neðan við Útnesveg 574 sem liggur í gegnum túnið.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 1; Svör við spurningaskrá Þjóðháttaeildar Þjóðminjasafns A- 11533/B-1992-5

SN-125:031 Einarsbúð heimild um bústað

"Í túninu á Gufuskálum, skömmu ofar íbúðarhúsinu, er Hólbúð [030], og stendur hún að nokkru leyti enn; en Einarsbúð og Lögmansbúð [032] hafa staðið í túninu fyrir ofan Hólbúð [030]," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 1; SSSn, 133

SN-125:032 Lögmansbúð heimild um bústað

"Í túninu á Gufuskálum, skömmu ofar íbúðarhúsinu, er Hólbúð [030], og stendur hún að nokkru leyti enn; en

Einarsbúð [031] og Lögmannsbúð hafa staðið í túninu fyrir ofan Hólbúð [030]. Lögmannsbúð dregur nafn sitt af því að þar hafði sýslumaðurinn á Ingjaldshóli jafnan útróðrarmenn sína." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 1

SN-125:033 heimild um bústað

"Gufuskálabærinn, sem nú er, var áður nefndur Útvegsbær [001] og fylgdu honum fyrrnefndar búðir [Hólbúð 030, Einarsbúð 031, Lögmannsbúð 032] og ein betur," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2

SN-125:034 Jóhannsbúð heimild um bústað

"Svonefndur Heimabær [003] stóð ofar og innar heldur en Útvegsbær [001], og fylgdu honum einnig fjórar búðir og sér fyrir tveim þeirra ennþá, er kallast Jóhannsbúð og Suma[r]liðabúð [035]." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2

SN-125:035 Sumarliðabær heimild um bústað

"Svonefndur Heimabær [003] stór ofar og innar heldur en Útvegsbær [001], og fylgdu honum einnig fjórar búðir og sér fyrir tveim þeirra ennþá, er kallast Jóhannsbúð [034] og Suma[r]liðabúð." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2

SN-125:036 heimild um bústað

"Svonefndur Heimabær [003] stór ofar og innar heldur en Útvegsbær [001], og fylgdu honum einnig fjórar búðir og sér fyrir tveim þeirra ennþá, er kallast Jóhannsbúð [034] og Suma[r]liðabúð [035]." Staðsetning þurrabúðanna er ekki þekkt og því ekki hægt að staðsetja þær með innan við 50 m skekkju. Af heimildinni að dæma sjást þær ekki lengur en ekki er ljóst hvers vegna.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2

SN-125:037 heimild um bústað

"Svonefndur Heimabær [003] stór ofar og innar heldur en Útvegsbær [001], og fylgdu honum einnig fjórar búðir og sér fyrir tveim þeirra ennþá, er kallast Jóhannsbúð [034] og Suma[r]liðabúð [035]." Staðsetning þurrabúðanna er ekki þekkt og því ekki hægt að staðsetja þær með innan við 50 m skekkju. Af heimildinni að dæma sjást þær ekki lengur en ekki er ljóst hvers vegna.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2

SN-125:038 heimild um draug

64°54.154N 23°56.384V

"Þrjátíu drauga saga. Sigurður frá Geitareyjum var skyggn maður og ófælinn, enda vissi hann margt um drauga og afturgöngur. Hann reri marga vetur á Hellissandi og stundaði jafnan tófuveiðar í landlegum. Þegar þessi saga gerðist, var í sömu búð og Sigurður karl einn framsýnn er varaði hann við að liggja nokkuru sinni í Gufuskálafjöru. Var því Sigurði enn meiri forvitni á að vita, hvað við lægi, og fer þangað eitt kvöld. Nú liggur hann í fjörunni fram að miðnætti og sér ekkert til fanga og snýr þá heim. En er hann er skammt kominn, finnst honum fara að fjölga í kringum sig. Losnaði þá annar skór hans, og varð honum erfitt um gönguna, því að hann vildi ógjarn setjast niður, eins og á stóð. Bráðlega kemur hann að kletti einum, er hann styðst við meðan hann bindur skóinn. Kastaði hann á meðan tölu á draugana, og töldust honum þeir vera að minnsta kosti þrjátíu. Segir svo ekki af ferðum hans, fyrr en hann er kominn um miðja vega. Þar mætir hann tveimur mönnum, er verið höfðu til veiða á öðrum stað. Slógust þá óðar tveir úr hópnum til þeirra. Ekkert sáu þeir af fylgdarliði Sigurðar, en kölluðu til hans að koma með sér, kváðu hann fara villtan og skyldi hann því til tryggingar fylgja sér eftir. Breyttu þeir þá stefnu beint á Snæfellsjökul. Sigurður skilur, hvað um er að vera, færir undan með góðum orðum og kvaðst ætla að liggja hér um stund og vita hvort dýr bæri að. Láta þeir sér það lynda og halda stefnu á jökulinn með fylgjurum sínum. En aðalhersveitin fylgdi Sigurði. Heldur hann svo heim. En er hann kemur í brekku þá, sem næst er búðum, snýr allur hópurinn til baka, en Sigurður heldur til búðar. Þegar hann er nærri kominn að búðardyrnum, kemur gamli maðurinn og segir: "Ekki gaztu hlýtt því, sem eg bað þig um, að fara ekki í Gufuskálafjöru, því að vel sá eg fylgdarlið þitt, er skildi við þig í brekkubarðinu." [...] En það er af hinum að segja, að þeir koma ekki heim um nóttina. En í lýsingu um morguninn þekkja þeir sig og eru þá komnir upp undir Bárðarkistu, sem er fell neðarlega í Snæfellsjökli og margir þekkja. Rann þá af þeim villa sú, er þeir höfðu verið í alla nóttina, og komust þeir heim heilu og höldnu." Gufuskálafjara er um 130 m norðvestan við bæ 001. Fjaran er mjög grýtt að stórum hluta norðaustan við búðir 058 en þar er einnig sandfjara á kafla.


Heimildir: Gráskinna hin meiri I, 254-255

SN-125:039 Stekkjartröð tóft+garðlag stekkur

64°53.961N 23°55.821V

"Fyrir ofan túnið, upp við hraunið, er stór tröð, sem nefnd er Stekkjartröð." Stekkjartröð er stórt gerði með tóftum fast norðan við brún Bæjarhrauns um 380 m suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á flatlendi með hraunhólum og klettum hér og hvar. Gamall, gróinn lækjarfarvegur liggur í gegnum svæðið frá austri til norðvesturs.



Gerðið afmarkar svæðið sem er um 115x50 m að stærð og snýr austur-vestur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Innan gerðisins B er ein greinileg tóft A, þúst E, gerði F, gerði G, veggur C og þúst D. Meðfram hraunbrúninni eru hleðslur gerðisins úr stórgrýti og minna grjóti og meðfram vestur- og austurhlið þess. Gróinn og breiður garður er meðfram norðurhlið gerðisins. Þar er hann 1,5-2 m á breidd og 1-1,2 m á hæð utanmáls. Stekkjartóft A, gerði F og þúst E eru í austurenda gerðis B. Tóft A er torf- og grjóthlaðin og skiptist í fimm hól. Tóftin er um 11x12 m að stærð og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Greinilegri og líklega yngri hluti tóftarinnar er í suðvesturenda. Þar eru þrjú hól hvert upp af öðru. Hólf I er suðaustast þeirra. Það er um 1,5x4 m að innanmáli og er op á því til suðausturs. Hólf II er fast norðvestan við hólf I, er um 1x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og er op á því til suðvesturs. Þetta hólf er hæsti hluti tóftarinnar eða 1,2 m á hæð. Hólf III



Á vinstri mynd er stekkjartóft 039A, horft til ASA. Á hægri mynd er gerði 039F, horft til vesturs

er norðvestan við hólf II. Það er lítið og innanmál þess illgreinanlegt vegna stórþýfis en það virðist vera 1x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur hólfsins eru lágar og ekki sést skýrt op á því. Ógreinilegt,

grjóthlaðið hól IV er fast norðaustan við hól I. Það er um 1,2x1,3 m að innanmáli og er op á því til norðvesturs. Hól V er norðaustast í tóftinni. Það er um 2x4 m að innanmáli, snýr ASA/VNV og er op á því til SSV. Veggur tengir þetta hól við suðvesturhluta tóftarinnar (hólf I-III) sem virðist mun yngri en norðausturhlutinn (hólf IV og V). Hleðslur í hólum IV og V eru hæstar um 0,5 m. Þúst E er fast sunnan við tóft A. Hún er um 4 m í þvermál og 0,7 m á hæð. Þústin er hlaupin í þúfur og ekki er hægt að greina hól í henni. Gerði F er áfast innanverðu gerði B, fast suðaustan við tóft A og austan við þúst E. Það er grjóthlaðið upp við brún Bæjarhrauns. Gerðið er um 6x8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til vesturs. Hleðslur í gerðinu eru 0,5-1 m á breidd og 0,6 m á hæð. Í hleðslum sjást 2-3 umför. Meintur veggur C er um 70 m norðvestan við tóft A og er áfastur innanverðu gerði B. Veggurinn er um 3 m á lengd, 0,4 m á hæð og snýr SSA-NNV. Lítil, þríhyrningslaga hola er fast ANA við meintan vegg. Hún er um 0,7x0,7 m að innanmáli og 0,5 m á dýpt. Holan er í gamla lækjarfarveginum. Hún er gróin en í henni sést í einn stein. Ef til vill eru þetta leifar af brunni. Þúst D er um 50 m vestan við tóft A. Hún er um 10x8 m að stærð, snýr VNV-ASA. SSV-hlið hennar er mest afgerandi, er um 1 m á hæð og allbrött. Þústin er flöt að ofan og sker sig úr umhverfinu því á henni vex gróskumeira gras en umhverfis hana. Gerði G er í innanverðu suðvesturhorni gerðis B. Það er um 22x12 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Ekki er hlaðinn veggur meðfram SSA-hlið þess sem snýr að Bæjarhrauni og brún hraunsins afmarkar gerðið á þeirri hlið. Á NNA-hlið er gróinn, hlaðinn veggur að hluta en að hluta er aðeins einföld röð stórra steina.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2

SN-125:040 Hliðartröð tóft

64°53.917N 23°55.589V



Á vinstri mynd er tóft 040B, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er gerði 040A. Næst vegi er grænn blettur í viki inn í hraunbrúnina og þar kann að hafa verið gerði það sem Hliðartröð dró nafn sitt af



"Þar innar og ofar [en Stekkjartröð sjá 039] er hlið í gegnum hraunið, og kallast það Hliðartröð." Stórt, grjóthlaðið gerði og lítil tóft eru um 150 m suðaustan við Stekkjartröð 039 og um 620 m suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru fast norðaustan við malarveg sem liggur um mjótt skarð á milli Bæjarhrauns og Bekkjarhrauns. Minjarnar eru á svæði sem er um 75x35 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Gerði A er grjóthlaðið. Að sögn heimildarmanns, Sæmundar Kristjánssonar, var gerðið hlaðið í kringum 1970 umhverfis gróna laut í hraunjaðrinum og var gerð tilraun til að planta trjám innan gerðisins en þau náðu sér ekki á strik. Ekki er ljóst hvort gerði hafi verið í Hliðartröð áður þó að nafnið bendi til þess, sbr. Stekkjartröð 039 og Nautatröð 041. Gerðið sem hlaðið var í kringum 1970

er um 70x35 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Veggir þess eru einfaldir á breiddina og allt að 1,5 m á hæð. Grjóthlaðnar tröppur liggja frá vestri til ASA ofan í lautina sem það afmarkar. Fast við malarveginn er flatlent vik inn í vesturjaðar Bekkjarhrauns. Ekki er ólíklegt að þar séu leifar eldra gerði, Hliðartröð, sem nú er hluti af gerði A sem gert var í kringum 1970. Flatlendið í vikinu er um 15x12 m að innanmáli, snýr austur-vestur.

Ekki er sýnilegur veggur til vesturs. Til austurs er lág hraunbrún og til suðurs er einnig hraunbrún, heldur hærri. Um fjórum metrum sunnan við þá brún er hlaðinn veggur. Neðst í honum er stórt grjót sem gæti verið hluti af eldri vegg og þar ofan á er einföld hleðsla minna grjóts sem tengist hleðslum í gerðinu frá um 1970. Hlaðinn veggur er til norðurs. Um 6 m VNV við gerðið er lítil tóft fast suðvestan við hraunjaðarinn. Hún er um 5x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Í veggjum hennar eru stórir jarðfastir steinar í hrauninu. Mesta hæð tóftar er um 0,4 m og sjást tvö umför hleðslu. Tóftin er gróin að hluta. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2

SN-125:041 Nautatröð gerði rétt

64°54.324N 23°54.980V



Nautatröð 041, horft til NNV á vinstri mynd og til SSA á hægri mynd

"Nokkuð langt fyrir innan Hliðartöð [040] er Nautatröð, og gengur hún upp í hraunið, en fyrir neðan hana liggur vegurinn til Sands [631:002]." Líklegt er að Nautatröð sé um 1 km austan við bæ 001 í stóru viki inn í hraunbrúnina meðfram Útnesvegi 574 sem liggur í gegnum jörðina.

Innan viksins inn í hraunið er fremur flatlent en mikið um ójöfnur. Grasgefið og skjólgott er innan þess. Melgresi er farið að skjóta rótum við veginn.

Gerðið er í suðurhorni viksins þar sem hraunbrúnin er hæst. Það er um 40 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er það um 15 m á breidd en í norðvesturenda er það um 8 m á breidd. Innan gerðisins eru margar lægðir og þústir og þar er bæði laust grjót og mögulegar hleðslur sem erfitt er að henda reiður á. Náttúrulegur hóll myndar að hluta vegginn innst á norðausturhlíð. Möguleg tóft er við norðvesturenda hólins þar sem gerðið mjókkar. Þar virðist vera hólf sem er um 2x2 m að innanmáli. Það er mjög óljóst og er mögulega náttúrumyndun. Veggir gerðisins eru mjög signir og eru líklega torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru 2-3 m á breidd og 0,7 m á hæð. Mögulega hefur gerðið náð lengra til norðvestur að vegi en svæðið er raskað vegna vegagerðar og sést illa vegna melgresis.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2



Á vinstri mynd er garður 042A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er tóft 042B, horft til NNV

SN-125:042 tóft herslubyrgi

64°53.896N 23°55.626V

Grjóthlaðin tóft og garður sem liggur í L eru um 12 m suðvestan við tóft 043, um 40 m suðvestan við minjar í Hliðartröð 040 og um 625 m suðaustan við bæ 001.


Minjarnar eru í mosagrónu hrauni, í vesturjaðri Bæjarhrauns.

Minjarnar eru á svæði sem er um 30x14 og snýr NNV-SSA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Nyrst á svæðinu er grjótagarður A, hann afmarkar svæði sem er um 14x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mesta hæð garðsins er um 0,6 m og sjást 4-6 umför. Um 6 m löng eyða er í garðhleðsluna á u.þ.b. miðri VSV-hlið. Garðurinn er fast norðvestan við tvískipta, grjóthlaðna tóft B sem er um 8x6 m að stærð og snýr VSV-ANA. Tóftin er breiðust í VSV enda og mjókkar lítillega til ANA. Hólf I í VSV enda er um 4x2 m að innanmáli og hólf II í ANA enda er um 3x2 m að innanmáli. Bæði hólfín snúa NNV-SSA. Hleðslur eru hæstar um 0,5 m, sjást 3-4 umför. Afar líklegt er að minjarnar tengist fiskþurrkun.

Hættumat: engin hætta

SN-125:043 tóft

64°53.901N 23°55.611V



Tóft 043, horft til suðurs

Tóft er um 40 m sunnan við tóft 040B, um 10 m austan við tóft og garð 042 og um 630 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er hlaðin upp við austurjaðar Bæjarhrauns í skarði á milli Bæjarhrauns og Bekkjarhrauns, vestan við malarveg.

Tóftin er um 6x3 m að stærð, snýr norður-suður. Hún er einföld og líklega hefur

verið op

á henni til norðurs en þar er veggurinn ógreinilegur og lágur en það finnst fyrir grjóti í honum og sést móta fyrir því. Meðfram hraunbrúninni er lágur stallur sem er 0,3-0,5 m á hæð. Tóftin er hlaðin þar ofan á og ýkir það veggjahæð til austurs en þar eru hleðslur með stalli um 1 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SN-125:044 þúst skotbyrgi

64°53.592N 23°57.840V

"Upp af Malarbyrgi [057] heitir Smáhraun. Neðanverðu við Malarbyrgi er Hellumúli, og fyrir utan hann er graslendi nokkurt allsteinótt, nefnt Töglín. Var þar skothús og gildirur [045] til þess að veiða tófur í, og sér enn fyrir rústum



Þúst 044, horft til vesturs

hússins," segir í örnefnaskrá. Grjótpúst með gróður- og jarðvegsleifum er uppi á fjörubrun, um 330 m norðaustan við Móðuvör 046 og um 1,6 km suðvestan við bæ 001.

Á fjörubruninni er stórgrýti og sandur. Svartar klappir eru í fjöruborðinu til norðvesturs og til suðurs og suðausturs er nokkuð flatlent svæði, illa farið af uppblæstri og en gisið gras og melgresi vex á því.

Pústin er um 8x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Innan um stórgrýti í henni er smærra grjót og sandur þar sem gras og melgresi vex. Pústin er um 1 m á hæð og Mögulega er pústin náttúruleg en heimildir eru um að á þessum slóðum hafi verið skotbyrgi og kann pústin að vera leifar þess. Ekki fundust aðrar minjar á svæðinu sem gætu verið leifar af byrginu. Sjór gekk langt upp á land í ofviðri rétt fyrir áramótin 2012 og kann að hafa raskað byrginu þannig að það er illgreinanlegt.

Önnur ámóta púst er fast norðaustar en hún er síður afgerandi, sjá 045.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 3

SN-125:045 púst refagildra

64°53.596N 23°57.831V

"Upp af Malarbyrgi [057] heitir Smáhraun. Neðanverðu við Malarbyrgi er Hellumúli, og fyrir utan hann er graslendi nokkurt allsteinótt, nefnt Töglin. Var þar skothús [044] og gildir til þess að veiða tófur í, og sér enn fyrir rústum hússins." Samkvæmt Sæmundi Kristjánssyni eru refagildrurnar rétt hjá skothúsi 044 en orðnar fullar af sandi. Ekki sáust greinilegar leifar af refagildrum þar sem skothúsið var skráð eða annarsstaðar í Töglunum. Mögulega var gildra í pústinni sem er fast norðaustan við púst skotbyrgisins, um 1,6 km suðvestan við bæ 001.

Á fjörubruninni er stórgrýti og sandur. Svartar klappir eru í fjöruborðinu til norðvesturs og til suðurs og suðausturs er nokkuð flatlent svæði, illa farið af uppblæstri og en gisið gras og melgresi vex á því.

Pústin er um 0,6 m á hæð, um 5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 3

SN-125:046 Móðuvör heimild um lendingu

64°53.529N 23°58.231V

"Fyrir utan Selahellu taka við Móðurnar, og er neðst í þeim Móðuvör. Móðurnar, sem eru graslendi og góðir bithagar, ná alla leið úr Móðuvör við sjó og fram í Djúpudali, sem eru fyrir ofan og innan Stóra-Saxhól. Ársprænan, sem rennur um Móðurnar, heitir Gufuskálamóða, og er í henni jökulvatn." Í Árbók Ferðafélags Íslands 1982 segir: "Var verstöðin nokkru utar [en bærinn], þar sem heitir Móðuvör. Utan við hana er Eyvindarmelur og sér þar enn fyrir rústum búðatófta." Ekki fundust nein ummerki um mannaverk á Móðuvör sem af lýsingum að dæma hefur verið í sandvík vestan við ósa Gufuskálamóðu, um 1,9 km suðvestan við bæ 001.

Stórar klappir skipta sandvíkinni í tvennt og er allmikið öldurót í henni. Aðstæður til að lenda bátum í víkinni virðast ekki beysnar en ekki koma aðrir hentugri staðir til greina í nágrenninu.

Tilvísun í Árbók Ferðafélagsins er byggð á misskilningi og er þar Gufuskálavör 055 og Móðuvör ruglað saman.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 3; ÁFÍ 1982, 129

SN-125:047 tóft+garðlag sel

64°52.256N 23°53.337V

"Rétt fyrir neðan Rauðhól er Löngulág, og nær hún langt niður í Prestahraun. Margir hlaðnir grjótgardar liggja yfir Löngulág, og mætti halda að það hefði einhverntíma verið stór fjárrétt eða eitthvað því um líkt." Nærri ASA enda Löngulágar eru tveir grjóthlaðnir garðar sem liggja þvert á lágina og á milli þeirra eru tvær tóftir. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en líklegt er að þarna séu leifar af mjög gömlu seli. Minjarnar eru um 4,1 km suðaustan við bæ 001. Fleiri minjar eru í Löngulág en skráðar á sér númer, sjá 081, 089 og 104.

Langalág liggur í hlykkjum frá ASA til vesturs og er um 1,5 km á lengd. Hún er fremur mjó og eru háir hraunveggir sem afmarka hana til suðurs og norðurs. Láginn er nokkuð flatlend og grasgefin.


Minjarnar eru á svæði sem er um 55x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Grjótgardar afmarka svæðið til beggja enda og liggja á milli hraunveggja. Í suðvesturenda svæðisins er garðlag A. Það er um 13 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Það er víðast hrúnið en enn standa hleðslur í suðausturenda. Þar er garðurinn 0,3 m á hæð og sjást þrjú umföer hleðslu. Garðurinn er 1-2 m á breidd og er gróinn. Við norðvestan við suðausturendann á garði A er tóft C. Hún er suðaustanundir slútandi hraunvegg.



Púst 045, horft til vesturs



Á vinstri mynd er tóft 047C, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er tóft 047D, horft til austurs



Tóftin er einföld, um 6x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur eru að mestu hrunda en í norðausturenda má sjá tvö umför og eru veggir 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin er líklega grjóthlaðin en miðhluti hennar er gróinn og lyngi vaxinn. Óljóst op er á tóftinni til suðausturs. Líklega hefur tóftin gegnt hlutverki stekkjjar. Tóft D er um 25 m austan við tóft C. Hún er torf- og grjóthlaðin, sigin og gróin. Tóftin er um 11x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í þrjú hólf. Austast er hólf I, það er um 1,5x1,5 m að innanmáli, op er á því til vesturs inn í hólf II. Það er um 2x1,5 m að innanmáli snýr austur-vestur. Op er á því og út úr tóftinni til norðurs og til vesturs inn í hólf III. Það er um 2x2 m að innanmáli, óljóst op er á því til suðvesturs. Mesta hæð tóftar er um 0,5 m. Líklega er hér um seltóft að ræða. Garðlag B er um 30 m norðaustan við tóft D. Það er um 40 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Það er víðast hrunið og er um 2 m á breidd. Í norðvesturenda þess sjást hleðslur sem eru um 0,6 m á hæð og þar sjást fjögur umför.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 3

SN-125:048 Kvarnarhraun heimild um námu

64°53.553N 23°55.990V

"Síðan tekur Prestahraun við og nær frá Selum inn undir Hjallasand og niður undir feikna stóran hól, sem er

skammt ofan við Gufuskálabæinn, - er nefnist Hríshóll. [...] Utan til við Hríshól er Kvarnarhraun og segja kunnugir að það dragi nafn sitt af því, að þar hafi mátt fá kvarnarsteina," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt lýsingunni er Kvarnarhraun um 1 km sunnan við bæ 001. Þar er mosavaxið helluhraun og sjást víða í því hellur sem gætu hentað í kvarnarsteina en engin ummerki sáust um staði þar sem slíkir steinar hafa verið teknir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 3-4

SN-125:049 tóftaþyrping herslubyrgi

64°53.893N 23°56.102V

"Bæjarhraunið myndar hálfboga skammt ofan við Gufuskálatúnið og teygir sig ásamt smáhraunum heim í útskæfur túnsins. Í allri neðri röndinni á Bæjarhrauni er fiskbyrgi við fiskbyrgi, og kunnugum telst svo til, að þau hafi vart verið færri en nokkuð yfir tvö hundruð. Fiskbyrgi þessi notuðu vermenn til þess að þurrka í skreið sína eftir að hún hafði verið tekin af rám," segir í örnefnaskrá. "Uppblástur og sandfok olli miklum erfiðleikum við verkun fisks á Gufuskálum. Eftir að hann var skeljaður, varð að koma honum öllum fyrir í fiskbyrgjum fjarri verstöðinni. Þau sjást enn í hrauninu upp af Gufuskálum. Hvergi eru eins miklar vergagnaleifar sem þar, og gætu að mestu leyti verið frá 15. öld," segir í Íslenskum sjávarhátum II. "Í Bæjarhrauni á Gufuskálum er fjöldi bygja byggðra úr hraungrýti og eru þau á nokkuð stóru svæði. Sumarið 1985 tóku þeir sig til Skúli Alexandersson, Smári Lúðvíksson og Sæmundur Kristjánsson, og töldu byrgin í Bæjarhrauni, reyndust þau vera 134, en aðeins tólf þeirra heil. Eftir þetta hafa þeir athugað önnur svæði, aðallega neðan Þjóðvegarsins og séð þar ummerki fjölda bygja, svo að alls gætu fiskbyrgin á Gufuskálum hafa verið um 200," segir í bókinni Undir bláum sólarsali I. Svæðið sem fiskbyrgin eru á er um 440 m sunnan við bæ 001.

Fiskbyrgin eru uppi á gróinni hraunbrún.



Eitt af fjölmörgum fiskbyrgjum 049, horft til suðurs

FRÍDLÝSTAR MINJAR: "Öll fiskbyrgin (fjöldi óviss) í Bæjarhrauni hjá Gufuskálum." Lilja Björk Pálsdóttir fornleifafræðingur gerði rannsókn á fiskbyrgjunum á Gufuskálum árið 2009 en í henni fólst m.a. að kanna fjölda, gerð, ástand og dreifingu þeirra. Hún skráði 153 byrgi og voru þau í mjög misjöfnu ástandi. Mörg þeirra voru hrúnin og gróin en enn standa örfá byrgi heil. Eitt þeirra er Bóndabyrgi og liggur göngustígur að því fyrir ferðafólk og áhugasama. Byrgin eru á svæði sem er um 970x230 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Langflest byrgin eru í Bæjarhrauni á svæði sem er um 650x230 m að stærð en örfá byrgi, sjö talsins, eru í Bekkjarhrauni, norðaustan við Bæjarhraun. Engin byrgi voru skráð neðan við veg norðvestan við Bæjarhraun þó að þar sé mikill fjöldi annarra minja. Fyrir

nánari upplýsingar um fiskbyrgin vísast til skýrslu Lilju en rannsóknin er einstaklingsverkefni, unnið sem hluti af meistaranámi í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 4; ÍS II, 48; Undir bláum sólarsali I, 87; ÁG: Friðlýsingaskrá, 26; LBP Fiskbyrgin á Gufuskálum

SN-125:050 heimild um heygarð


Í skrá um landamerki Hraunskarðs og Gufuskála segir: "Hraunskierdingar eigu netlaug aa skiertanga þann er liggur firi austan seliatiaurnn. þeir eigu oc jtak j Gufuskala land. Beit lxxxm gamalla sauda, oc suo nautum sijnum, oc heimillt ad fie renne um alltt land. Hraunskardzmenn eigu ad giæta fiar sijns vid stackagardi. [...]. Hraunskardzmenn eigu ei[g]i nattbol utar fie sijnu enn under jraklette." Stakkgarður er heygarður eða garður utan um hey. Líklega er átt við að garður þessi sé í landi Gufuskála en ekki er vitað hvar hann var og ekki reyndist ekki unnt að staðsetja hann. Náttból Hraunskerðinga virðist hafa verið breytilegt og því ósennlegt að það hafi verið hlaðið gerði í kringum það. Þó er ekki hægt að útiloka það en engar minjar fundust sem gætu verið leifar af slíku mannvirki.

Heimildir: DI III, 139-140

SN-125:051 Gerðuberg tóftaþyrping býli

64°53.148N 23°57.420V

"Milli Bæjarhrauns og Gufuskálamóðu er eyðibýlið Gerðuberg. Sér enn skýrt fyrir bæjarrústum, og virðist að þar



hafi einhverntíma verið stórt býli," segir í örnefnaskrá. Í sömu heimild segir: "Nokkuð langt ofan við Gufuskálabæinn, suður hjá Móðunum, eru tóttir, sem kallaðar eru Írskubúðir. Munnmælasagnir herma að írskir skipbrotsmenn hafi byggt búðir þessar og haft þar vetursetu. Sagnir þessar styðjast ekki við neitt, og mun með öllu ókunnugt hvernig á nafni þessu stendur, nema ef það mætti setjast í samband við þræla Ketils gufu." Samkvæmt örnefnaskrá virðist eyðibýlið Gerðuberg og Írskubúðir vera á svipuðum stað, Gerðubergsrústir uppi á samnefndu Gerðubergi og Írskubúðir vestar, vestan við Gerðubergið. Þessar minjar eru skráðar sem ein minjaheild. Árin 1996 og 1999 gróf Bjarni F. Einarsson þrífuskurði í nokkrar tóftir vestast á svæðinu og í niðurstöðukafla skýrslu um rannsóknina frá árinu 2000 kemur fram að Gerðuberg/Írskubúðir séu landnámsbýli sem hafi farið í eyði á 10. öld. Hér eftir verður nafnið Gerðuberg notað um minjarnar en líkur eru til þess að nafnið Írskubúðir hafi upphaflega átt við aðrar tóftir, mögulega fiskbyrgin. Elsta heimild um Írskubýrgi er frá 1799, frásögn Jakobs Plums af því þegar skip hans strandaði í Skarðsvík árið 1796. Hann og áhöfn skipsins leituðu skjóls í þaklausri byggingu úr svörtu hraungrýti sem þeir reftu yfir. Í skýrslu um fornleifarannsókn í Gerðubergsrústum/Írskubúðum stingur Bjarni F. Einarsson upp á því að lýsing Plums á byggingunni geti átt við Malarbyrgi 057 eða fiskbyrgin 049. Lýsing Plums á tóftinni getur ekki átt við Malarbyrgi en líklegt er að hún eigi við fiskbyrgi. Næsta heimild um Írskubúðir er að finna í Frásögum um fornaldarleifar frá 1817: "Alldrey hefi eg heyrt getid um ad her ur jördu hafi nockrar fornaldar leifar verid uppgrafnar, nema ef geta skal um ur sokölludum Jrskubúðum fyrir sunnann Raudhól, hvar menn hafa fundid Leirkrús, og mjög digra tóbakspipu leggi; er þo sögn ad þessar leifar seu eftir Jrska kaupmenn, adur land byggdist af Nordmönnum." Hér eru

Írskubúðir sagðar sunnan við Rauðhól en Rauðhóll er nánast syðst í landi Gufuskála og engar þekktar minjar sunnan við hann. Sel 121 er hins vegar fast vestan við Rauðhól. Gripirnir sem sagðir eru hafa fundist í Írskubúðum benda til þess að þær hafi verið í notkun á 17. öld eða síðar en ekki á landnámsöld og því sennilegt að þeir hafi fundist í fiskbyrgjum sem talin eru hafa verið í notkun frá miðöldum eða síðar. Jónas Hallgrímsson fjallar um Írskubúðir í dagbók sinni frá 1841 og er þar greinilega að fjalla um landnámsbýlið Gerðuberg. Þegar þarna er komið við sögu hefur Írskubúða-örnefnið færst af fiskbyrgjunum á þessar tóftir. Brynjúlfur Jónsson fjallar um Gerðubergs-rústirnar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1900 og í henni er nafnið fyrst notað um þær í þekktum heimildum. Minjar um býlið Gerðuberg eru um 1,9 km suðvestan við bæ 001 og um 200 m austan við kuml 060 á Hákonarhóli.



Á vinstri mynd er skálatóft 051A, horft til VNV. Á hægri mynd er tóft 051O, horft til norðausturs.

Minjarnar eru á mosa- og grasivöxnu svæði uppi á Gerðubergi og vestan í því þar sem er stórþýfður mói. Á nokkrum stöðum á túnstæðinu eru gróðurlausir flákar. Gróðurlítill melur er sunnan og vestan við býlið þar sem var gerður flugvöllur árið 1946 og hélt Flugfélag Íslands hf. uppi áætlanaflogi þar í rúman áratug. **FRÍÐLÝSTAR MINJAR:** "Gerðubergsrústir, skamt suður frá bænum, á lágrí klettabrún." Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbókinni árið 1900 segir: "Gerðuberg. Skamt suður frá Gufuskálum kemur klettabrún fram undan hrauninu á einum stað og liggur hér um bil frá norðri til suðurs. Hraun gengur fram á hana, en neðan undir henni hefir verið lægð allbreið, sem nú er full af hraunmöl, er leysingavatn hefir borið fram og ber árlega. Það er kallað "móða" - og eru fleiri slíkar "móður" vestan undir Jökli. "Móða" þessi, eða skriðurensli, kemur fyrst ofan úr fjalli til vesturs, en beygir til norðurs fyrir neðan áður nefnda brún, og þó eigi fast við klettana, því brúnin nær lengra suður og er þar afhallandi grasbrekka. Í grasbrekkunni eru rústir nokkurar, og eru tvær stærstar, með miðgafli og dyrum á vestur-hlið. Veggir eru allir orðnir að þúfnaröðum. Næsta tóftin er upp frá bergsendanum. Hún sést eigi nema á henni. Þessi eyðibær er nefndur Gerðuberg, og svo heitir bergið enn. Um tildrög þess nafns er engin sögn. Litlu fyrir sunnan túnstæðið kemur bergið lítið eitt í ljós aftur og er þúfnabarð þar ofan á. Það heitir Hákonarhóll. Er sagt að Hákon, bóndi á Gerðubergi, hafi hitt írskt skip á sjó, komist í erjur við skipsmenn og dregið einn þeirra, flúið síðan í land, en þeir elt hann á báti, náð honum skamt frá bænum og dregið hann, og sé Hákonarhóll haugur hans (eða leifar af honum). Það er og sagt, að á sínum tíma hafi Gerðuberg verið höfuðból Gufuskálatorfunnar." Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar frá 1997 um fornleifarannsókn á staðnum segir: "Árið 1989 skráði Guðmundur Ólafsson [...]rústirnar að Írskubúðum. hann skráir í stórum dráttum sömu rústir og undirritaður. Þó sér hann fleiri rústir á megin rústasvæðinu, en þær sé ég með engu móti og sleppi þeim því. [...] Í Fornleifaskrá Snæfellsbæjar eru 17 rústir skráðar við Írskubúðir, þar af má ætla að 11 rústir séu samtíða býlinu en aðrar rústir tilheyri yngri tímum og nýtingu annarra bæja á landinu." Minjarnar eru á svæði sem er um 330x220 og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Á svæðinu eru 14 tóftir, tveir brunnar, tvö garðlög, tvær þústir, eitt gerði og ein hleðsla. Alls 22 mannvirki. Túnstæðið hefur að líkindum verið um 300x120 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er víst að túnið hafi náð svo langt til norðausturs eins og hér er gert ráð fyrir því þar er gróður fremur rýr og jarðvegur grunnur. Tóft A er er norðvestast á u.þ.b. miðju svæðinu. Hún er um 22x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er mjög hlaupin í þúfur og er innri brún veggja nánast það eina sem sést glögglega. Í tóftinni sést eitt stórt hól sem er um 15x2 m að innanmáli. Veggir eru útflattir, 0,2 m á hæð. Prufuskurðir voru gerðir í tóftina 1996 og 1999 og eru niðurstöður þeirrar rannsóknar að tóftin sé skálarúst frá landnámsöld. Veggir tóftarinnar reyndust vera hlaðnir úr torfi. Nokkrir gripir fundust í skurðunum, m.a. klébergsbrot. Annar prufuskurðurinn var í gegnum tóftina miðja og kom inngangur í ljós á u.þ.b. miðjum suðvesturlangvegg. Óljóst op virðist vera í suðausturenda tóftarinnar. Tóft B er um 5 m sunnan við tóft A. Hún er mjög ógreinileg og er hlaupin í þúfur. Tóftin er um 6x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er alveg gróin og ekkert sést í hleðslur. Veggjahæð er 0,2-0,3 m, innri brúnir

ógreinilegar. Aðeins sést eitt hól í tóftinni. Ógreinilegt op er á tóftinni til suðausturs. Prufuskurður var gerður í tóftina árið 1999 sem var 0,5x0,5 m að stærð. Í honum fundust viðarkolarmolar, leifar af gólfi, hraunhellur, vikursteinar og soðsteinar. Tóft C er um 12 m sunnan við tóft B. Hún er um 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvesturendi tóftarinnar er nokkuð óskýr og lægri en suðausturendi tóftarinnar og er líklegt að op hafi verið á tóftinni í þeim enda. Óljóst sést móta fyrir einu hólfi í tóftinni sem er mjög hlaupin í þúfur. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóft D er um 28 m sunnan við tóft C. Hún er um 3x3 m að stærð, er einföld og hlaupin í þúfur. Innanmál hennar er allskýrt. Op er á henni til norðausturs en á þeirri virðist ekki hafa verið hlaðinn veggur. Stórþýft er allt í kringum tóftina og kann hún að vera stærri en hægt er að greina á yfirborði. Mesta hæð tóftarinnar er 0,3 m.



Á vinstri mynd er tóft 051H, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er tóft 051I, horft til suðvesturs

Tóft E er um 16 m suðvestan við tóft D. Hún er um 20x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist í þrjú hólfi. Greinilegasta hólfið, hólfi I, er í suðvesturenda. Það er um 1x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýrt op á því. Hólfi II er þar norðaustan við. Það er nokkuð óljóst en er um 8x4 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki er skýrt op á því. Hólfi III er í norðausturenda og er það um 2x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er skýrt op á því. Á milli hólfa II og III er óljóst hólfi eða göng IV sem er um 4x0,5 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Op er á því til norðvesturs. Mesta hæð tóftar er um 0,5 m. Tóft F er um 2 m norðvestan við tóft E. Tóftin er tvískipt, er um 10x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfi I er í norðausturenda tóftarinnar. Það er um 2,5x2,5 m að innanmáli. Líklega er op á því til suðvesturs inn í hólfi II en einnig virðist vera op á því til norðvesturs út úr tóftinni. Hólfi II er óreglulegt að lögun, u.þ.b. 2x2 m að innanmáli. Norðvesturveggur tóftarinnar er ógreinilegri en aðrir veggir. Mesta hæð tóftarinnar er um 0,5 m. Hún er gróin og hlaupin í þúfur. Tóft G er um 2 m norðvestan við tóft F. Hún er um 10x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Eitt hólfi er greinanlegt í tóftinni og líklega er op á henni til norðvesturs. Mesta hleðsluhæð er 0,5 m og er hún hlaupin í þúfur. Tóftir E og F eru mun grösugri en tóft G.

Tóft H er 50 m sunnan við tóft E, fast norðaustan undir apalhraunsbrún í skorningi á milli hrauns og túnsásnum. Er gróin og sigin, líklega eingöngu grjóthlaðin. Tóftin er um 3x6 m að stærð, einföld, snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Ekki sést skýrt op á henni. Tóft I er um 25 m suðaustan við tóft H. Hún er um 8x3 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Hún er grjóthlaðin og gróin í norðausturenda. Tóftinni hallar lítillega til norðausturs. Hún er hlaðin inn í vik í apalhrauni við túnjaðar. Tóftin virðist vera einföld og op hefur líklega verið á henni til norðausturs. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m. Ekki sést fjöldi umfara. Tóftin breikkar í suðvesturenda og kann að hafa verið skipting milli hólfa þar sem hún byrjar að breikka þó að það sjáist ekki greinilega. Líklega er tóftin af kvíum.

Um 3 m austan við tóft I eru þrjú mannvirki þétt saman, skráð undir einum bókstaf. Minjarnar eru á svæði sem er um 12x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda er tóft Ji sem er grjóthlaðin, um 4x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er gróin og hleðslur hrundar og hlaupnar í þúfur en grjót finnst undir sverði í veggjum og sést í suðurvegg tóftarinnar. Vesturhlið tóftarinnar er óljós. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m nema í suðurvegg þar sem einföld röð grjóts er ofan á jarðföstu hraungrýti. Þar er veggjahæð innanmáls um 0,5 m. Ekki er skýrt op á tóftinni. Fast vestan við Ji er Jii, gróin tóft. Í henni er grjót en óvíst hvort torf er í veggjum. Hún er hlaðin meðfram hraunbrún, er um 0,5x2 m að stærð innanmáls og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er skýrt op á henni. Hraunbrúnin myndar vegg til suðausturs. Þar fast sunnan við er tóft Jiii. Grjóthleðsla er meðfram norðvesturhlið hennar en aðrar hliðar virðast náttúrulegar. Er um 2,5x1 m innanmáls, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést skýrt op. Mesta hæð hleðslu er 0,3 m en hún er að mestu hrúin og mosagróin. Allar þessar minjar eru hlaðnar utan í og á hraunbrún við túnjaðar. Hlutverk þessara tófta er óþekkt.

Brunnur K er um 160 m suðaustan við skálatóft A og um 75 m austan við tóft J. Hann er um 3x3 m að innanmáli, ferkantaður. Stór hraunklettur er við suðurhlið brunnsins og norðan við hann, á milli kletts og brunns,



Á vinstri mynd er tóft 051V, horft til austurs. Á hægri mynd er brunnur 051K, horft til vesturs.

er grjóthrun eða hrunin hleðsla. Grjóthleðslur eru í innanverðum brunninum en hleðslur eru signar og grónar á vesturhlið og í norðvesturhorni. Hleðslur sjást ofan í botn á suðurhlið. Vatn er í brunninum. Brunnurinn er alls um 1,5 m á dýpt en vatnið var um 1 m á dýpt þegar hann var skoðaður á vettvangi.

Mögulega er annar brunnur L fast sunnan við brunn K en hann kann að vera náttúrumyndun. Meintur brunnur er um 2x3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hann er um 0,7 m á dýpt. Það virðist hafa verið hlaðið með innanverðum hliðum hans en að sumu leyti eru hliðar hans sennilega jarðfast hraun.

Ógreinilegt garðlag M er við tjörn um 50 m suðaustan við brunn L. Það er grjóthlaðið og gróið. Garðlagið liggur nálega norður-suður, yfir lænu sem rennur til V(NV) úr tjörninni. Garðurinn er um 12 m á lengd, 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð, útflattur. Þar sem lænan rennur yfir garðinn sést í grjót í honum. Mögulega hefur garðurinn verið hlaðinn til að hindra vatnsrennsli úr tjörninni í þurkatið. Garðlag N sést fyrst um 15 m norðaustan við brunn K. Hann liggur eftir brún apalhrauns þar sem það mætir þýfðu túni. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti og liggur í hlykkjum norður-suður. Hann er 0,5-1 m á breidd. Hleðslur eru víðast hrundar en hæstar eru þær um 0,5 m og mest sjást 3 umför. Óvíst er um aldur garðsins er líklegt verður að teljast að hér sé um túngarð að ræða. Tóft O er um 100 m ANA við tóft A og um 25 m norðvestan við gerði V. Hún er um 17x12 m að stærð. Tóftin skiptist í fjögur hólfa og snýr norðaustur-suðvestur. Stærsta hólfið I er í suðvesturenda tóftarinnar og er um 9x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er sjáanlegt op á því. Innanverður norðausturveggur hólfsins er hæsti hluti tóftarinnar, um 1 m á hæð. Hólf II er fast norðaustan við hólfa I. Það er um 2x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega var op á því til norðausturs. Hólf III er norðvestanvert við mitt hólfa I. Það er um 2,5x1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op á því. Hólf IV er við utanvert austurhorn tóftarinnar. Það er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Óljóst op er til norðausturs. Mesta hæð tóftar er 1 m eins og áður er getið en víðast er mesta hæð um 0,5 m. Þrískipt, grjóthlaðin tóft P er um 160 m norðaustan við tóft A. Tóftin er útflött, er 0,1-0,2 m á hæð. Hún er um 19x6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda er hólfa I sem er um 3x3 m að innanmáli. Það mjókkar til norðvesturs og er trapisulaga. Suðaustan við hólfa I er hólfa II sem er um 4x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Þar suðaustan við er hólfa III sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki sjást nein op inn í tóftina eða á milli hólfa. Tóftinni hallar lítillega til suðausturs í hólfa III. Á mörkum hólfa II og III er stórt bjarg sem notað er í veggjahleðslur á suðvesturlangvegg.

Grjótþúst Q er um 45 m suðvestan við tóft P. Hún er mosagróin, um 5x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er hæst um 0,5 m í suðvesturenda þar sem sést í klett og grjót. Um 1 m suðvestan við þústina er lítill klettur en ekki er að sjá að það sé samband milli klettsins og þústarinnar. Tóft R er um 35 m suðvestan við tóft O og um 60 m austan við tóft A. Tóftin er um 20x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í yngri fjárborg í suðausturhluta og eldri tóft sem sést í norðvesturhluta. Fjárborgin virðist vera grjóthlaðin en hún er gróin og ekki sést fjöldi umfara. Hún er um 8 m í þvermál og er einföld. Samansigið op er á henni til norðvesturs. Mesta hleðsluhæð fjárborgarinnar um 0,6 m. Sá hluti eldri tóftarinnar sem enn sést er um 10x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í honum sjást tvö hólfa. Hólf I er næst fjárborg. Það er um 4x4 m að innanmáli, mjókkar lítillega til norðvesturs. Ekki sést op á því. Hólf II er þar norðvestan við. Það er um 2x2,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er skýrt op á því. Mesta hleðsluhæð þessa hluta tóftarinnar er um 0,6 m í norðvesturenda og eru veggir hlaupnir í þúfur. Meint tóft S er um 30 m norðaustan við tóft D í halla norðvesturs. Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tvö hólfa eru greinanleg í henni. Hólf I er í suðausturenda. Það er um 2x2 m að innanmáli. Ekki er op sýnilegt á því. Hólf II er í norðvesturenda. Það er um 1,5x0,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðvesturs og út úr tóftinni. Norðan við opið á hólfa II er stór steinn. Tóftin sker sig mjög lítið frá þýfinu og ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að

ræða.

Grjótpúst T er um 45 m austan við tóft O og um 50 m suðaustan við þúst Q. Þústin er um 2x1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,4 m á hæð. Hlutverk þústarinnar er ekki ljóst en mögulega er hún leifar af smalabyrgi, refagildru eða vörðu. Hleðsla/byrgi U er á hraunbrún rétt eftir að komið er upp á Gerðubergið frá



Á vinstri mynd er tóft 051R, horft til suðausturs. Á hægri mynd er tóft 051P, horft til suðausturs

bílastæði neðan við það. Hún er um 50 m norðaustan við tóft P. Þar er búið að hlaða hraungrýti suðvestan við hraundrang en hleðslur virðast vera hrundar. Með hraundrangi er mannvirkið um 2x2 m að stærð og 1 m á hæð. Inn á milli steina er beinadreif. Þetta gætu verið leifar af skotbyrgi eða refagildru.


Hringlaga gerði V er vestan undir hraunbrún um 25 m suðaustan við tóft O og um 20 m norðvestan við þúst T. Gerðið er um 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Það er einfalt og er um 5 m í þvermál innanmáls. Í austurhluta tóftar myndar stór og þykk hraunhella sem er upp á rönd vegg hennar. Op er á tóftinni til norðvesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóftin er líklega grjóthlaðin en er gróin og hlaupin í þúfur. Minjarnar virðast flestar mjög gamlar og hefur verið skorið úr um háan aldur tóftar A með rannsókn. Vestast á túnstæðinu er mesta stórþýfið og líklega dýpsti jarðvegurinn. Þar eru tóftir A-G og tóft S. Nokkuð gróskumikið gras vex á tóftum E og F og eru líkur til þess að þær séu yngri en elstu minjar eða hafi verið endurnýttar eftir að bærinn var yfirgefinn. Augljóst er að fjárborg hefur verið byggð ofan í eldri tóft R og eins getur verið að tóft O sé yngri en elstu minjar en hún er allgreinileg og vaxin grasi. Ljóst er að minjarnar eru ekki allar frá sama tíma en frekari rannsóknir þarf að gera á svæðinu til að átta sig betur á þróun minjastaðarins, á því hvaða minjar eru frá 10. öld og hvaða tóftir eru frá síðar tímum.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 4, 5; BFE 2000, 28; Plum 1799 úr BFE 2000; FF, 332-333; ÁG: Friðlýsingaskrá, 26; BFE 1997, 7-9

SN-125:052 þúst

64°54.024N 23°57.009V





Á vinstri mynd er þúst 052A, horft til norðurs. Á hægri mynd er þúst 052B, horft til norðurs



Mannvirki 052C, horft til norðurs

Tvær greinilegar þústir og eitt óljóst mannvirki eru á sjávarbakkanum um 60 m ANA við Malarbyrgi 057 og um 630 m VSV við bæ 001.

Minjarnar eru á grýttum en grasi grónum, flatlendum sjávarbakka.

Fornleifarnar eru á svæði sem er um 25x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Austast á svæðinu er þúst A. Hún er um 7x4 m að stærð og snýr norður-suður. Meðfram stærstum hluta vesturhliðar hennar má sjá skýra grjótröð sem markar ytri brún veggjar. Eins sjást tveir steinar í röð á miðri austurhlið. Í þústinni er gróið grjót en norðurhluti hennar er illa farinn vegna landbrots og hefur grjót borist upp á þann enda. Mesta hæð þústar er um 0,4 m. Þúst B er um 3 m norðvestan við þúst A. Hún er um 4x8 m að stærð og snýr norður-suður. Fast sunnan við þústina er svæði sem er um 3x4 m

að stærð og snýr austur-vestur. Á því eru stórir flatir steinar og er gróið á milli þeirra. Á svæðinu er líka laust grjót. Þarna kann að hafa verið stétt. Grjótraðir eru á suður- og vesturhliðum þústarinnar og stórt grjót raðast á norðurhlið hennar en óljóst er hvort það er upprunalegt eða hvort það hefur borist á land. Óljóst sést einnig móta fyrir veggjahleðslum á austurhlið. Allar hleðslur eru hrundar og ekki sést fjöldi umfara. Gróður torfa er efst í þústinni sem er að eyðast vegna ágangs sjávar. Mesta hæð þústarinnar er 0,5-0,6 m. Í báðum þessum þústum sést einstaka dýrabein. Á milli þústanna, í kverk sem myndast hefur inn í bakkann eru ryðrauðar klappir. Hlutverk þústanna er ekki þekkt en ætla má að þær tengist sjósókn og fiskvinnslu á einhvern hátt. Mannvirki C er um 10 m vestan við þúst B. Einföld, jarðlæg röð steina myndar nokkurn veginn ferhyrnt mannvirki sem er um 4x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Norður- og austurhliðar eru skýrastar. Líklega sést í klöpp innan við norðurhlið mannvirkisins. Mögulegt er að um náttúrumyndun sé að ræða en mikið sjóborið grjót er á öllu svæðinu. Hlutverk mannvirkisins er ekki þekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-125:053 tóft


64°53.491N 23°58.147V

"Fyrir utan Móðuvör er Eyvindarmelur, og sér þar fyrir rústum, niður við sjóinn. Er sýnilegt að einhverntíma hefur verið talsvert útræði[i] við Eyvindarmel." Ögreinileg tóft og þúst eru fyrir utan Móðuvör 046 en minjarnar gefa ekki til kynna "talsvert útræði" frá þessum stað þó að það kunni að hafa verið eitthvað. Bjarni F. Einarsson skráði fornleifar á völdum stöðum í þjóðgarðinum Snæfellsjökli árið 1996 og þá skráði hann fimm fornleifar við Móðuvör 046. Hann skráði Móðuvör, tóftina sem hér er skráð og þrjú meint naust sem skráningarmanni þóttu ekki nógu sannfærandi til þess að skrá þau 2013 en aðstæður kunna að hafa breyst á þeim 17 árum sem liðin eru frá því Bjarni var að skrá á svæðinu. Tóftin og þústin eru um 1,9 km suðvestan við bæ 001.

Vestan við ósa Gufuskálamóðu var gamall ruslahaugur sem hefur verið hreinsaður upp. Rask í kringum hann kann að hafa hulið eða skemmt minjar á svæðinu. Vestan við þar sem ruslahaugurinn var er Eyvindarmelur, sandi orpinn hraunmelur sem er vaxinn grasi og mel á köflum.



Á vinstri mynd er tóft 053A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er þúst 053B, horft til austurs



Minjarnar sjást á svæði sem er um 12x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturhluta svæðisins er lítil, grjóthlaðin tóft neðarlega í norðanverðum sandhól sem vaxinn er melgresi. Tóftin er einföld, um 3x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grafin inn í hólinn og hlaðið er framan við hana á norðvesturhlið. Op er á henni til norðurs. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Grjóthleðslur í veggjum eru hrundar og signar og ekki er hægt að sjá fjölda umfara. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er hún leifar af fiskbyrgi. Þúst B er um 6 m suðvestan við tóft A, uppi á sandhólnum þar sem er þéttur grasvöxtur og þýft. Þústin er um 4x4 m að stærð og um 0,4 m á hæð. Lögun hennar er nokkuð óregluleg en skýr lína er meðfram vesturhlið hennar. Þar er mjó og gróin gróf sem er um 1x0,3 m að innanmáli og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 5; BFE, óútgefin skýrsla

3714

SN-125:054 heimild um fiskreitir

64°54.121N 23°56.549V

Á tanganum fyrir utan og neðan Gufuskálabæinn eru klettur, kallað Magálsklettur. Ber nafnið með sér að á klettum þessum var fyrrum þurrkaður og hertur fiskur," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Magálskletta er ekki þekkt. Líklegt er að þeir séu fast norðvestan við verbúðarminjar 058 en þar eru flatar hraunklappir. Engin ummerki sjást um að þar hafi verið þurrkaður fiskur og gengur sjór yfir svæðið.

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 5

SN-125:055 Gufuskálavör renna lending

64°54.162N 23°56.394V

"Klettarnir milli Magáls- og Lendingarklettanna heita Dugguklettur. Inn í lendinguna er hægt að fara um tvö sund, Austara- og Vestarasund. Upp af Vestarasundinu er feikna mikil vör, sem aðeins sér á um fjöru. Er í henni svo stór björg, að vart munu finnast stærri í hleðslu og segja Jöklarar hana gerða af fornmönnum," segir í örnefnaskrá. "[Lendingarvörin á Gufuskálum] hefur verið rudd og þar komið fyrir stórgryti sem enn er ráðgáta hvernig menn á þeim tíma hafa komið fyrir og það þannig að það stendur enn nær óhaggað, þrátt fyrir allt hafrót sem þar getur verið. Djúp för eftir kili báta eru í klöppunum í lendingunni og sjást enn," segir í bókinni Undir bláum sólarsali I. "Gufuskálavör, hættuleg lending í útsunnan og vestanátt sökum brims. Lending þessi er löngu aflögð, en sjá má enn menjar útræðis þaðan m.a. kjalför í klappir og hleinar," segir í Byggðum Snæfellsness. Gufuskálavör er um 155 m norðvestan við bæ 001 og um 100 m norðaustan við verbúðarhól 058.

Vörin er í grýttari klapparfjöru í dálítilli vík og eru sker úti fyrir vörinni í víkinni.

FRIDLÝSTAR MINJAR: "Hin forna Gufuskálavör, verbúðaleifar og önnur forn mannvirki tilheyrandi verstöðinni." Í bókinni Sögur og sagnir af Snæfellsnesi II segir: "Þar var veiðistöðin Gufuskálar, og hafði þar myndast hverfi eða pláss, en vond var lending þar og tíðir skiptapar og drukknarir." Í textan undir mynd af vörinni í bókinni Undir bláum sólarsali II segir: "Vörin er mikið mannvirki. Um 70 m löng og 3 m breið renna hefur verið rudd í stórgrytisurð og rennan hellulögð." Vörin er rudd og hefur grjóti verið hlaðið sitt hvoru megin



Á vinstri mynd er Gufuskálavör 055, horft til NNV. Á hægri mynd sjást þrjú kjalför á klöpp ofan við vörina, horft til norðurs

við hana. Hæstu hleðslur meðfram rennunni eru um 1,2 m á hæð og eru þær þaktar þangi. Vörin snýr NNV-SSA, er um 30 m á lengd og 3-5 m á breidd, breiðust næst landi. Enn sést vörin vel en hefur fyllst af sandi og lítið sést af hellum í botni hennar. Þó sjást enn leifar af hellulögn í SSA-enda rennunnar á um 4 m löngum kafla. Fast SSA við hann er íhvolft, sprungin klöpp og á henni sést eitt djúpt kjalfar sem er um 1,2 m á lengd og liggur NNV-SSA. Á þessum hluta klapparinnar sést kjalfar aftur rétt áður en komið er að sprungu á henni og eru þar tvö kjalför saman sem eru um 0,1 m á lengd. Þegar yfir sprunguna er komið sjást þrjú kjalför á um 0,3 m löngum kafla og stefna þau norður-suður. Einn steinn úr hellulögn í vörinni með kjalfari hefur borist um 40 m til suðausturs frá vörinni, upp á sjávarbakkann.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 5-6; Undir bláum sólarsali I, 87; BS, 148; ÁG: Friðlýsingaskrá, 26; Sögur og sagnir, 57; Undir bláum sólarsali II, 49

SN-125:056 tóft+garðlag túngarður


64°54.063N 23°55.904V



Á vinstri mynd er túngarður 056A og áföst tóft 056B, horft til norðausturs. Á hægri mynd er tóft 056C, horft til suðausturs

Leifar af túngarði umhverfis gamla heimatúnið og áfastar tóftir og þústir eru um 260 m suðaustan við bæ 001. Minjarnar eru um 70 m suðaustan við malbikaðan Útnesveg 574 sem liggur í gegnum túnið og alla jörðina. Á milli vegar og túngarðs er grösugt, hólótt tún með fjölda tófta. Utan við túngarð til suðausturs er nokkuð jafnlandur og grösugur mói en þó eru hraunhólar og hvompur hér og hvar.

Minjarnar eru á svæði sem er um 145x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á því eru túngarður A, þústir B, D, F og G og tóftir C og E. Túngarðurinn A er gróinn og er líklega torf- og grjóthlaðinn en ekki sést í hleðslur. Hann er um 145 m á lengd og liggur frá suðvestri í mjúkum boga til NNA. Garðurinn er 1,5-2 m á breidd. Ytri brún hans er hærri en sú innri og er hæst um 1,1 m. Garðurinn nær um 60 m lengra til norðausturs en túnið sem sýnt er á túnakorti frá 1916. Við suðvesturenda garðsins er grasi vaxin þúst B. Hún er um 5x4 m að



Á vinstri mynd eru þústir 056D, horft til SSA. Á hægri mynd er tóft 056E, horft til norðausturs

stærð, snýr norður-suður. Þústin er um 0,7 m á hæð. Óljóst má greina í henni hól sem er um 3x3 m að innanmáli en ekki sést innri brún á vesturhlið hólfsins. Tóft C er við innanverðan túngarð A um 34 m norðaustan við þúst B. Tóftin er um 3x4 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Óljóst op er á norðvesturhlið. Tóftin er mjög saman sigin og er mesta hæð um 0,5 m. Suðvesturveggur tóftar liggur yfir túngarð en ekki norðausturveggur hennar.

Þústir D eru um 15 m austan við tóft C. Þar er op á túngarði A og sitthvoru megin við opið, við utanverðan túngarðinn, eru þústir. Renna er á milli þeirra sem liggur NNV-SSA og er hún um 1,5 m á breidd. VSV við rennuna er þúst sem er 7x4 m að stærð og ANA við rennuna er þúst sem er um 8x5 m að stærð. Báðar snúa þústirnar NNV-SSA. Mesta hæð þústanna er um 1,2 m. Hlutverk þeirra er óljóst en mögulega er hér um e-k traðir að ræða. Tóft og þúst E er um 25 m norðaustan við þústir D. Tóftin Ei er við utanverðan túngarðinn og fast norðaustan við hana er þúst Eii á hól. Tóftin er einföld, um 10x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op á henni. Veggir eru um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Þústin er um 2x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er flöt að ofan en þýfð. Hóllinn sem þústin er á er um 8x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er um 0,3 m á hæð en hóllinn er um 1 m á hæð. Þúst F er um 40 m norðaustan við tóft E, við utanverðan túngarð. Hún er um 8x8 m að stærð og um 1 m á hæð, hlaupin í þúfur. Óljóst má greina í henni hól sem er um 2x2 m að innanmáli. Rof er á túngarðinum við miðja þústina og er möguleiki að þar hafi verið op inn í hólfið. Þar sem túngarðurinn endar til NNA er lág klettabrún og hefur hún væntanlega myndað framhald túngarðs á stuttum kafla. Þúst G er utan við túngarð þar sem rof er í honum rétt áður en klapparbrúnn tekur við. Þústin er um 3 m utan (austan) við túngarð en er fast suðaustan við klapparbrúnnina. Þúst G er um 20 m norðaustan við þúst F. Hún er um 5x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er flöt að ofan. Niður af norðaustur-brún hennar er um 1 m. Óljóst má greina dæld í suðausturenda þústarinnar sem er um 1x1 m að innanmáli.

Hættumat: engin hættu


Heimildir: Túnakort 1916

SN-125:057 Malarbyrgi tóft skemma

64°54.017N 23°57.103V



Malarbyrgi 057. Á vinstri mynd er horft til VSV en á hægri mynd er horft til ANA



Í bókinni Undir bláum sólarsali I segir: "Stórt sporöskjulagað opið byrgi er þó nokkurn spöl fyrir vestan lendinguna [Gufuskálavör 055] en skammt frá sjó. Það kann að hafa verið tjaldað yfir það, og notað sem einhvers konar samkunduhús. Það gæti einnig hafa verið skreiðargeymsluhús fyrir fisk sem hertur hefur verið yfir vertíðina eða veturinn í byrgjunum uppi í hrauninu, hafi þau verið notuð til þess, hann síðan bundinn í skreiðarbagga og geymdur þarna til útflutnings. Þarna er mjög skammt að sjó og fyrr á öldum gæti hafa háttað þannig til að skip þeirra tíma hafi getað lagst þarna við klappir meðan upp- og útskipun fór fram. Sú aðstaða hefur breyst, ströndin getur hafa breitt úr sér, og skipin stækkuðu og ristur dýpra. Frá byrjun 15. aldar mun allur skreiðarútflutningur að líkindum hafa farið fram frá Rífi." Í örnefnaskrá segir: "Skammt fyrir utan túnið er stórt og mikið byrgi kallað Malarbyrgi." Byrgið er einnig nefnt Írskabyrgi. Byrgið er um 70 m norðan við tóft 083 og um 700 m vestan við bæ 001. Byrgið stendur nokkuð hátt, á lágrí gróinni klöpp á sjávarbakknum. Grasivaxið og grýtt svæði er í kringum tóftina en grýtt fjara til norðvesturs.


Tóftin er um 7x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og grjóthlaðin. Veggir hennar eru tvíhlaðnir og eru hæstir um 1,7 m í austurhorni. Þar sjást mest 9-10 umför. Veggir eru um 1 m á breidd en ívið mjórri á norðvesturgafli, eða 0,7 m. Dýraop er á suðvesturgafli, lítillaga suðaustan við hann miðjan. Opið er um 1 m á breidd. Norðvesturveggur tóftarinnar er hruninn inn í hana en það gerðist í ofsaveðri sem geysaði í lok desember árið 2012. Fyrir utan hrúnið eru veggir lægstir um 1,1 m í suðvesturenda og hækka til norðausturs. Norður- og austurhorn tóftarinnar eru rúnuð. Innan í tóftinni er grasi gróið og grjót sem hrúnið hefur úr veggjum, aðallega norðvesturvegg. Dálítil bunga er á gólfi tóftarinnar en líklega er það lögun klapparinnar sem myndar hana. Erfitt er að geta sér til um aldur tóftarinnar en hleðslur eru alveg lausar við mosa og eru lítt skófum vaxnar. Lögun tóftarinnar og staðsetning bendir til þess að hún hafi gegnt hlutverki skreiðarskemmu. Staðsetningu hennar mætti skýra með því að stærri skip hafi getað lagst að tanga skammt norðvestan við byrgið þar sem aðdýpi er nokkuð mikið.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Undir bláum sólarsali I, 88; Ö-Gufuskálar, 2

SN-125:058 þúst verbúð

64°54.109N 23°56.497V



Tveir stórir verbúðarhólar eru á sjávarbakkanum vestan við bæjarhól 001. Hér er austari hóllinn skráður en hann er um 200 m vestan við bæ 001 og um 120 m suðvestan við Gufuskálavör 055. Frá árinu 2008 hefur farið fram björgunaruppgröftur í báðum verbúðarhólunum. Sá verbúðarhóll sem hér er skráður nefnist "mound 2" í skýrslum um uppgröftinn.

Hóllinn er á uppblásnum sjávarbakka. Sunnan við hann eru sandorpin rofabörð og hraun. Melgresi og lítillsháttar gras vex á hólnum og í kringum hann. Vindrof og landbrot ógnar minjunum og skolest hluti þeirra á haf út ár



Á vinstri mynd sést allur verbúðarhóll 058 og í forgrunni er þúst 058E, horft til vesturs. Á hægri mynd er tóft 058B í forgrunni og tóft 058C fjær, horft til suðausturs

hvert.

FRÍÐLÝSTAR MINJAR: "Hin forna Gufuskálavör, verbúðaleifar og önnur forn mannvirki tilheyrandi verstöðinni." Hóllinn er um 82x33 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er breiðastur í suðvesturenda en mjókkar til norðausturs. Hæstur er hóllinn 5-6 m. Efst á hólnum er óblásin grastorfa. Í torfunni er gróið skarð A. Það er um 7x2,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og er dýpst um 2 m. Þar finnst fyrir grjóti undir sverði. Rof er komið í suðausturhlið hólins og sést þar víða í grjóthleðslur. Norðvesturhlið hólins er grónari en þar brýtur sjórinn af honum. Á þremur stöðum á hólnum sjást greinileg mannvirki þar sem blásið hefur ofan af minjunum. Tóft B og þúst C eru suðaustast á hólnum, á öxl þar sem gróðurþekjan er horfin sökum uppblásturs. Minjarnar eru á svæði sem er um 10x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft B er í norðvesturhluta svæðisins, upp við rofabarð í hólnum. Hún er um 4x3 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún skiptist í tvö lítil hólf. Hólf I er í suðurhluta tóftar, er um 1 m í þvermál. Ekki sést op á því. Hólf II er í norðurenda tóftar, er um 1x0,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Mögulega er op á því til vesturs þar sem vantar grjót í veggjahleðslur. Þúst C er fast suðaustan við tóft B, á suðausturjaðri svæðisins. Hún er um 3x3 m að stærð. Grjótaðir sjást meðfram jöðrum hennar. Hún er flöt að ofan en niður af henni til austurs eru um 2 m og sést hleðslugrjót alla leið niður. Í norðausturenda hólins eru hleðslur að koma í ljós á svæði D sem er um 15x11 m að stærð og snýr NNV-SSA. Þar eru ekki komnar í ljóst skýrar útlínur mannvirkja. Í norðausturenda rústahólins er þúst E sem er um 10x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Skarð skilur þústina frá svæði D. Í norðurjaðri þústarinnar er grjótröð sem er um 10 m á lengd og liggur austur-vestur. Þessi grjótröð gæti tengst grjótröðum sem skráðar eru undir númerinu 114. Þústin er flöt að ofan og nokkuð slétt. Hún er blásin á öllum hliðum nema suðurhlið og er grjót farið að hrynja úr rofinu og fiskbein að koma í ljós. Mesta hæð þústarinnar er um 1,5 m í norðurhlutanum. Uppgrafterasvæði F er á miðri norðvesturhlið hólins. Þar hafa komið í ljós mannvirki og öskuhaugur og fjöldi minja hefur fundist. Upplýsingar um uppgröfinn er að finna í áfangaskýrslum FS477-08232 og FS512-08233.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: LBP og ÓGS FS477-08232; LBP FS512-08233; ÁG: Friðlýsingaskrá, 26

SN-125:059 þúst verbúð

64°54.068N 23°56.658V


Tveir stórir verbúðarhólar eru á sjávarbakkanum vestan við bæjarhól 001. Vestari verbúðarhóllinn er um 300 m vestan við bæ 001 og um 50 m suðvestan við verbúðarhól 058. Á milli hólanna eru minjar 111. Frá árinu 2008 hefur farið fram björgunaruppgröftur í báðum verbúðarhólunum. Sá verbúðarhóll sem hér er skráður nefnist "mound 1" í skýrslum um uppgröftinn.

Hóllinn er á sandi orpnum sjávarbakka en gras vex hér af veikum mætti. Sunnan við hann eru sandorpin rofabörð og hraun. Vindrof og landbrot ógnar minjunum og skolast hluti þeirra á haf út ár hvert.

FRÍÐLÝSTAR MINJAR: "Hin forna Gufuskálavör, verbúðaleifar og önnur forn mannvirki tilheyrandi verstöðinni." Hóllinn er um 60x34 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hæstur er hóllinn 3-4 m. Norðaustast á hólnum er verið að grafa upp verbúð F. Fimm önnur mannvirki sjást á yfirborði og eitt í sniðskurði. Hvert mannvirki fær bókstaf til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Í suðurhorni hólins er þúst A. Hún er um 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,3 m á hæð. Í jöðrum hennar er meðalstórt lábarið grjót og í miðju er grasigróinn grjótaus blettur sem er 2,5x1,5 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Mögulega hefur verið op inn í þetta mannvirki á norðvesturhlið. Þar sjást tvö umför hleðslu. Þúst B er um 2 m norðvestan við þúst A. Þar er að koma í ljós mannvirki undan sverði en útlínur þess eru óskýrar. Þústin er um



Á vinstri mynd er þúst 059A, horft til suðausturs. Á hægri mynd er þúst 059C, horft til norðurs



8x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvesturhliðin er nokkuð skýr og er hún um 0,4 m á hæð. Óljós brún er til suðvesturs en ekki sjást skýr mörk til norðausturs og suðausturs. Grjót er að kom í ljós undan sverði í suðvesturenda og í miðri þústinni. Virkt jarðvegsrof er í þústum A og B. Þúst C er um 4 m vestan við þúst B. Hún er um 7x5 m að stærð, snýr norður-suður. Hún nær alveg fram á rofbakkann næst sjó. Aðeins sést gróin,



Á vinstri mynd er þúst 059D, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er þúst 059E í forgrunni og fjær er tóft 059G sem verið er að grafa upp, horft til austurs

jarðlæg grjótdreif en í suðurenda stendur grjót upp úr þústinni á svæði sem er um 2x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Þar er þústin hæst, um 0,3 m á hæð. Þúst D er um 10 m ANA við þúst A, í suðausturjaðri hólins. Þústin er um 11 m í þvermál og er gróin að ofan. Hæst er hún til suðausturs þar sem brún hólins er, eða 2,5 m á hæð. Í þá hlið er komið rof og sést í grjót. Aðrar hliðar þústarinnar eru lægri og meira aflíðandi. Þústin er nokkkuð flöt að ofan en þó mótast fyrir lægð í henni og í vesturhorni hennar er minni þúst sem er um 2,5x2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,3 m á hæð en samlagast brún stærri þústarinnar til vesturs. Þúst E er um 15 m norðan við þúst D, frammi á norðvesturbrún hólins. Hún er um 4x4 m að stærð og 0,5 m á hæð. Grjótraðir sjást meðfram suður- og austurhliðum og eins sést í grjóti í miðri þúst nærri vesturenda. Í sniðskurði um 4 m norðvestan við þúst E er mannvirki F. Verbúðartóft sem verið er að grafa upp er svo norðaustast á hólnum. Upplýsingar um mannvirki F og verbúðartóft G má finna í áfangaskýrslum FS477-08232 og FS512-08233.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: LBP og ÓGS FS477-08232; LBP FS512-08233; ÁG: Friðlýsingaskrá, 26

SN-125:060 Hákonarhóll kuml legstaður



Hákonarhóll 060, horft til norðurs

64°33.104N 23°57.646V

"Fyrir neðan og sunnan Gerðuberg [051] eru tveir hólar, kallaðir Hákonarhólar," segir í örnefnaskrá. "Í Hákonarhól þar í grennd [við Írskubúðir 051] fannst fornmannskuml og beinagrind af manni, en hún var mjög illa varðveitt," segir í bókinni Undir bláum sólarsali I. Kumlstaðið er um 200 m suðvestan við skálatóft 051A og um 2,18 km suðvestan við Gufuskálabæ 001.

Hákonarhóll er lágur hóll á norðurenda klapparáss við gamla flugvöllinn. Allra nyrst á ásnunum er hundapúfa. Uppblástur ógnar svæðinu.

FRIÐLÝSTAR MINJAR: "Hákonar-hóll eða -haugur, þúfnabarð á lágri klettabrún suður frá Gerðubergi." Í grein Brynjúlfs Jónssonar sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1900 segir: "Litlu fyrir sunnan

túnstaðið [í Gerðubergi] kemur bergið lítið eitt í ljós aftur og er þúfnabarð þar ofan á. Það heitir Hákonarhóll. Er sagt að Hákon, bóndi á Gerðubergi, hafi hitt írskt skip á sjó, komist í erjur við skipsmenn og dregið einn þeirra, flúið síðan í land, en þeir elt hann á báti, náð honum skamt frá bænum og dregið hann, og sé Hákonarhóll haugur hans (eða leifar af honum). Það er og sagt, að á sínum tíma hafi Gerðuberg verið höfuðból Gufuskálatorfunnar." Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar um fornleifarannsókn á staðnum 1996 segir: "Helsta markmið prufuholunnar á


Hákonarhóli var að staðfesta hvort um mannaverk væri að ræða og þá hvort það væri kuml en ekki dys. [...] Á ca. 0,7 sm dýpi, þar sem það var mest, komu leifar af beinagreind í ljós. Var ekki hægt að varðveita beinin, þau voru orðin að mjúkri skán. Trúlega hefur prufuholan komið inn í kumlið til fóta kumlbúanum og einna helst hægt að ætla að kumlbúinn snúi í NA-SV. [...] Ekki sáust nein merki um að grjót hafi verið notað. [...] Athygli skal aftur vakin á því að í Örnefnalýsingu er talað um tvo Hákonarhóla. Ca. 70 m suður af hólnum, sem rannsakaður var, er lægri, en breiðari hóll. Efst á honum er hundapúfa, eins og á Hákonarhólnum hinum fyrri. Vel getur það verið að þar leynist annað kuml og þau jafnvel fleirri í kring." Friðlýsingarhæll er á gróðurtorfu nyrst á ásum sem er um 6x6 m að stærð. Fátt bendir til þess á yfirborði að kuml leynist undir sverði og lítil ummerki eru um uppgröftinn.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 4; Undir bláum sólar sali I, 89; ÁG: Friðlýsingaskrá, 26; BJ 1900, 20; BFE 1997, 12-13

SN-125:061 hleðsla uppsátur

64°54.139N 23°56.400V



Uppsátur 061. Á vinstri mynd er uppsátur númer 12, horft til norðurs. Á hægri mynd er uppsátur númer 19, horft til VNV

Meðfram ströndinni á sjávarbakkanum norðaustan við verbúðarhól 058 má óljóst greina fjölda vika inn í sjávarbakkann. Afar sennilegt er að vikin séu leifar af uppsáturum fyrir báta sem lent hafa í Gufuskálavör 051. Alls sáust ummerki um 24 uppsátur á svæðinu. Þau eru um 150 m norðvestan við bæ 001.

Sjávarbakkinn er sandi orpinn og grýttur og mjög grýtt klapparfjara er í flæðarmálinu

Vikin sjást á svæði sem er um 130x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svæðinu má skipta í tvo hluta, annars vegar er svæði A á milli verbúðarhóls 058 og minnismerkis um Elínborgu Þorbjarnardóttur og hins

vegar er svæði B norðaustan við minnismerkið. Svæði A er um 90 m á lengd og svæði B er um 40 m á lengd.

Á svæði A eru eru stórir, stöðugir steinar á milli flestra uppsátranna og virðast þeir vera í skipulagðri línu. Sumsstaðar hefur grjót fært vikin og steinana í kaf og sumsstaðar hafa steinarnir oltið úr sessi. Á svæði A eru 13 steinar og/eða hleðslur og á milli flestra þeirra er vik upp í bakkann. Alls voru talin 16 möguleg uppsátur á milli verbúðarhóls og minnismerkis en 10 þeirra eru nokkuð greinileg (sjá teikningu). Á milli steina og hleðslna eru 2-7,5 m en þar sem lengst er á milli steina má ætla að hafi verið tvö uppsátur og að steinar og hleðslur á milli þeirra séu horfin eða hulin grjóti. Algengast er að það séu 2-4 m á milli steina eða hleðslna. Vikin ná 0,5-3 m inn í bakkann. Líklega hafa vikin verið hlaðin að innan en það sést víðast jarðlægt grjót í vikjunum. Á stöku stað má greina framhald af steinum eða hleðslum upp á bakkann en það er svo mikið grjót út um allt að erfitt er að vera viss um hvaða grjót er í hleðslum og hvað aðborið. Án efa er samband á milli uppsátranna og minja sem skráðar eru undir númer 114.

Á svæði B, norðaustan við minnismerkið, eru uppsátrín dálítið frábrugðin þeim sem eru á svæði A. Á því er minna landbrot en mikið um aðborið grjót og áfokssand úr bakkanum. Þar sjást leifar af átta uppsátrum og eru þau flest um 2 m á breidd og 2-6 m á lengd. Ekki sjást stórir steinar á milli vika á svæði B og ekki er heldur hægt að greina skýrar hleðslur milli þeirra.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-125:062 gerði nátthagi



Nátthagi 063, horft til suðurs

64°53.187N 23°53.828V

Í kaupbréfi varðandi Ingjaldshvol frá 1356 segir um ítök Ingjaldshvols í landi Gufuskála: "tueimur hestum haga j Gufuskala jaurd oc lxxx fiar. Oc skiol vid Arnarstein ef þarf aa veturenn. Skipshafnir tuær til hialla." Sæmundur Kristjánsson, heimildamaður, greindi skráningarmanni frá nátthaga vestan við Arnarstein sem hann taldi hafa tilheyrt Ingjaldshóli og átti beit þeirra að koma á móti torfristu og mótekju. Meint gerði er um 1,35 km suðaustur ef vörðu 123B á Hríshól og um 2,6 km suðaustan við bæ 001.

Gerðið er suðvestan undir hraunhæð þars sem stór steinn stendur hæst og líklegt er að sé Arnarsteinn. Dálítil gróin lægð er á milli hraunhólsins og gróins helluhrauns og í þá dæld virðist gerðið hafa verið hlaðið.

Gerðið virðist vera um 37x16 m að stærð

og snýr nálega norður-suður. Vesturbrún gerðisins virðist að mestu leyti vera náttúruleg brún helluhrauns. Vesturbrúnn er náttúruleg. Á austurhlið gerðisins, neðan við hraunhólinn er þúfnakragi sem kann að vera náttúrulegur að hluta því hann heldur áfram norðan við gerðið. Greinilegustu hleðslurnar eru meðfram norður- og suðurhliðum gerðisins. Hleðslur eru útflattar, eru 3-4 m á breidd og 0,2 m á hæð. Í suðvesturhorni gerðisins er lítil gryfja eða hólfi. Það er um 1x0,5 m að innanmáli, 0,3 m að dýpt, snýr norður-suður. Innan gerðisins er nokkuð mýrlent.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: DI III, 112

SN-125:063 Fjárborgir örnefni fjárskýli

64°51.496N 23°51.061V

"Fjárborgir eru grasi vaxnir klapparhausar, tveir og skarð á milli. Austur af Fjárborgunum er Gráborg [029]," segir í örnefnaskrá. Fjárborgir eru um 6,3 km suðaustan við bæ 001. Fjárborgir eru austan við Hreggnasa og vestan við Gráborg.

Á milli Fjárborga og Gráborgar eru lægri mosagrónir rauðamalarhólar og mjóir dalir á milli þeirra. Nokkuð grasgefið er í kringum klapparhólana.

Ekki er að sjá nein mannvirki á eða við hólana Fjárborgir en líklega draga þeir nafn sitt af því að fé hafi getað leitað skjóls undir þeim og á milli þeirra.

Heimildir: Ö-Fjall Gufuskála, 1

SN-125:064 Bárðarhaugur örnefni legstaður

64°50.826N 23°50.245V

"Ofar Hreggnasa, en samliggjandi Miðfellshálsi, er Eysteinsdalur. Efst við Eysteinsdal að austan er stór dökkur

hóll, Bárðarhaugur," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 7,6 km suðaustan við Gufuskálabæ 001, fast sunnan við Gufuskálamóðu suðaustast í Eysteinsdal.

Hóllinn er hár og brattur. Ógrónar skriður eru í hlíðum hans og að norðanverðu eru stuðlabergsmyndanir.

Örnefnið tengist væntanlega Bárði Snæfellsási í samnefndri sögu og er það skráð vegna þess að það bendir til þess að heiðinn legstaður sé á eða við hólinn. Ekki var farið upp á hólinn í leit að haug enda á heitið við um allan hólinn og afar ósennilegt er að legstað sé að finna á þessum stað eða að ummerki um hann hafi varðveist.

Heimildir: Ö-Fjall Gufuskála, 1

SN-125:065 gata leið

64°53.035N 23°57.631V



Á vinstri mynd eru götur á leið 065A, horft til norðausturs. Á hægri mynd eru götur á leið 065B, horft til NNA

Fornlegar götur sjást syðst á ásnúm sem Hákonarhóll 060 er á. Göturnar eru um 2,3 km suðvestan við Gufuskálabæ 001 og um 120 m suðvestan við skálatóft 051A. Af elstu útgáfu Herföngjaráðs skorts af svæðinu frá 1911 má sjá að götur þessar eru á leið sem liggur meðfram hraunjaðri, austan við Gufuskálamóðu, á milli Prestahraunsveggar 631:001 og leiðar sem lá á milli Öndverðarness og Hellissands 631:002.

Göturnar liggja úr suðri meðfram hraunbrún og beygja til norðausturs á milli hraunbrúnar og klapparáss.

Leiðinni var fylgt á um 300 m löngum kafla. Hún liggur meðfram hraunbrún austan við Gufuskálamóðu og greinist í tvær leiðir um 70 m sunnan við skarð á milli hraunbrúnar og klapparáss. Austari leiðin B stefnir til norðausturs að Gerðubergsrústum 051 og liggur yfir hraunið á stuttum kafla en heldur svo áfram á mosavöxnum mel þar sem sjást 2-3 grónar götur. Á melnum eru líka hjólför eftir bíla og liggur leiðin sunnan við suðurenda flugbrautar á gömlum flugvelli sem var þarna á melnum. Leiðin hættir að sjást þegar um 120 m eru að skálatóft 051A. Vestari leiðin A heldur áfram til norðurs og beygir svo á milli hraunbrúnar og klapparáss til NNA. Þar sem leiðin liggur á milli hrauns og áss er hún mjög greinileg og sjást þar 12 grónar götur saman. Þær eru 0,1 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Eitthvað af götunum virðast stefna að Gerðubergsrústum og sameinast austari leiðinni en 1-2 götur halda áfram til norðurs meðfram austanverðum klapparásnum. Þær götur virðast yngri en aðrir hlutar leiðarinnar sem skoðaðir voru. Líklegt er að eldri götur á sömu leið hafi lent undir flugbrautum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Herföngjaráðs skort 5

SN-125:066 þúst útihús

64°54.102N 23°55.981V

Þúst er í túnjaðri um 200 m ASA við bæ 001 og um 50 m suðvestan við íbúðarhús á athafnasvæði lóranstöðvarinnar. Þústin sést greinilega á stafrænu hæðarlíkani sem gert var af túninu 2011 sem hluti af fornleifarannsókn á svæðinu og eru miklar líkur til þess að mannvirki



Þúst 066, horft til austurs

leynist undir sverði.

Þústin er rétt utan við norðausturjaðar gamla heimatúnsins, suðvestan við uppblásturssvæði og athafnasvæði Lóranstöðvarinnar. Túnið er vaxið grasi og mel en nokkuð sandorpið á jaðrinum.


Þústin er um 12x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mörk hennar eru óskýr til norðurs. Þústinni hallar lítillega til suðurs og hún er hæst til suðausturs, um 1,5 m á hæð. Ekki sést móta greinilega fyrir veggjum eða hólfum. Fast norðaustan við þúst er dæld sem líklegt er að sé til kominn vegna uppblásturs.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Túnakort 1916; LBP og ÓGS FS477-08232, 41-45

SN-125:067 þúst

64°54.040N 23°56.055V



Þúst 067, horft til norðurs

Rústahóll er um 200 m suðaustan við bæ 001 og um 5 m sunnan við malbikaðan veg.

Rústahóllinn er í mishæðóttu túni suðaustan við Útnesveg 574 sem liggur í gegnum túnið og skiptir því í tvo hluta.


Rústahóllinn er um 8x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er um 1,5 m á hæð. Uppi á hólnum sést móta fyrir einu hólfi sem er um 2x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Suðausturveggur þess er sérlega óskýr og kann þar að hafa verið inngangur. Veggir eru útflattir, mest 0,1 m á hæð. Mögulega hefur minjunum verið raskað að hluta við vegagerð. Ef til vill hefur þessi þúst tilheyrt minjum 080 sem eru um 20 m vestan við hana.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1916



Þúst 068, horft til vesturs



SN-125:068 þúst

64°54.077N 23°56.104V

Þúst er í gamla heimatúninu um 125 m suðaustan við bæ 001.

Þústin er í hæðóttu túni norðvestan við Útnesveg 574 þar sem melur vex innan um grasið.

Þústin er um 20x16 m að stærð og snýr NNA-SSV. Í henni má greina þrjú hólfi. Það stærsta I er í miðri þústinni. Það er um 5x8 m að innanmáli, snýr nálega austur-vestur. Ógreinilegt op er á því til suðurs. Hólf II er norðvestan við hólfi I. Það er um 2x2 m að innanmáli. Ekki sést op á því. Hólf III er norðaustan við hólfi I. Það er um 3x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést op á því og er það óskýrasta hólfið. Hæð þústarinnar er 1-1,5 m.

Hættumat: engin hætta

**SN-125:069** þúst

64°54.085N 23°56.061V

Þúst er í gamla heimatúninu um 145 m suðaustan við bæ 001.

Þústin er í hæðóttu túni norðvestan við Útnesveg 574 þar sem melur vex innan um grasið.

Þústin er um 18x16 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er þýfð og er fremur flöt að ofan. Ekki sjást skýr ummerki um mannvirki í þústinni. Hún er ekki ýkja há en er greinileg, líklega vegna þess að hún er á náttúrulegri hæð í túninu. Þústin er hæst um 0,5 m og hallar lítillega til suðausturs.

Hættumat: engin hætta

Þúst 069, horft til austurs

**SN-125:070** Oddný varða

64°53.338N 23°58.698V

Varða er um 520 m suðvestan við tóft 053 og um 2,4 km suðvestan við bæ 001.

Varðan stendur hátt frammi á sjávarhömrum í grónu hrauni en þó er ógróið og grýtt í kringum vörðuna sjálfa.

Varðan er heil og virðist ekki hafa hrunið úr henni en ef hún er gömul er líklegt að hún hafi verið endurhlaðin. Hún stendur á klöpp og er um 1,5 m á hæð og 1 m í þvermál en mjókkar eftir því sem ofar dregur. Að sögn

Sæmundar Kristjánssonar, heimildamanns, heitir varðan Oddný en ekki vissi hann hvers vegna. Mögulega heitir hún það vegna þess að hún er oddmjó. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Varðan Oddný 070, horft til norðvesturs

**SN-125:071** renna lending

64°54.223N 23°56.273V

Meint vör er um 150 m norðaustan við Gufuskálavör 051, um 40 m norðvestan við þúst 117 og um 200 m norðan við bæ 001.

Vörin er norðaustarlega í sendinni og grýttir fjöru sem heitir Breiðafjara.

Meint vör virðist vera rudd renna en grjót hefur borist inn í hana. Hún er 3-4 m á breidd og 15-20 m á lengd, liggur austur-vestur. Nokkuð skýr kantur er meðfram suðurjaðri hennar og þar kann að vera hleðsla en ekki sést í hana fyrir


Lending 071, horft til vesturs

þangi. Líklegt er að þúst 117 tengist landingunni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-125:072 gryfja

64°54.128N 23°56.273V



Gryfja 073, horft til norðurs

Fast norðvestan undir bæjarhól 001 er gryfja.

Gryfjan er í lægð rétt utan við gamla heimatúnið, á grasi vöxnu svæði sem er illa farið af sandfoki.

Gryfjan er um 4x5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún mjókkar og grynkar til norðvesturs. Dýpst er hún í suðausturenda, um 0,4 m. Hlutverk gryfjunnar er óljóst og virðist hún ekki vera mjög fornt mannvirki.


Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SN-125:073 þúst

64°54.123N 23°56.300V



Þústir 073, horft til vesturs



Tvær lágar þústir eru í túni um 20 m VNV við bæjarhól 001 og um 20 m suðvestan við gryfju 072.

Þústirnar eru rétt utan við norðvesturjaðar gamla heimatúnsins, um 15 m austan við bogahlaðinn vegg, e.k. Útsýnispall fyrir ferðamenn. Þær eru á grasi vöxnu svæði sem er illa farið af sandfoki.

Meintar minjar ná yfir svæði sem er um 26x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Stærri þústin A er á suðvesturhluta svæðisins. Grunnflötur hennar er um 17x18 m að stærð og snýr hún norðvestur-suðaustur. Þústin er flöt að ofan þar sem hún er um 16 m í þvermál. Skýr og skörp lína er meðfram norðurbrún hennar. Hæst er þústin um 1 m. Ekki sést móta fyrir hólfum í þústinni. Fast norðaustan við þessa þúst er önnur minni þúst B sem er þríhyrningslaga og kunna þessar tvær þústir að hafa tengst. Síðarnefnda þústin er um 8x8 m að stærð og 0,3-

0,4 m á hæð.


Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SN-125:074 tóft bústaður

64°54.057N 23°55.944V



Tóft 074, horft til suðausturs



Stór tóft er í túni um 250 m suðaustan við bæ 001 og um 25 m vestan við tóft 088.

Tóftin er í þeim hluta túnsins sem er suðaustan við Útnesveg 574 og er ósléttaður. Margar aðrar tóftir eru allt í kring.

Tóftin er um 14x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er líklega torf- og grjóthlaðin þó ekki sjáist í grjóthleðslur í veggjum. Tóftin skiptist í fjögur hólfs. Í suðvesturenda er hólf I. Það er um 3x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er úr því til norðausturs inn í göng V sem eru mjög samansigin og eru um 4x0,5-1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Við suðausturenda ganganna er hólf III sem er um 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðaustur. Op er einnig á hólfinu til suðausturs út úr tóftinni. Hólf II er norðaustan við göng V. Það er um 4x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðvesturs, inn í göngin. Hólf IV er norðaustast í tóftinni og er ekki innangengt í það úr göngum. Það er um 5x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á því til norðvesturs þar sem ætla má að hafi verið timburpil og dyr á því. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1,3 m. Mjög sennilegt er að tóftin sé af þurrabúð en nafn hennar er ekki lengur þekkt.

Hættumat: engin hætta

SN-125:075 þúst

64°54.093N 23°56.228V

Víða í túninu á Gufuskálum eru litlir hólar eða stórar þúfur. Einn slíkur hól er á milli bæjarhóls 001 og rústahóls 005. Hann er það reglulegur og afgerandi að ákveðið var að skrá hann sérstaklega en mögulega er aðeins um náttúrulegan hól að ræða.

Hóllinn er í lægð í grösugu túni.

Hóllinn er um 6x4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hann er um 0,6 m á hæð. Ekki sést móta fyrir hólum eða veggjahleðslum í hólum.

Hættumat: engin hætta



Þúst 075, horft til suðvesturs

SN-125:076 tóft hjallur

64°54.018N 23°56.065V


Grjóthlaðin tóft, þúst og óljós tóft eru um 230 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m norðvestan við tóft 078.

Minjarnar eru á hól í túni suðaustan við Útnesveg 574 sem liggur í gegnum túnið.

Minjarnar eru á svæði sem er um 18x15 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Greinilegustu minjarnar eru grjóthlaðin tóft A og þúst B sem eru uppi á hól. Tóftin er á miðju svæðinu og er hlaðin úr stórgryti. Hún er



Hjallatóft 076A, horft til ASA




Hjallur 076A, þúst 076B og óljóst tóft 076C

einföld, um 3x4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Ekki er hlaðið fyrir NNA-hlið og veggur á SSV-hlið er lágur og mjór miðað við hina vegg tóftarinnar sem eru 1-1,5 m á breidd og 0,5 m á hæð. Mest sjást tvö umför í hleðslum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega eru þetta undirstöður þurrkhjalls. Um 2 m norðvestan við tóft A er þúst B. Hún er um 3x4 m að stærð og snýr NNA-SSV og er um 0,5 m á hæð. Um 3 m sunnan við tóft A, og neðan við hólinn sem hún er á, er óljóst tóft C en þar sést dæld sem er um 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Óljóst op er úr henni í litla dæld sem er um 1x1,5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Mögulega eru dældirnar náttúrulegar.

Hættumat: engin hætta

SN-125:077 gerði herslugarður

64°53.997N 23°56.086V



Herslugarður 077



Herslugarður 077, horft til vesturs

Ferkantað gerði er um 40 m sunnan við tóft 008 og um 245 m suðaustan við bæ 001.

Gerðið er fast utan við suðurhorn túnsins á óþýfðu en nokkuð

mishæðóttu svæði.

Gerðið er einfalt og gróið en er líklega torf- og grjóthlaðið. Gerðið er um 8x8 m að stærð. Veggir eru hæstir um 1 m. Suðausturveggur er siginn og er aðeins um 0,6 m á hæð. Op er á gerðinu í vesturhorni. Mögulega hefur gerðið gegnt hlutverki kálgarðs en líklegra er að hún sé þurrkkví, þ.e. Að fiskur hafi verið þurrkaður í því. Fast norðan við tóftina eru afgerandi hólrimar sem mynda T og virðast vera náttúrulegir en ekki er útilokað að þeir séu manngerðir.

Hættumat: engin hætta

SN-125:078 tóft

64°54.006N 23°56.040V

Þrískipt tóft er um 120 m norðvestan við tóft 101 og um 250 m suðaustan við bæ 001. Tóftin er um 5 m sunnan við suðvesturendann á túngarði 056.




Tóft 078, horft til norðausturs

Tóftin er á náttúrulegri hæð við túnjaðar.

Tóftin er um 8x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er uppi á hæsta punkti hæðarinnar sem tóftin er á. Það er útflatt en er um 6x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sjást innri brúnir veggja. Hólf II er sunnan við hólf I, er um 1x1 m að innanmáli. Mjótt op er inn í það úr norðausturátt og mögulega var líka op á hólfinu á miðjum suðvesturlangvegg. Fast suðvestan við hólf I og norðvestan við hólf II er flatur stallur sem er um 3x1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er víst að þessi hluti hafi verið hólf í tóftinni en hann virðist vera manngerður. Mesta hæð tóftar er um 0,5 m við hólf II. Ekki sést í grjóti í veggjum en líklegt er að torf og grjót hafi verið notað í vegg. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta



Tóft 078

SN-125:079 tóftir

64°53.941N 23°56.014V

Signar tóftir eru um 90 m sunnan við tóft 096A og um 360 m suðaustan við bæ 001.

Tóftirnar eru við suðausturenda gróinnar hraungjár sem liggur norðvestur-suðaustur.



Á vinstri mynd er tóft 079A, hólf I-II, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er tóft 079B, horft til suðausturs

Tóftirnar eru á svæði sem er um 20x14 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðurenda svæðisins er tóft A sem er að hluta hlaðinn inn í gjána. Tóftin skiptist í fjögur hólf og er um 7x12 m að stærð, snýr austur-vestur. Sá hluti tóftarinnar sem hlaðinn er inn í gjána er um 5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin nær á milli veggja gjárinnar. Nyrst í þessum hluta er hólf I. Það er um 1x1 m að innanmáli. Óljóst op er á því í norðvesturhorni, inni í gjána. Hólf II er fast sunnan við hólf I. Það er um 2,5x0,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs. Mesta hleðsluhæð veggja í þessum hluta tóftarinnar er um 0,7 m. Fast vestan við hólf I og II er hólf III upp við suðvestanverðan gjärendann. Hlaðið er meðfram suðvesturhlið hólfsins og op er á því til suðausturs. Aðrar hliðar eru afmarkaðar af grónu hrauni við gjána. Hólfið er um 2x4,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-


suðaustur. Óljóst hól IV sem er mögulega náttúrulegt er um 2 m norðvestan við hól III. Það er um 2x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðvesturs. Ekki sjást skýrar veggjahleðslur í þessu hólfi en þó kann suðvesturhlið þess að vera hlaðin og er hún 0,5-0,6 m á hæð. Stallur er í norðaustanverðu hólfinu sem skiptir því í tvennt. Tóft B er ógreinileg en virðist vera hlaðin suðvestan við lágan gjárvegg suðaustan við tóft A. Hún er einföld, snýr norðvestur-suðaustur og er um 1,5x11 m að innanmáli. Með hleðslum á suðvesturhlið er hún 5x14 m að stærð. Ekki sést op inn í tóftina. Við suðausturenda hennar er brún Bæjarhrauns. Tóftin mjókkar til beggja enda. Meint hleðsla meðfram suðvesturhlið tóftar er 2-4 m á breidd og 0,6-0,7 m á hæð. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en mögulega er hér um leifar af stekk að ræða en það sem styrkir þá tilgátu er fjarlægð frá bæ og gerð tóftar A. Tóft B minnir frekar á kvíar en stekk.

Hættumat: engin hætta


SN-125:080 tóftir
64°54.039N 23°56.029V

Á hólaröð nærri malbikuðum vegi í suðaustanverðu túninu eru fimm tóftir skráðar saman. Tóftirnar eru um 20 m austan við þúst 009 og um 200 m suðaustan við bæ 001. Minjarnar eru signar og ógreinilegar og virðast allgamlar. Gróðurinn í kringum þær styður það en hann er ljósari á þessu svæði en víða annarsstaðar í túninu þar sem eru unglegrir minjar og gróskumeiri gróður.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 40x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er nokkurn veginn á miðju svæðinu. Hún er á og við gróinn klapparhól. Tóftin er tvískipt, er um 10x12 m að stærð, líkega torf- og



Tóftir 079



Tóftir 080

grjóthlaðin. Hún er gróin og ekki sést í hleðslur. Hól I er í suðausturenda. Það er um 2x6 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op er í suðurhorni. Við vesturhorn þess hólfs er lítið hól II sem er um 2,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mögulega var op á því til suðurs. Ógróin klöpp er við utanvert suðvesturhorni þess. Mesta hæð tóftar er um 0,6 m. Um 2 m norðan við tóft A er óljós tóft B. Hún er um 8x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er í halla mót norðvestri. Hún virðist vera einföld og er um 6,5x3,5 m að innanmáli. Suðausturlangveggur sést enn nokkuð greinilega en aðrir veggir eru útflattir og ekki sjást nein ummerki um vegg á norðvesturhlið. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Tóft C er um 7 m norðaustan við tóft B og er hún næst veginum af tóftunum sem hér eru skráðar. Tóftin er á hóljaðri og er um 3x4 m að stærð, snýr ANA-VSV. Tóftin er einföld, gróin og sigin. NNV-hlið tóftarinnar er allskýr en aðrar hliðar tóftar eru óskýrar. Við ANA enda tóftarinnar er stór hraunhella upp á rönd og er það eina grjótið sem sést í tóftinni. Líklegt er að hellan sé jarðföst og að tóftin hafi verið hlaðin við hana, þó ekki sé hægt að fullyrða það. Neðan við hraunhelluna til ANA er 0,6 m djúp gjóta með grjóti og mold í. Óvíst er hvort gjótan sé manngerð eða náttúruleg. Önnur svipuð gjóta er um 5

m vestar en hún er gróin. Mesta hæð tóftar er 0,2-0,3 m. Um 5 m suðaustan við tóft C er tóft E. Hún er um 3,5x7 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er einföld og gróin og sést grjót í henni á stöku stað. Innri brún veggja er skýr nema á norðausturhlíð en þar sjást ekki hleðslur í veggjum heldur aðeins lágur, aflíðandi kantur.




Á vinstri mynd er tóft 080A, horft til NNV. Á hægri mynd er tóft 080C, horft til SSA

Tóftin mjókkar lítillega til suðausturs. Mesta hæð veggja er um 0,5 m. Að lokum er tóft D um 10 m suðvestan við tóft A. Hún er einföld, um 6x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er veggur til vesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Suðurhluti tóftar er óljós. Ekkert er vitað um hlutverk þessara tófta.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SN-125:081 tóft

64°52.323N 23°53.539V



Tóft 081, horft til vesturs

Lítil tóft er í Löngulág þar sem grasi gróin tota teygir sig frá láginni til norðurs. Hún er um 60 m suðaustan við garðlag 104, um 200 m norðvestan við sel 047 og um 3,9 km suðaustan við bæ 001.

Fremur sléttlent og flatlent er í kringum tóftina en norðan við hana er mýrargróður þó að þar sé þurrkent.

Tóftin er mjög lítil, aðeins um 2 m á kant. Hún er einföld og er mögulega op á henni til norðurs. Tóftin er gróin og ekki sést í grjóthleðslur, mesta hæð er um 0,2 m. Þýfi er fast suðvestan við tóftina þar sem kunna að leynast frekari mannvirkjaleifar. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er þetta lítið heystæði eða mannvirki í tengslum við torfristu eða -stungu.

Hættumat: engin hætta

SN-125:082 tóftir


64°54.054N 23°55.997V

Tvær ógreinilegar tóftir eru á milli tófta 028 og 084 og eru þær um 220 m suðaustan við bæ 001.

Tóftirnar eru á grónum hólum í gamla heimatúninu suðaustan við malbikaðan veg.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 15x4 m aðs stærð og snýr austur-vestur. Tóft A er í vesturhluta svæðisins á klapparhól. Hún er ógreinileg nema í vesturendanum. Tóftin er einföld, um 5x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er gróin og ekki sést í grjóthleðslur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Op er á tóftinni til vesturs. Tóft B er um 3 m austan við tóft A. Hún er mjög óljós en þar sést nokkuð skýr innri brún á horni hóls sem er um 4x2 að

innanmáli og snýr austur-vestur. Óljósir veggir eru meðfram norður- og austurhliðum. Mögulega hefur þetta mannvirki náð lengra til suðurs en ytri brún austurveggjar heldur 3 m áfram til suðurs. Hlutverk minjanna er ekki þekkt.




Tóft 082A, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

SN-125:083 tóft herslubyrgi

64°53.977N 23°57.094V



Herslubyrgi 083, horft til suðurs

Grjóthlaðið byrgi er neðan undir og upp við gróna hraunbrún um 60 m sunnan við Malarbyrgi 057 og um 720 m VSV við bæ 001.

Gróið graslendi er í kringum tóftina og er melgresi farið að teygja sig að tóftinni. Sandrofsblettir eru uppi á hraunbrúninni þar sem gróður hefur blásið burt.

Tóftin er einföld og grjóthlaðin en er gróin að stórum hluta og orðin full af sandi og gróðri en mögulega einnig hrúni úr veggjum. Hún er um 3x2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Suðurbrún tóftarinnar er grafin inn í gróna hraunbrúnina en þó sést innri brún veggjar á þeirri hlið. Óljóst op er á vesturhlið. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og mest sjást 3 umför. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst en þetta hefur verið einhvers konar byrgi og þó að það standi neðan við hraunbrúnina kann það að hafa verið fiskbyrgi.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

SN-125:084 gerði herslugarður


64°54.062N 23°55.992V

Stór tóft eða gerði er í túni fast suðaustan við malbikaðan veg, um 210 m suðaustan við bæ 001.

Gerðið er á hólbrún í túninu, fast við suðaustan við Útnesveg 574 sem liggur í gegnum túnið.

Gerðið er einfalt og er torf- og grjóthlaðið. Það er um 11,5x8,5 m að stærð og snúr norðvestur-suðaustur. Grjóthleðslur sjást í veggjum og sjást mest 2-3 umför. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 1,2 m. Veggurinn á suðvesturhlið er siginn í miðjunni. Op er í norðurhorni gerðisins. Hlutverk gerðisins er óljóst en líklega er hér um þurrkkví að ræða þar sem fiskur hefur verið þurrkaður.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Herslugarður 084, horft til norðurs

SN-125:085 tóft hjallur

64°54.065N 23°55.976V




Hjallur 085, horft til suðurs

Tóft og þúst eru á milli tófta 087 og 084 og um 220 m suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru í túni fast suðaustan við Útnesveg 574 sem liggur í gegnum túnið. Túnið er grasgefið og er melgresi sem vex í vegkantinum er kominn í minjarnar.

Minjarnar eru á svæði sem er um 9x5 m að stærð og snýr norður-suður. Syðst er óvenjuleg tóft A sem er um 4x4 m að stærð. Á öllum hornum hennar eru stórir steinar. Steinninn í suðvesturhorninu er reyndar undir sverði og að mestu hulinn gróðri. Einnig er stór steinn um 1 m vestan við norðausturhornið. Óljóst má sjá móta fyrir einu hólfi í tóftinni sem er um 1,5 m í þvermál. Ógreinileg op eru á tóftinni til vesturs og norður. Mesta hæð tóftar er um 1 m. Ekki sést annað grjót en það sem þegar hefur verið nefnt. Fast norðan við tóftina er þúst sem er um 5x5 m að stærð. Vesturbrún hennar er samtengd tóft A og kann hér að vera um sama mannvirkið að ræða. Stór steinn er á vesturbrún þústarinnar um 1 m norðan við tóft A. Austurhlið þústarinnar er óljós og nær hún lengra til austurs en tóftin. Ekki sést móta fyrir hólfum í þústinni sem er um 0,6 m á hæð. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en lögun þeirra bendir helst til þess að þarna hafi verið undirstöður fiskhjalla.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



64°54.046N 23°55.952V

Þúst 086, horft til suðausturs

SN-125:086 þúst

Þúst með grjóti í er í túni um 20 m SSV við þurrabúðartóft 074, um 20 m norðvestan við túngarð 056 og um 250 m suðaustan við bæ 001.

Þústin er á náttúrulegri hæð eða brún í suðausturhluta túnsins sem er suðaustan við Útnesveg 574.

Þústin er um 5x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Á þremur hornum hennar eru stórir steinar sem virðast vera leifar af mannvirki. Ekki er steinn í norðvesturhorni. Frá norðausturhorni er óljós kantur til vesturs sem afmarkar óljóst vesturhlið mannvirkisins. Óljós dæld eða klauf er í vesturenda mannvirkisins á milli steins í suðvesturhorni og norðvesturhorns. Hlutverk mannvirkisins er ekki ljóst en mögulega eru þetta undirstöður hjalls.


Hættumat: engin hætta

SN-125:087 tóft bústaður

64°54.075N 23°55.951V



Tóft 087, horft til norðvesturs



Tóft er um 20 m norðaustan við tóft 085, um 30 m norðan við þurrabúðartóft 074 og um 230 m suðaustan við bæ 001. Tóftin er í túni fast suðaustan við Útnesveg 574 og hefur hluti tóftarinnar raskast við vegagerð. Sunnan við tóftina eru grónir hólur sem virðast vera náttúrulegir.

Tóftin er um 17x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í þrjú hólfi. Í suðvesturenda er hólf I sem er um 1,5x4 m að innanmáli. Líklega var op á því til norðvesturs. Hólf II er samsíða hólfi I og snúa þau bæði norðvestur-suðaustur. Hólf II er um 1x3 m að innanmáli og hefur að líkindum verið op á því til norðvesturs en

norðvesturhluti tóftarinnar er horfinn að hluta vegna vegagerðar. Hólf III er gerði sem sést að hluta og er að hluta horfið vegna vegagerðar. Sá hluti hólfsins sem sést er um 6x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á gerðinu í suðurhorni. Tóftin er öll gróin og ekki sést í hleðslur tóftin er að öllum líkinum torf- og grjóthlaðin. Mesta hæð tóftarinnar er um 1,4 m en hleðslur í hólfi III, gerðinu, eru ívið lægri eða 1,2 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mjög líklegt er að hér hafi verið enn ein þurrabúðin. Nafn hennar er ekki lengur þekkt.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SN-125:088 tóft bústaður

64°54.059N 23°55.911V



Tóft 088, horft til suðausturs



Þrískipt tóft er í túni um 15 m sunnan við tóft 090, fast norðvestan við túngarð 056 og um 270 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er í jaðri þess hluta túnsins sem er suðaustan við Útnesveg 574, innan um fjölda annarra tófta. Tóftin er torf- og grjóthlaðin, er um 10x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í norðausturenda. Það er um 3x0,5 m að innanmáli, mjög samansigið, og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðvesturs og í því má sjá grjót í veggjum en ekki sést fjöldi umfara. Samsíða hólfi I til suðvesturs er hólf II sem er um 3x0,5-1 m að innanmáli. Það snýr líka norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðvesturs. Við vesturhorn tóftar er hólf III sem er útflatt og ekki sést innri brún veggja í því. Utanmál hólfsins er 4x3 m og snýr það norður-suður. Mesta hæð þess er 0,3 m og er það hlaupið í þúfur. Framan við hólf I og II er 2 m breiður stallur sem er 0,5 m á hæð. Mesta hæð tóftarinnar er um 1 m að suðaustanverðu. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en líklegt er að hér sé enn ein þurrabúðin. Nafn hennar er ekki lengur þekkt.

Hættumat: engin hætta

SN-125:089 garðlag vörslugarður

64°52.406N 23°54.195V



Á vinstri mynd er garðlag 089A, horft til norðvesturs. Á hægri mynd er gryfja 089B, horft til suðurs

Sigið garðlag og meintur brunnur eru í Löngulág, um 485 m VNV við garðlög 104, um 730 m norðvestan við sel

047 og um 3,6 km suðaustan við bæ 001.


Minjarnar eru í grasi gróinni lág í hrauninu og er deiglent á þessu svæði þó að víðast sé þurrlent.

Minjarnar eru á svæði sem er um 40x10 m að stærð og snýr VSV-ANA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Í austurenda svæðisins er garðlag A sem liggur þvert á lágina þar sem hún er hvað mjóst. Garðurinn er um 10 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er grasi gróinn, er 1-1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Líklega er þetta vörslugarður sem hefur átt að hindra umferð fjár um lágina. Um 38 m VSV við garð A er gryfja B sem kann að vera náttúruleg en virðist vera manngerð. Gryfjan er um 1x1 m að innanmáli, nokkuð ferköntuð, og um 0,6 m á dýpt. Ekki sjást grjóthleðslur í henni. Vatn er í gryfjunni og er ekki útilokað að hér hafi verið brunnur. Í kringum gryfjuna er nokkuð sléttlent og er ekki ósennilegt að torf hafi verið rist hér og víðar í láginni þar sem ekki var mjög mikið grjót (sjá 015).

Hættumat: engin hætta

SN-125:090 tóft herslugarður

64°54.066N 23°55.917V




Tóft 090, horft til suðvesturs

Stór tóft er um 10 m norðan við tóft 088 og um 265 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er í túnjaðri suðaustan við Útnesveg 574 innan um fjölda annarra tófta.

Tóftin er um 8x9 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1,2 m á hæð og óljóst má greina í henni tvö hólfi en innri brún veggja sést lítið sem ekkert. Í suðvesturhluta tóftar sést móta fyrir hólfi I sem virðist vera um 2x5,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það mjókkar til norðvesturs. Veggstubbur skilur að hólfi I og hólfi II sem er í norðausturhluta tóftar. Aðeins sést móta fyrir innri brún hólfsins á suðaustur- og norðvesturhlíðum og ekki hægt að áætla stærð hólfsins. Í norðausturenda tóftarinnar er þúst sem er 2x1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega er þústin gróin klöpp sem tóftin var hlaðin við. Ekki sést skýrt op á tóftinni. Tóftin er gróin en hefur líklega verið torf- og grjóthlaðin. Mesta hæð hennar er um 1,2 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún er áþekkt öðrum minjum sem að líkindum hafa gegnt hlutverki þurrkkvía þar sem fiskur var þurrkaður (sjá t.d. 101, 077 og 084).

Hættumat: engin hætta



Tóft 091

SN-125:091 tóft

64°54.074N 23°55.916V

Tóft er í túni um 15 m norðan við tóft 090, um 15 m sunnan við tóft 092 og um 260 m suðaustan við bæ 001.


Tóftin er í túni suðaustan við Útnesveg 574 innan um fjölda annarra tófta.

Tóftin er einföld, um 7x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki virðist hafa verið hlaðinn veggur á norðvesturhlið tóftarinnar og líklegt að timburþil hafi verið þar. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m í suðausturenda. Tóftin er líklega torf- og grjóthlaðin þó ekki sjáist grjót í veggjum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en lag hennar bendir til þess að hún hafi gegnt hlutverki hjalls.

Hættumat: engin hætta

SN-125:092 tóft

64°54.080N 23°55.920V



Tóft 092, horft til suðausturs

Tóft er nálægt vegi um 15 m norðan við tóft 091 og um 250 m suðaustan við bæ 001.


Tóftin er í túni suðaustan við Útnesveg innan um fjölda annarra tófta.

Tóftin eða tóftarbrotið er um 4x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld. Ekki sést veggur fyrir norðvesturhlið en þar er óljós kantur. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóftin er gróin og ætla má að hún sé torf- og grjóthlaðin þó ekki sjáist í grjóthleðslur. Um 2,5 m norðvestan við tóftina er röð þriggja stórra steina sem snýr norðaustur-suðvestur og er um 3,5 m á lengd. Frá miðri grjótröð er svo röð tveggja steina til norðvesturs. Mögulega eru steinarnir leifar af mannvirki en það er óvíst. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SN-125:093 þúst

64°54.007N 23°56.112V



Þúst 093, horft til norðurs

Ógreinileg þúst er í túninu suðaustan Útnesveg 574, um 215 m suðaustan við bæ 001 og um 5 m suðvestan við tóft 008.

Túnið er mishæðótt en þústin er á óþýfðum hluta þess. Dökkgrænt og gróskumikið gras vex á þústinni og í kringum hana.

Þústin er um 11x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í suðausturhluta þústarinnar er bogadreginn veggur á svæði sem er 6x5,5 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Aðrir hlutar þústarinnar eru óljósir og kunna að vera náttúrulegir.

Hættumat: engin hætta

SN-125:094 tóft



Tóft 094, horft til suðausturs

Fast suðaustan við Útnesveg 574 er tóft um 210 m sunnan við bæ 001 og um 45 m vestan við þúst 093.

Minjarnar eru við vesturjaðar gamla heimatúnsins, fast norðaustan við uppþornaðan lækjarfarveg.

Tóftinni hefur verið raskað mikið vegna vegagerðar. Hún er um 13x8,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þrjú hólfi eru greinanleg í tóftinni. Hólf I er næst veginum í norðvesturhluta tóftarinnar. Aðeins sjást veggir til suðausturs og norðausturs. Það er um 12x4 m að innanmáli. Norðausturveggur er orðinn óskýr og rof er norðaustarlega á suðausturvegg sem gæti verið op inn í hólfið. Veggirnir í hólfi I eru um 1 m á breidd og hæstir eru þeir um 0,8 m. Tvö lítil og ógreinileg hólfi eru í suðausturhluta tóftarinnar. Suðvestara hólfið II er mun skýrara en hólfi III og er það um 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á því. Veggir þess eru um 0,6 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hólf III er um 2x2 m að innanmáli. Ekki sést op inn í það annað en áður nefnt rof á hólfi I. Tóftin er gróin og ekki sést í grjóti í hleðslum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SN-125:095 þúst

64°54.082N 23°56.027V


Þúst er í túni um 30 m norðvestan við veg og um 170 m suðaustan við bæ 001.

Mikið af túnfíflum vaxa á þústinni og í túninu í kringumhana er melgresi farið að spretta.

Þústin er um 6 m í þvermál og er um 0,7 m á hæð. Lögun þústarinnar og tegund gróðurs sem vex á honum gefa til kynna að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

64°54.005N 23°56.168V




Tóft 094



Þúst 095, horft til suðurs



Á mynd lengst til vinstri er tóft 096A, horft til VNV. Á miðjumynd er tóft 096B, horft til suðvesturs. Á mynd lengst til hægri er tóft 096C, horft til austurs



Þrjár tóftir eru um 320 m suðaustan við bæ 001 nærri norðurjaðri Bæjarhrauns.

Tóftirnar eru í tiltölulega flatlendum grösugum móa innan um hraunhóla.

Minjarnar eru á svæði sem er um 26x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er suðvestast á svæðinu. Hún er fast norðan og austan undir stórum kletti sem er mjög áberandi á svæðinu. Tóftin er um 10x4 m að stærð, snýr NNA-SSV og skiptist í fjögur hólf. Tóftin er líklega hlaðin úr torfi og grjóti. VSV-hlið tóftarinnar er sambyggð klettinum sem hún er undir og er hann nýttur í vegg á þeirri hlið. Í SSV-enda tóftarinnar er hólf I sem er um 1,2x1,2 m að innanmáli. Op er á hólfinu til austurs út úr tóftinni og til NNA inn í hólf II sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Óljóst op er á því til austurs úr tóftinni en einnig er op á því til NNA í hólf III. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í NNA-enda tóftarinnar er svo hólf IV sem er um 2x0,5 m að innanmáli. Op er á því til NNA og er ekki víst að það hafi verið hlaðinn veggur á þeirri hlið. Mesta hæð tóftar er um 0,8 m. Fast norðvestan við tóft A er náttúruleg laut á milli kletta sem kann að hafa verið notuð sem aðhald. Hún er um 5x6 m að innanmáli en engin skýr


mannaverk sjást í kringum hana. Tóft B er um 10 m sunnan við tóft A. Hún er tvískipt, byggð norðaustan við stóran flatan klett. Tóftin er líklega torf- og grjóthlaðin. Hún er um 7x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Í norðvesturenda er hólf I sem er um 2x2 m að innanmáli. Op er á því til norðvesturs út úr tóftinni. Hólf II er í suðausturenda tóftar. Það er um 0,5x2 m að innanmáli, op til norðausturs út úr tóftinni. Tóft C er um 16 m austan við tóft B og um 25 m norðaustan við tóft A. Hún er einföld, um 5x4 m að stærð, snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin er byggð vestan undir hraunhól, líklega torf- og grjóthlaðin þó ekki sjáist í grjóthleðslur í veggjum. Op er á tóftinni í suðvesturhorni. Hlutverk þessara tófta er ekki þekkt en líklegt er að a.m.k. tóftir A og B tengist skepnuhaldi.

Hættumat: engin hætta

Tóft er um 25 m sunnan við tóft 098 og um 300 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er hlaðin suðaustan undir stórra hraunhellu sem stendur upp á rönd við endann á hraungrýtishrygg.

Tóftin er um 4x4 m að stærð og er einföld. Hún er samansigin og hleðslur byrjaðar að hrynja inn í hana. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sést í grjóthleðslur en ekki er hægt að greina fjölda umfara. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Op er á tóftinni til suðvesturs. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.



Tóft 097, horft til norðausturs


Hættumat: engin hætta

SN-125:098 tóft

64°54.020N 23°55.952V



Tóft 098, hólfi I og II, horft til norðvesturs



Þrískipt tóft er í stórru laut um 20 m suðaustan við túngarð 056, um 12 m norðan við tóft 097 og um 280 m suðaustan við bæ 001.


Tóftin er í grasi grónum, sléttlendum móa innan um hraunhóla.

Tóftin er um 15x12 m að innanmáli og snýr nálega norðaustur-suðvestur. Í norðurhorni er hólfi I. Það er um 4x3 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðinn veggur afmarkar það til suðausturs og að hálfu leyti til suðvesturs. Að öðru leyti afmarkast hólfið af lautinni sem það er í en í þessu hólfi eru hliðar lautarinnar brattar og líklegt er að hólfið hafi að einhverju leyti verið stungið inn í lautina. Óljóst op er á hólfinu til suðvesturs, inn í hólfi III. Hólfi II er suðaustan við hólfi I. Hlaðinn veggur afmarkar það til norðvesturs en aflíðandi hliðar lautarinnar að öðru leyti. Ekki sést skýrt op á því. Hólfi III er í suðvesturhluta tóftarinnar. Það er um 11x7 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er mjóst í suðausturenda þar sem það er 4 m á breidd. Um 3 m norðvestan við suðausturendann breikkar hólfið til norðausturs um 3 m. Þar eru hlaðnir veggir sem myndar horn í hólfinu. Að öðru leyti virðist hólfið vera afmarkað af hliðum lautarinnar. Óljóst má þó greina leifar af hlöðnum vegg uppi á brún lautarinnar meðfram suðvesturhlið hólfsins. Hann er um 8 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Meintur veggur er útflattur, um 0,2 m á hæð, og sést glitta í grjóti á stöku stað. Hæð veggja á milli hólfa inni í tóftinni er mest 0,7 m. Þeir eru grónir, líklega torf- og grjóthlaðnir. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst en líklegt er að þarna hafi verið kálgarður eða rétt.

Hættumat: engin hætta

SN-125:099 tóft

64°54.023N 23°55.915V



Tóft 099, horft til ANA

Tóft er um 55 m norðaustan við tóft 096C og um 300 m suðaustan við bæ 001.


Tóftin er utan túns í flatlendum móa innan um hraunhóla.

Tóftin er einföld og er um 5x4,5 m að stærð, snýr NNV-SSA. Hún er úr torfi og grjóti og sjást 3 umför í innanverðum veggjum. Mesta hleðsluhæð innanmáls er um 1 m. Op er á tóftinni á VSV-hlið. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

SN-125:100 tóft

64°54.025N 23°55.929V



Tóft 100, horft til NNA

Tóft er um 12 m vestan við tóft 099 og um 290 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er utan túns á hraunhólsrana í flatlendum móa innan um hraunhóla.

Tóftin er einföld, er um 4,5x3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóftin er líklega torf- og grjóthlaðin en ekki sést í grjóti í veggjum f.ú. stóra hraunhelli sem er í SSV-horni tóftarinnar. Op er á tóftinni til VNV. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.


Hættumat: engin hætta

SN-125:101 gerði herslugarður

64°53.990N 23°56.022V

Stórt ferkantað gerði er skammt sunnan við túnjaðar, um 40 m suðaustan við kálgarð 077 og um 280 m suðaustan við bæ 001.

Gerðið er norðvestan við hraunkletta í fremur flatlendum móa.



Gerði 101, horft til norðvesturs

Gerðið er einfalt og er um 14x14 m að stærð. Hún er algróin og líklega torf- og grjóthlaðin. Mesta hæð veggja er um 0,8 m. Meðfram norðausturvegg er mjó renna sem er um 5 m löng, 0,3 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Í botni gerðis er gróið rof á stöku stað. Op er í vesturhorni gerðisins. Ekki sést

beðaskipting innan gerðis og líklegt er að fiskur hafi verið þurrkaður í gerðinu frekar en að það hafi verið kálgarður.

Hættumat: engin hætta

SN-125:102 tóft




Tóft 102, horft til ANA

Stór, óregluleg tóft er um 30 m vestan við tóft 101 og um 265 m suðaustan við bæ 001.

Tóftin er á fremur flatlendu svæði sunnan túns og ANA við þurran lækjarfarveg. Grónir hraunklettir eru um 50 m austan við tóftina.

Tóftin er sigin og orðin ógreinileg. Ekki er útilokað að hér sé um náttúrumyndun að ræða og það sem helst vekur grun um það er að sumt af því grjóti sem sést í veggjum eða hægt er að finna fyrir undir sverði er mjög stórt. Líklegra er þó að þetta sé mannvirki. Tóftin er um 20x15 m að stærð og snýr ANA-VSV. Tvö skýr hól sjást í henni og mögulega önnur tvö sem eru mjög óljós. Stærsta hólfið I er um 9x2-3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Ekki sést skýrt op inn í það en ANA-veggur er óljós og er næsta víst að þar hafi verið inngangur í tóftina. Hólf II er NNV við



Tóft 102

hólf I. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýrt op á því en líklega hefur það verið á suðausturhlið hólfsins. Í vesturhorni tóftar eru tvö óljós hólf sem hvort um sig eru um 1x1 m að innanmáli. Þessi hluti tóftarinnar gæti vel verið náttúrulegur. Veggir tóftarinnar eru allt að 4 m á breidd og hæstir um 0,5 m. Jarðfast grjót er fast austan við tóftina en virðist ekki vera hluti af henni. Tóftin er mjög fornleg en erfitt er að segja nokkuð um aldur eða hlutverk hennar án frekari rannsókna.

Hættumat: engin hætta

SN-125:103 gryfja brunnur
64°53.979N 23°56.066V

Gryfja er um 20 m sunnan við tóft 102 og um 280 m suðaustan við bæ 001.

Gryfjan er í gömlum, grónum vatnsfarvegi, sunnan og suðvestan við gamla heimatúnið.

Vatnsfarvegurinn er vaxinn grænu, gróskumiklu grasi og er 0,5-1 m á breidd neðst en víkkar upp. Hann er 0,5-1 m á dýpt. Gryfjan er þríhyrningslaga og er um 0,9x1,2 m að stærð, snýr norður-suður, og er um 0,5 m á dýpt. Ekki sést grjót í henni fyrir utan einn stein ofarlega í suðausturhorni. Fast norðvestan við gryfjuna er þúst í farveginum og kann hún að hafa myndast af uppmokstrinum úr gryfjunni eða tengst mannvirkinu á einhvern hátt. Líklegast er að hér sé um að ræða brunn, eða tilraun til að ná í vatn þar sem það rann áður á yfirborði í lækjarfarveginum. Ummerkin um gryfjuna eru það skýr að líklega er hún ekki mjög forn en ekki er gott að segja til um aldur hennar.

Hættumat: engin hætta



Gryfja 103, horft til suðurs

SN-125:104 garðlag rétt

64°52.338N 23°53.602V



Á vinstri mynd sést yfir náttúrulega aðhaldið í Löngulág. Garðlög 104 eru neðarlega á myndinni, horft til suðausturs. Á hægri mynd er garðlag 104A, horft til vesturs

Tvö lítil garðlög er í Löngulág, í norðvesturenda náttúrulegs aðhalds sem er afmarkað af hrauni. Garðlagið er um 260 m norðvestan við sel 047, um 60 m norðvestan við tóft 081 og um 485 m ASA við garðlag 089.

Í norðaustanverðri Löngulág myndar hraunið náttúrulegt aðhald sem er um 35x15 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Innan þess er tiltölulega flatlent graslendi. Hraunveggirnir eru allhár og brattir, sérstaklega til norðvesturs.

Garðarnir eru á svæði sem er um 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Garður A er austast á svæðinu. Hann er um 5 m lengd og liggur í mjúkum boga frá suðvestri til norðausturs. 2-3 m vantar upp á norðausturenda til að hann nái á milli hraunveggja. Garðurinn er um 1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Garðlag B er um 4 m vestan við suðvesturenda garðs A og um 7 m vestan við norðausturenda garðs A. Hann er mun ógreinilegri en garður A, er um 4,5 m á lengd og liggur NNA-SSV. Garðurinn nær milli hraunveggja, er um 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Um 2 m norðvestan við garð B kunna að vera leifar þrjú garðsins en það er mjög óljóst og er við rætur hraunveggjar. Líklega hafa garðarnir verið vörslugarðar og myndað litla rétt sem var að öðru leyti afmörkuð af

hrauninu.

Hættumat: engin hætta

SN-125:105 tóftir

64°54.054N 23°55.867V


Stór tóft og dæld eru um 300 m ASA við bæ 001.

Minjarnar eru uppi á og sitthvorumegin við gróinn hraunhól og er hóllinn notaður í vegg þar sem því var við komið. Fyrir utan hóllinn eru minjarnar á nokkuð jafnleðu og grösugu svæði um 20 m austan við gamla heimatúnið.

Minjarnar eru á svæði sem er um 25x18 m að stærð og snýr VNV-ASA. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er í ASA-enda svæðisins. Hún skiptist í fimm hólf, er 12x18 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hólf I er í miðjum vesturhluta tóftarinnar, er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á



Tóftir 105, horft til austurs. Dæld 105B er neðst á myndinni



Tóftir 105


því til vesturs. Í hólfinu má sjá grjóthleðslur í veggjum sem eru að síga inn en ekki er hægt að greina fjölda umfara. Fast sunnan við hólf I er hólf II sem er líklega kálgarður eða þurrkgarður fyrir fisk sem er um 8x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hleðslur þess liggja upp á hóllinn. Fast austan við hólf I er regluleg dæld IV sem er um 1,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Fast norðan við það er hólf III. Það er um 2x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er veggur á suðurhlið og er vesturlangveggur styttri en austurlangveggur. Þessi hluti tóftarinnar er gróinn og ekki sést í grjóthleðslur. Veggir eru

um 0,5 m á hæð. Fast austan við dæld IV er óljóst hólf V. Þar er slétt flöt uppi á hólnum sem hallar eilítið til norðurs. Grjóthleðslur sjást meðfram suður- og austurhliðum. Hólfið er um 4x4 m að innanmáli en mörk til norðurs og vesturs eru óljós. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,7 m (hólf II). Á sama hól og tóft A, en um 10 m vestar, er dæld B. Hún er um 2x2 m að innanmáli. Stór steinn er í innanverðri vesturhlið dældarinnar. Óljóst mótast fyrir veggjahleðslum til austurs og norðurs en hólbrúnn afmarkar ytri brúnn til suðurs. Dældin er um 0,2 m á dýpt. Hlutverk hennar er óþekkt. Tóftin hefur ýmis einkenni þurrabúðar, t.d. gæti hólf V verið leifar af hjalli og hólf II er líklega þurrkvi til að þurrka fisk í. Einnig er líklegt að dæld B sé leifar af hjalli.

Hættumat: engin hætta

SN-125:106 þúst byrgi

64°53.990N 23°57.184V



Þúst 106, horft til suðurs

Grjótpúst er um 80 m VSV við Malarbyrgi 057 og um 780 m VSV við bæ 001.



Þústin er á flatlendum sjávarbakka sem er grasi vaxinn að hluta en mjög sandi orpinn og kæfir sandurinn gróður í kringum þústina.

Þústin er um 3 m í þvermál og um 0,4 m á hæð. Í henni er lábarið hraungrýti en hleðslur eru hrundar inn og ekki sést fjöldi umfara. Líklega er þústin leifar af einhvers konar byrgi. Ekki er útilokað að þetta séu leifar af skotbyrgi sem skráð er á nr. 044

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SN-125:107 þúst

64°54.023N 23°57.009V



Fjöldi grjóthlaðinna mannvirkja er fast austan og suðaustan við Malarbyrgi 057, um 35 m VSV við minjar 052 og um 680 m VSV við bæ 001.

Minjarnar eru á grýttum en grasi grónum, flatlendum sjávarbakka.

Minjarnar eru á svæði sem er um 35x20 m að stærð og snýr norður suður. Á svæðinu voru skráð níu mannvirki sem fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Nyrst er gróin grjótpúst E. Hún er um 2,5x2,5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Í henni eru jarðlægir steinar, smáir steinar á jöðrum og innan þústar og lítið um stóra steina. Hlutverk þústarinnar er óþekkt. Tóft D er um 6 m suðaustan við þúst E. Tóftin virðist vera reist á grunni eldri tóftar sem er um 4x4 m að stærð. Greinileg samanfallin tóft er um 2,5x3,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Útlínur



Á vinstri mynd er mannvirki 107G, horft til VSV. Á hægri mynd er tóft 107D, horft til norðvesturs



Á vinstri mynd er grjótkös H, horft til vesturs. Á hægri mynd er grjóthringur F, horft til norðvesturs

veggja sjást vel nema í norðvesturenda og einnig sést innri brún norðausturveggjar. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást fjögur umför. Gróin grjótröð er fast suðaustan við tóftina og um 1,5 m norðaustan við tóft. Mögulega var op í austurhorni tóftarinnar. Heildarhæð tóftar og meintra eldri minja er um 1,2 m. Norðvestan við tóftina er mikil grjótdreif sem hefur safnast þar saman í lægð. Mögulega er grjótdreifin leifar af hrundu mannvirki. Grjóthringur F er um 35 m sunnan við þúst E. Hann er um 1,5x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grjóti af ýmsum stærðum er raðað í hring. Sumt af því er jarðlægt, annað ekki. Um náttúrumyndun gæti verið að ræða. Mannvirki G er um 10 m norðaustan við grjóthring F og um 20 m sunnan við tóft D. Mannvirkið er um 6x2,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Það er hlaðið utan í brún í landinu og innanvert í lægð. Mannvirkið skiptist í tvö rými. Í SSA-enda er rými sem er um 1x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki er hlaðið fyrir ANA-hlið. Hleðslur eru hrundar inn í rýmið. Hólf II er nokkuð hringlaga, er um 1,5x1 m að innanmáli, snýr ANA-VSV. Grjót hefur hrunið inn í það. Mesta hleðsluhæð innanmáls er um 0,4 m og hefur hún náð lengra niður en það sést ekki lengur vegna grjóthruns sem gróið er yfir. Stór rekaviðardrumbur er fast VSV við hólf I. Grjótkasir A-C og H-I hafa safnast fyrir í lægðum eða eru samfallnar hleðslur. Grjótkös H er langstærst, er um 10x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvær lægðir, engar hleðslur sjást. Henni svipar nokkuð til mannvirkis G. Kasir I og B eru um 3x1,5 m að stærð, snúa norðvestur-suðaustur. Kös A er um 2x1 m að stærð og snýr norður-suður. Kös C er um 1,5x1,5 m að stærð. Ekki er ljóst hvaða hlutverkum þessi mannvirki hafa gegnt.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

SN-125:108 þúst

64°54.055N 23°56.715V

Rústahóll er um 310 m austan við Malarbyrgi 108 og 400 m vestan við bæ 001.

Hóllinn er austan í rofabarði um 5 m sunnan við gönguleið að Gufuskálavör. Gróinn en grýttur sandur er til allra átta. Á svæðinu er virkt vindrof.

Rústahóllinn er um 10x10 m að stærð. Gróðurþekja er yfir norðurhluta hans en gróðurlaust er á syðri hlutanum. Efst á hólnum sést móta fyrir grunni tóftar sem er um 4x3 m að stærð, snýr NNV-SSA. Grjótraðir sjást best á NNV- og ANA-hliðum. Hæð grunnsins efst á hólnum er um 0,5 m en hóllinn er um 2 m á hæð. Í hleðslum sjást



Þúst 108, horft til norðurs

2-3 umför og fiski- og dýrabein sjást innan um grjótið. Afar líklegt er að fleiri mannvirki leynist í rofabarðinu sem hóllinn er í, sérstaklega þar sem það er hæst, til norðvesturs. Mögulega eru hér leifar af verbúð eins og verið er að grafa upp í verbúðarhólum 058 og 059.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

SN-125:109 varða samgöngubót



Varða 109, horft til norðausturs


SN-125:110 þúst herslugarður

Fjöldi herslugarða er að finna VNV við tún Gufuskála, um 180 m suðvestan við bæ 001

Minjarnar eru í sandorpnu hrauni, uppblásnu svæði sem er að gróa upp á köflum.

Minjarnar eru á svæði sem er um 280x50 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Alls voru skráðir 17 herslugarðar en ætla má að þeir séu enn fleiri þó að ekki hafi fleiri fundist við vettvangskönnun. Herslugarðarnir eru í aðalatriðum svipaðir að gerð. Þeir eru ferkantaðir að lögun, flestir 1-2 m á breidd, 4-6 m á lengd og 0,2-0,3 m á hæð. Undantekning frá þessari reglu er garður K en hann er 3x8 m að stærð. Skýringin á því kann að vera að þar séu tvö mannvirki sem ekki er lengur hægt að greina á milli. Meðalstóru hraungrýti er raðað meðfram brúnum garðanna og smærra hraungrýti og sandur er í miðjum gördunum. Þar sem enn sést hleðsla í köntum garðanna sjást 2-3 umför. Ekki er ein afgerandi stefna á gördunum. Víða sjást leifar af fiskibeinum inn á milli grjótsins. Í þremur gördum sem eru næst verbúðarhól 058 sjást blágrýtissteynar innan um hraungrýtið

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs



Þúst 108

64°53.913N 23°56.748V


Vörðubrot er um 550 m suðvestan við bæ 001, um 340 m suðaustan við Malarbyrgi 057 og um 100 m norðvestan við malbikaðan veg.

Varðan er uppi á hraunbrún sem snýr mót norðaustri. Norðaustan við brúnina er blásið hraun og sandur sem er að gróa upp. Hraunið uppi á brúninni er úfið og sandorpið en er að gróa.

Aðeins er um vörðubrot að ræða eða aðeins sést lítil hluti af henni. Hún virðist vera hlaðin ofan á og utan í jarðfasta klöpp. Norðvesturhlutinn er gróinn og er hundapúfa þar efst. Vörðubrotið er um 1,5x0,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, er um 0,8 m á hæð. Hleðslan sem sést er 0,5x0,5 m að stærð og 0,5 m á hæð. Í henni sást þrjú umför hleðslu. Líklegt er að varðan hafi verið við leið 631:002 sem lá að Hellissandi.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

64°53.953N 23°56.483V



Á vinstri mynd er herslugarður 110A, horft til norðurs. Á hægri mynd er herslugarður 110P, horft til norðausturs

SN-125:111 þúst

64°54.086N 23°56.549V



Á vinstri mynd er þúst 111A, horft til norðausturs. Á hægri mynd er þúst 111B, horft til SSA

Á milli verbúðarhóla 058 og 059 er uppblásturssvæði þar sem sjá má óskilgreindar byggingaleifar. Þær eru um 250 m ASA við bæ 001.



Þúst 111C, horft til suðvesturs

Svæðið milli verbúðarhólanna er grýtt og sandi orpið en þar vex melur og gras af veikum mætti.

Hægt er að greina þrjú mannvirki á svæði sem er um 40x22 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Vafalaust eru fleiri mannvirki undir sandi hér allt í kring en þessi er hægt að greina með nokkurri vissu. Suðaustast á svæðinu er grjótpúst C sem er á lítilli klöpp. Þústin og klöppin eru saman um 5x6 m að stærð og snúa ASA-VNV. Uppi á klöppinni, efst í þústinni, er grjóthryggur sem er um 4x2,5 m að stærð, snýr eins og þústin. Afliðandi halli er til SSA frá grjóthryggnum og er grjótdreif í honum og í henni sjást beinaleifar. Lítið af gróðri er á þústinni en mikið af sandi. Þúst A er um 8 m norðan við þúst C, norðaustast á svæðinu. Þústin er um 4x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Nokkuð skýr grjótröð er meðfram suðausturhlið þústarinnar en þó er um 1 m breitt skarð nokkurn veginn í hana miðja. Þar kann að hafa verið inngangur mannvirkið sem hér hefur að líkindum verið. Innan við grjótröðina í suðurhorni er afgerandi fiskibeinadreif á svæði sem er um 3x1 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er þakin grjóti en minnst er það þar sem beinadreifin er. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð. Þúst B er um 12 m VNV við þúst C og um 15 m suðvestan við þúst A. Hún er við norðurenda jarðvegstorfu og nyrst í henni, næst þústinni, er klöpp. Ekki er ólíklegt að mannvistarleifar leynist undir jarðvegstorfunni. Litlu norðan við þústina er grjóthrúga sem virðist vera nýleg. Þústin er um 7x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Greina má grjótraðir meðfram langhliðum og virðist hún skiptast í tvo hluta. Fast austan við grjótröð á austur-langhlið er önnur regluleg grjótröð, mögulega ytri brún austurveggjar. Þar austan við er svo jarðlæg grjótdreif og beinaleifar innan um hana. Aðeins hluti grjótsins í þústinni stendur upp úr jörðu og nær það hæst 0,2-0,3 m upp úr yfirborði. Grafinn var prufuskurður í þessa þúst árið 2012 sem var 2x1 m að stærð. Grafið var niður á 1,27 m dýpi en þá var ákveðið að fara ekki dýpra af öryggisástæðum. Í austurenda skurðarins eru veggjahleðslur og hrun en engin engin mannvistarlög komu í ljós í skurðinum, í honum var einungis sandur. Prufuholan leiddi í ljós að þarna er um að ræða stórt mannvirki með háum og þykkum veggjum en ekkert er hægt að segja um hlutverk þess án frekari rannsóknar.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: LBP FS512-08233, 34

SN-125:112 þúst

64°54.146N 23°56.366V


Grjótpúst er á sjávarbakkanum um 40 m suðaustan af Gufuskálavör 055 og um 115 m norðvestan við bæ 001.

Sjávarbakkinn er grösugur en sendinn og grýttur. Minnismerki um Elínborgu Þorbjarnardóttur, húsfreyju á Gufuskálum, er fast austan við minjarnar.


Þústin er í norðausturenda gróðurstorfu sem er um 11x7 m að stærð. Líklegt er að frekari mannvirki leynist undir sverði. Þústin er um 3x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hæst um 0,4 m. Ekki sést móta fyrir hólum í þústinni. Á öllum hliðum þústarinnar sést í grjóthleðslur, nema í suðurhorni. Einnig er grjót efst í þústinni en gróið er yfir það. Í sandinum innan um hleðsluna sést í fiskibeinaleifar. Steypuleifar eru í grjóthleðslunni á norðvesturhlið sem bendir til þess að mannvirkið sé frá 20. öld eða að endurbætur hafi verið gerðar á því á síðustu öld. Mögulega er þústin leifar af undirstöðum fyrir spil.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots





Þúst 112, horft til suðurs



Tóftir 113

SN-125:113 tóftir

64°54.095N 23°56.405V

Uppblásnar tóftir, þústir og hleðslur eru um 140 m vestan við bæ 001.

Minjarnar eru á hól sem er uppblásinn að stórum hluta fast vestan við gamla heimatúnið. Há og brött brekka er af uppblásturssvæðinu upp á túnið. Gróíð hefur aftur yfir minjarnar að hluta. Fiskibein sjást víða á svæðinu en einnig sjást nútímaminjar s.s. glerbrot og járnarúsl á svæðinu.

Átta mannvirki sjást á svæði sem er um 45x20 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Syðst á svæðinu er mannvirki A sem er um 5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Greina má vegg í því sem liggja í skeifu. Það hallar undan mannvirkinu til suðausturs. Rof er inni í mannvirkinu. Stór grjótpúst B er um 10 m norðan við A. Grjótið í þústinni er sumsstaðar gróíð við svörð en annars í sandi. Þústin er um 7x5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, og er um 0,5 m á hæð. Skýr grjótröð sést á norðvesturlanghlið. Fast norðan við þúst B er tóft C. Innri brúnir veggja tóftarinnar sjást vel. Tóftin er um 6x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Ekki sést skýrt op á henni en líklega hefur það verið á vesturenda. Aðeins sést eitt umfar hleðslu í veggjum og eru þeir 0,1-0,2 m á hæð. Grjótdreif er allt í kringum tóftina og mikið er af fiskibeinum á milli suðvesturenda þústar B og tóftar C. Fast norðan við tóft C er lítil grjótpúst D. Hún er um 2x1,5 m að stærð, snýr SSV-NNA, og er um 0,2 m á hæð. Þústin er í suðvesturenda gróðurtorfu sem enn er á hólum sem minjarnar eru á. Gróðurtorfan er um 16x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðausturhlið hólins sem minjarnar eru á er uppblásin og þar er grjótdreif E. Þar er bæði samhengislaust grjót og stuttar



Á vinstri mynd er þúst 113B, horft til norðurs. Á hægri mynd er tóft 113C, horft til vesturs



Á vinstri mynd er tóft 113F, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er hleðsla 113H, horft til norðurs

grjótraðir en ekki er hægt að sjá skýrar útlínur mannvirkis. Grjótadreifin er á svæði sem er um 10x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svæðinu hallar til suðausturs. Tóft F er fast sunnan við grjótadreif E og tengist henni væntanlega. Tóftin er á lítilli klöpp á hólnum og er um 3 m í þvermál. Eitt hól er í tóftinni sem er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr nálega ASA-VNV og er op á því til VNV sem virðist liggja inn í mjóan gang. Hann liggur norður-suður og er um 2 m á lengd og 1 m á breidd með hleðslum. Að meintum gangi meðtöldum er tóftin um 5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Aðeins sést eitt umfar í hleðslum og eru veggir tóftar 0,2-0,3 m á hæð. Hrunið er úr tóftinni til austurs. Fast suðaustan við þúst B er grjótröð G sem liggur í L og er um 2x2 m að stærð. Hleðsla H er um 16 m norðvestan við þúst D. Hún er NNV við hólinn sem minjar A-G eru á. Hleðslan er 1-1,5 m á breidd, um 12 m á lengd og liggur norður-suður. Hún hverfur inn í gróðurtorfu en stefnir á minjar 114. Hleðslan er jarðlæg og sést örla á grjóti upp úr henni, upp úr sandi orpnunum sverðinum. Hleðslan er 0,1-0,2 m á hæð. Mögulega hefur hún tengt á milli þess minjasvæðis sem hér er skráð og minja 114. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en ætla má að það hafi tengst útgerðinni á Gufuskálum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs


SN-125:114 þúst

64°54.131N 23°56.417V

Þrjár þústir og tvær hleðslur eru á sjávarbakkanum ofan við uppsátur 061, á milli verbúðarhóls 058 og minnismerkis um Elínborgu Þorbjarnardóttur, húsfreyju á Gufuskálum.

Sjávarbakkinn er uppblásinn og grýttur. Gras og melur vex með erfiðismunum í sandinum innan um grjótið.

Minjarnar eru á svæði sem er um 32x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Austast er stutt hleðsla A sem er um 4 m á lengd og snýr ANA-VSV. Hún er einföld grjótröð á hæð og breidd. Hún tengist mögulega grjótröð sem sést í þúst 058E. Um 1 m ANA við endann á henni er þúst B. Hún er um 3x7 m að stærð og snýr ANA-VSV. Í henni er grjót og sandur. Þústin er 0,5-0,6 m á hæð. Óljósar hleðslur liggja frá ANA- og VSV endum til NNV að steinum sem afmarka meinta lendingu 061_08. Fast ANA við hana er jarðlæg hleðsla C sem er um 4 m á lengd og snýr ANA-VSV. Um 2 m ANA við hana er þúst D sem er um 2x2 m að stærð. Bein sjást í miðri þúst þar sem ekki sést í grjót. Þústin er orðin jarðlæg og er aðeins um 0,2 m á hæð.



Á vinstri mynd er hleðsla 114A neðst á mynd og svo þúst 114B, horft til vesturs. Á hægri mynd er þúst 114D neðst á mynd og svo hleðsla 114C, horft til austurs

Frá norðvesturhorni horni þústar eru hleðsla í framhaldi af vesturbrún þústarinnar sem er um 1 m á lengd. Gata er fast sunnan við hleðsluna og kann að hafa raskað henni. Laust grjót og jarðlægt er til SSA. Þúst E er fast ANA við þúst D og er líklegt að þar séu mannvistarleifar enn undir sverði. Þústin er um 10x12 m að stærð og snýr nálega norður suður. Við norðausturhorn þústar E má greina hól F sem er um 1,5x5,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Nokkuð skýr innri brún, grjótröð, sést í hólfinu en mikið er af grjóti inni í hólfinu. Það tengist hleðslu í NNV-enda sem liggur 3 m til vesturs og svo 1 m til norðurs. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt en ætla má að sambengi sé á milli þeirra og uppsátra 061.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

SN-125:115 þúst
64°54.149N 23°56.352V

Fast suðaustan við norðaustustu uppsátrina 061 og austan við minnismerki um Elínborgu Þorbjarnardóttur er allstór gróðurtorfa sem tengist heimatúninu en er um 100 m norðvestan við bæjarhól 001.

Uppblástur er farinn að herja á torfuna, sérstaklega í vesturenda og þar eru grjóthleðslur farnar að sjást



Þúst 115, horft til norðausturs

upp úr sverði. Líklegt verður að teljast að mikið af mannvistarleifum séu undir torfunni næst sjávarbakkannum. Meintar grjóthleðslur sjást á svæði sem er um 25x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Stærð svæðisins þar sem líklegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði er í heild um 55x25 m að stærð og snýr eins. Á þessu svæði er gróðurtorfan 1-1,5 á hæð þar sem hæst er.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

SN-125:116 þúst

64°54.566N 23°55.822V




Þúst 116, horft til vesturs

Stór grjóþúst er um 900 m norðan við bæ 001.

Hún er á sendnum og grýttum sjávarbakka. Ekki er líklegt að þústin tengist framkvæmdum við lóranstöðina þar sem hún er um 90 m norðan við svæðið sem er afgirt í kringum hana.

Þústin er um 10x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún mjókkar til beggja enda og er um 1,2 m á hæð. Einhverjar hleðslur virðast hafa verið í þústinni en þær eru samfallnar. Í þústinni er grjót af öllum stærðum. Engar vísbendingar eru um hlutverk þústarinnar.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Þúst 116

SN-125:117 þúst

64°54.207N 23°56.226V



Á vinstri mynd er þúst 117, horft til vesturs. Á hægri mynd er meint uppsátur, horft til norðurs

Þúst er um 180 m norðan við bæ 001 og um 110 m norðaustan við norðaustasta uppsátrið 061. Meint vör 071 er um 40 m norðvestan við þústina.

Þústin er fast austan við girðingu sem afmarkar svæði í kringum gömlu lóranstöðina, á grýttum og uppblásnum sjávarbakka.

Þústin er um 18x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 1,5 m á hæð þar sem hún er hæst. Rof er virkt í

Þústin og við austurenda hennar eru óljósar hleðslur að koma í ljós. Í kringum þúst og meinta hleðslur eru steypuleifar sem vekur nokkra furðu en þær geta hafa borist með sjónum sem gengur á land og dreifir rusli og byggingaleifum sem er litlu austar í fjörunni. Fast sunnan við þústina er grjótdreif en ekki sjást hleðslur þar. Ekki sjást beinaleifar í þústinni. Fast austan við þústina eru mögulega leifar af uppsátri sem svípar til uppsátra 061. Þar er vik inn í sjávarbakkann og fleiri slík kunna að vera til austurs en ekki er hægt að greina þau vegna landbrots og mikils magns grjóts sem þekur svæðið.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

SN-125:118 þúst

64°54.136N 23°56.367V

Lítill grjótpúst er skammt frá sjó um 20 m ANA við þúst 114E og um 20 m sunnan við þúst 115.

Þústin er á flatlendu, sendnu, og að hluta grasi grónu svæði á milli fjöru og heimatúns.

Þústin er um 3x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Í henni eru grónir, jarðlægir steinar og er mesta hæð hennar 0,2 m. Allt í kringum hana er grjót, aðborið og jarðlægt.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs



Þúst 118, horft til norðurs

SN-125:119 Sel tóftir sel

64°52.321N 23°53.075V




Á vinstri mynd er horft yfir selstæðið til suðurs. Á hægri mynd eru tóftir 119B og 119C, horft til ASA



Á vinstri mynd er tóft 119F, horft til suðausturs. Á hægri mynd er hellisskúti og hleðsla 119E, horft til suðurs

"Fyrir innan Löngulág er svæði kallað Sel, og er þar nú allt lyngi vaxið, en glögglega sér þó enn fyrir



selrústunum," segir í örnefnaskrá. Á svæðinu sem kallað er Sel eru tvö selstæði, sjá einnig sel 120. Það sel sem hér er skráð er um 50 m sunnan við sel 120 og um 4,2 km suðaustan við bæ 001. Um 230 m norðan við sel 119 og 120 er svo sel 017 og kann örnefnið einnig að ná yfir svæðið sem það er á.


Seljaminjarnar eru í náttúrulegri lægð í mosa-og grasigrónu hrauni. Hraunið er fremur flatlent en lægðin sem minjarnar eru í er 1-1,5 m á dýpt og eru hellisskútar sumsstaðar í innanverðum jöðrum hennar. Þar sem lægðin er dýpst er djámosi og engjagróður sem gefur til kynna að þar hafi staðið vatn eða verið votlent, e.t.v. lítill tjörn eða uppspretta.

Alls eru minjar á svæði sem er um 30x15 m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess eru sex tóftir og einn hellir. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Á miðju svæðinu austanverðu er tóft A sem er einföld, um 4x3 m að stærð og snýr VSV-ANA. Op er á henni til NNV. Tóftin er úr torfi og grjóti og er mesta hleðsluhæð um 0,6 m. VSV-endi tóftarinnar er hlaðinn upp við jaðar lægðarinnar sem minjarnar eru í. Fast ANA við tóft A er tóft F. Hún er einföld, um 5,5x3 m að stærð og snýr NNV-SSA og er op á henni til NNV. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Tóftin er hlaðinn upp við innri brún lægðarinnar sem myndar vegg til ANA. Á miðri þeirri hlið tóftarinnar er op inn í lítinn hellisskúta inn í hraunið en ekki er víst að hann hafi

verið nýttur. Mögulega eru tóftir A og F eitt og sama mannvirkið. Tóft B er um 5 m norðan við tóft F og er hún einnig hlaðinn upp við innri brún lægðarinnar. Tóftin er tvískipt, hlaðinn úr torfi og grjóti. Hún er um 5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda er lítið hólfi I sem er um 1x1 m að innanmáli. Op er á því til vesturs. Þar norðvestan við er hólfi II sem er um 1,5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til norðvesturs og er óvíst að þar hafi verið hlaðinn veggur. Norðausturhlið hólfs II er ógreinilegur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m í suðausturenda og sjást þrjú umförl hleðslu í innanverðu hólfi I. Fast norðaustan við tóft B er tóft C. Hún er einföld og er torf- og grjóthlaðin. Tóftin er um 5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni til vesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,9 m og sjást þrjú umförl hleðslu í dyraopi. Austan við tóftina er stór hellisskúti í hrauninu en ekki er að sjá að opið hafi verið úr tóft inn í skútann en tóftin hindrar aðgengi að skútanum nema að ofanverðu. Tóft D er um 8 m vestan við tóft B. Hún er orðin mjög sigin og er hlaðinn við aflíðandi innri brún lægðarinnar. Tóftin er um 7x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er einföld og ekki sést skýrt op á henni. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m og er tóftin farin að hlaupa í þúfur. Líklega er hún torf- og grjóthlaðin eins og aðrar tóftir í selinu. Hellisskúti E er um 2 m sunnan við tóft D. Óljóst má greina hleðslu eða kant á milli skútans og tóftarinnar. Hellisskútin er 5x1,5-2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 1-1,2 m á hæð og gólfið í honum er nokkuð slétt. Engin greinileg ummerki um mannaverk eru inni í skútanum en við utanverðan munnann eru hleðsluleifar sem eru um 1 m á breidd og 1 m á hæð. Ekki er ljóst til hvers skútin var notaður en líklegt er að hann hafi verið notaður sem búr fyrir mjólk og mjólkurafurðir sem framleiddar voru í selinu. Lítil sigin tóft G er um 3 m suðaustan við tóft A. Hún er einföld, um 2,5x2,5 m að

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 3

64°52.358N 23°53.053V



Gröngjórnir er stjórnað og eingræddur og þar kann að hafa staðið áttán língir eða tólf áttán língir. Alls eru minjar á svæði sem er um 65x30 m að stærð og snýr norður-suður. Innan þess eru sjö tóftir, ein hleðsla og einn hellir. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Allar minjarnar nema tóft I eru innan svæðis sem er um 40x25 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóft A er stærsta tóftin á svæðinu. Hún er tvískipt, um 9x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er mesta hleðsluhæð um 0,7 m. Hólf I er í suðausturenda. Það er um 4x1-1,5 m að innanmáli og op er á því til suðvesturs. Hólf II stendur lægra norðvestan við hólf I og er um 2x1 m að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur og er op á því til suðvesturs. Tóft E er um 7 m suðvestan við tóft A. Hún virðist vera einföld, er um 4x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á tóftinni til norðausturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Óljóst hólf, mögulega eldra, er norðvestan við tóft. Það er um 2x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Mögulega var einnig hólf suðaustan við tóftina en þar er lægð á milli tóftar og lítils hraunhóls. Lægðin er um 3,5x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Við norðausturendann er stór þúfa sem kann að vera leifar af hlöðnum vegg. Hellir F er í litla hraunhólnum fast ASA við tóft E. Þar er op inn í helli sem er náttúrulegur og er um 4x6 m að innanmáli.



Á vinstri mynd er horft yfir hluta selstæðisins til suðurs. Á hægri mynd er tóft 120A, horft til austurs



Á vinstri mynd er tóft 120B, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er hellisskúti og hleðsla F, horft til suðurs


Hellirinn er um 1,5 m á dýpt þar sem hann er dýpstur og snýr norðvestur-suðaustur. Hann grynncar til suðausturs. Hleðsla er framan við hellismunnann. Hún er gróin en virðist vera torf- og grjóthlaðin. Hleðslan er um 1,5x1 m að stærð og 0,6 m á hæð, snýr norðvestur-suðaustur. Ofan á suðaustanverðum hraunhólnum er bunga sem vaxin er grænu grasi og getur verið hellisþakið hafi verið treyst og þéttað með torfhleðslum. Hellirinn hefur að öllum líkindum verið notaður sem búr fyrir mjólk og mjólkurafurðir sem framleiddar voru í selinu. Ógreinileg tóft H er um 6 m norðvestan við tóft A. Hún er um 3,5x3,5 m að stærð en er ójós til SSA þar sem er stórþýft. Eitt hól er greinanlegt og mögulega hefur verið op í báða enda, til SSA og NNV. Mesta hæð meintra veggja er um 0,4 m. Hleðsla G er um 2,5 m sunnan við tóft A. Hún er um 2x2 m að stærð, liggur í L. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Líklegt er að hleðslan hafi tilheyrt tóft A en þó er það óvíst. Sigin tóft D er um 20 m vestan við tóft A og um 15 m sunnan við tóft C. Hún er um 6,5x5,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Óljóst op er á henni til vesturs. Tóftin er einföld og er innanmál hennar skýrt en ytri brún veggja er ógreinileg og er að hverfa í þýfi. Mesta hæð tóftar er um 0,4 m. Tóft B er um 20 m norðvestan við tóft A. Hún er einföld, er um 4x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hæð veggja er 0,5-0,6 m. Op er á tóftinni til suðausturs og mögulega var annað op í suðausturenda en þar virðist einhvers konar rask hafa orðið. Á milli tófta B og C er hraunhella og hellisskúti undir henni. Tóft C er ofan á hluta hellunnar. Tóftin er þrískipt, er um 8x9 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Grjót sést í suðvesturenda hólfs III. Hólf I er um 2,5x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Óljós veggur skilur á milli hólfa I og II. Op er á honum til norðvesturs. Hólf II er um 2,5x2 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í norðurhorni. Hólf III er um 3,5x2 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur, op er á því til suðvesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóft I er hlaðin framan við og inn í lítinn hellisskúta, um 35 m norðan við tóft B. Hellisskútinn er lágur, um 6x2 m að innanmáli þar sem hægt er að greina það og 0,5-1 m á hæð. Tóftin er um 2,5x3 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Norðausturlangveggur liggur frá hellismunna til norðvesturs og suðvesturlangveggur liggur ofan í hellinn. Þar sjást grjóthleðslur í enda veggjarins. Renna er meðfram tóft að suðvestanverðu niður í hellinn. Mögulega er hlaðið meðfram henni að suðvestanverðu en hleðslur sjást ekki. Tóftin er einföld og

samansigin. Hleðslubrot eða gróið hrun er í suðausturenda hennar. Tóftin er um 1x0,5 m að innanmáli og mesta hleðsluhæð 0,6 m. Þar sem sést í hleðslur eru 3 umför sýnileg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 3

SN-125:121 tóftir sel



Sel 121

64°51.971N 23°53.452V

Selstæði er um 4,5 km suðaustan við bæ 001 og um 550 m suðvestan við næsta sel 017 sem er norðan við Gufuskálamóðu.

Selið er vestan undir hlíðum hraunhóla vestan við Rauðhól. Sunnan og suðvestan við selið eru lyngi vaxnar brekkur og nokkurt haglendi er á sléttlendi til vesturs. Um 70 m norðan við selið er Gufuskálamóða. Götur á Prestahraunsstíg 631:001 sjást vestan og norðan við selið.

Minjarnar eru á svæði sem er um 55x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á svæðinu voru skráðar sjö tóftir og fá þær bókstaf til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir. Tóft A er austast á miðju selstæðinu. Hún stendur hæst og er á hól sem er sennilega að hluta náttúrulegur en að hluta uppsafnaðar mannvistarleifar. Tóft A, ásamt tóftum F og E (og ef til vill einnig D) virðast yngstar á svæðinu en hinar tóftirnar eru signar og lyngi vaxnar. Tóft A er þrískipt. Hún er torf- og grjóthlaðin eins og aðrar tóftir virðast vera á svæðinu. Tóftin er um 11x7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í hæsta hluta tóftarinnar og er stærst, eða 5x1 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur og op er á því til suðvesturs. Óljóst má greina vegg sem skiptir hólfinu í tvennt. Í suðausturenda er þá hól sem er um 2x1 m að innanmáli og í norðvesturenda er hól sem er um 2,5x1 m að innanmáli. Hólf II er norðvestan við hól I. Það er um 1,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður, ekki sést op á því. Hólfið II stendur lægra en hól I, er hlaupið í þúfur og orðið óskýrt.

Hólf III er enn signara og lyngi vaxið en aðrir hlutar tóftarinnar eru grasi vaxnir. Líklega tilheyrir hólfi III eldra byggingarstigi tóftarinnar. Hólfið er norðaustan við hólfi II og er um 1x1 m að innanmáli. Ekki sést op á því. Mesta hleðsluhæð tóftar A er um 0,6 m. Tóft B er um 10 m NNV við tóft A. Hún er tvískipt, er um 8x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hólf I er í vesturenda og er það um 1,5x1 m að innanmáli. Op er á því til vesturs. Hólf II er suðaustan við hólfi I. Það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Óljóst op er á því til suðausturs, út úr tóftinni, en ekki sést op á milli hólfa. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,5 m. Tóft C er um 20 m vestan við tóft B. Hún er mjög sigin og ógreinileg og er hlaðin austan undir lágan hraunhrygg. Tóftin er einföld, um 10x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hraunhryggurinn sem tóftin er hlaðin upp við er nýttur sem vesturlangveggur. Ekki er skýrt op á tóftinni og mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Tóft D er um 15 m VSV við tóft A. Hún er tvískipt, um 9x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf I er um 3x0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til norðurs. Hólf II er í austurenda tóftar. Það er um 1x0,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Opið er á milli hólfa og óljóst op er úr hólfi II til suðurs. Tóft E er um 10 m suðaustan við tóft D. Hún er einföld, um 4 m í þvermál. Op er á henni til vesturs og mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Óljóst þúfnasvæði er sunnan og suðvestan við tóftina og mögulegt er að þar leynist eldri mannvirki undir sverði. Tóft F er um 12 m VSV við tóft E. Hún er þrískipt, um 14,5x6 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðurenda er hólfi I. Það er um



Á vinstri mynd er horft yfir selið til suðurs. Á hægri mynd er tóft 121A, horft til suðurs



Á vinstri mynd er tóft C, horft til suðurs. Á hægri mynd er tóft F, horft til suðurs

1,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óskýrt op inn í tóftina er í norðurenda hólfsins. Óljós veggur er á milli hólfa I og II og ekki sést op á honum. Hólf II er um 1,5x1,5 m að innanmáli ekki sést op inn í það. Hólf III er mjög hlaupið í þúfur og er mögulega eldra en aðrir hlutar tóftarinnar. Það er í suðurenda tóftarinnar. Hólfið er um 3x3 m að innanmáli, ekki sést skýrt op á því. Mesta hæð tóftar er um 0,7 m. Tóft G er um 20 m ASA við tóft F. Hún er tvískipt, 10x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er mjög sigin, aðeins 0,3 m á hæð, og hallar undan henni til vesturs. Hólf I er í vesturhluta tóftar. Það er um 6,5x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það mjókkar til vesturs og er op á því til vesturs. Innri brúnir hólfsins eru óreglulegar og mögulega hefur það skipst upp í fleiri, minni hólfa. Hólf II er í austurenda tóftarinnar, er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er á því til vesturs inn í hólf I. Mögulega hefur austurhlutinn verið grafinn inn í aflíðandi hallann.

Hættumat: engin hættu


SN-125:122 tóft bústaður

64°53.957N 23°55.667V

Stór tóft er um 530 m suðaustur af bæ 001 og um 100 m austan við Stekkjartröð 039. Tóftin er um 6 m austan við malarveg sem liggur um skarð á milli Bæjarhrauns og Bekkjarhrauns.

Tóftin er á stórþýfðu flatlendi þar sem stöku hraunhöll sést.

Tóftin er um 16x13 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og skiptist í sex hólfa. Tvö stærstu hólfin eru í tóftinni miðri þar sem tóftin er hæst en sá hluti hennar er um 10x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Austast í tóftinni er hólf I sem er um 5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er skýrt op á hólfinu. Vestan við hólf I er hólf II sem er um 5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til suðurs út úr tóftinni og til norðvesturs inn í hólf III. Grjóthleðslur sjást í opi í suðurenda. Hólf III er við norðvesturhorn hólfs II og er um 1x0,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Lítilsháttar grjótleðslur sjást í hólfinu. Hólf IV er við norðausturhorn hólfs I. Það er allt hlaupið í þúfur og ekki er hægt að sjá innanmál þess en utanmál þess er nánast það sama og í hólfi III. Ekki sést op á hólfi IV. Hólf V er við suðvesturhorn hólfs I og er það mjög áþekkt



Tóft 122, horft til norðurs

hólfi IV að stærð og gerð og ekki sést innanmál þess vegna þýfis. Á milli hólfa III og IV er hólfi VI. Það er um 7x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Mesta hæð þess hluta tóftarinnar sem hólfi I og II eru í er um 1,2 m en mesta hæð hornhólfa III-V og VI er 0,5-0,6 m. Hlutverk tóftarinnar er

ekki þekkt en líklegt að hér sé um þurrabúð að ræða. Ekki er vitað hvert nafn hennar var.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SN-125:123 varða

64°53.493N 23°55.459V



Á vinstri mynd er varða 123A, horft til vesturs. Á hægri mynd er varða 123B, horft til austurs

Tvær vörður eru uppi á Hríshól, um 1,3 m suðaustan við bæ 001.

Hríshóll er afgerandi hóll við norðvesturjaðar Bæjarhrauns í skarði milli Bæjarhrauns og Bekkjarhrauns. Hóllinn er nokkuð sporöskjulaga, stór og hár. Í hlíðum hans vex lyng og lágvaxið birki en hann er gróðurlaus að ofan þar sem eru sléttar klappir, melur og grágrýtis-eggjagrjót. Uppi á hólnum er lítil veðurathugunarstöð.

Á milli varðanna eru um 65 m. Austar er varða A sem er um 1,5x1,5 m að grunnfleti og um 1,3 m á hæð. Varðan virðist nokkuð komin til ára sinna ef marka má skófir á steinum en smáu grjóti hefur verið bætt í hana ekki alls fyrir löngu. Hrúnið hefur úr vörðunni til suðurs. Hægt er að greina 4-5 umför en hleðslur eru nokkuð aflagaðar. Vestar er varða B sem er ferköntuð og 1x1 m á stærð. Varðan er um 1,4 m á hæð og sjást 6-7 umför í hleðslum sem eru mun vandaðri en í vörðu A. Smásteinar eru í hleðslu á milli stærri steina. Á NNA hlið vörðu stendur steinn út úr hleðslunni eins og sjá má í vörðum sem vísa veg en ólíklegt er að það hafi verið tilgangurinn hér þar sem vörðurnar standa mjög hátt og sjást illa. Þó er ekki ljóst hvaða hlutverki vörðurnar gegndu.

Hættumat: engin hætta

SN-125:124 varða samgöngubót



Varða 124, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

SN-125:125 varða samgöngubót

64°53.778N 23°56.145V

Varða er uppi á Bæjarhrauni sunnan við herslubyrgi 049, um 20 m vestan við leið 126 og um 620 m sunnan við bæ 001.

Bæjarhraun er nokkuð úfið en mosavaxið.

Varðan er úr hraungrýti, er um 1x1 m að stærð. Hún er um 1,3 m á hæð og mjókkar lítillega upp. Í henni sjást fimm umför. Um 20 m austan við vörðuna greinist leið 126 og heldur hún annars vegar áfram til norðurs en hins vegar beygir hún til austurs að vörðunni og hefur varðan verið við þann hluta leiðarinnar. Þessari götu var ekki fylgt lengra en að vörðunni þannig að ekki er ljóst hvert hún lá.

Hættumat: engin hætta

SN-125:126 gata leið



Varða á leið 126, horft til suðvesturs

64°53.552N 23°56.079V

Varða úr hraungrýti er í Kvarnarhrauni um 500 m vestan við vörður 123 á Hrishól og um 1 km sunnan við bæ 001.

Varðan er í mosagrónu helluhrauni sem er allerfitt yfirferðar.

Varðan er um 1 m í þvermál og er um 1 m á hæð og mjókkar upp. Í henni sjást 4-5 umför. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en mögulega hefur hún varðað leið. Ekki sjást götur næst vörðunni en ójós gata er um 100 m austan við hana sem varðan kann að hafa verið við. Hægt var að fylgja leiðinni á um 210 m löngum kafla sem liggur suðaustur-norðvestur. Hún stefnir á leið 126.



Varða 125, horft til norðausturs

64°53.739N 23°56.042V



Götu á leið 126, horft til norðvesturs

Að sögn Sæmundar Kristjánssonar, heimildamanns, lá leið frá fiskbyrgjum í Bæjarrhraunið að seljum Gufuskála. Leið þessari var fylgt frá jaðri Bæjarhrauns við fiskbyrgi 049 og langleiðina að seljum 119 og 120. Leiðin sést fyrst um 400 m sunnan við bæ 001.

Leiðin liggur um mosagróið hraun, illfært á köflum.

Leiðinni var fylgt á um 2,7 km löngum kafla. Hún liggur frá hraunjaðri og að stórum blágrýtishól, litlum ás. Þaðan liggur hún að Hríshól og beygir annars vegar til norðausturs norðvestan við hólinn og heldur hins vegar áfram til suðausturs meðfram hólnum suðvestanverðum og var þeim hluta leiðarinnar fylgt áfram til SSA. Rétt áður en leiðin greinist sést vörðubrot við hana. Varðan er um 0,6 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Í henni má greina 4-5 umför. Hún er hlaðin á lítinn hraunklett. Víðast sést aðeins ein mjó gata í hrauni á leiðinni en á einum stað sjást þrjár götur saman. Göturnar eru um 0,1 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Víðar eru götur í helluhrauninu en sú leið sem hér er skráð er hvað greinilegust. Á loftmynd sést framhald leiðarinnar alla leið að seljunum. Heildarlengd leiðarinnar er því um 4 km.

Hættumat: engin hætta

SN-125:127 varða samgöngubót

64°53.381N 23°54.113V

Varða er uppi á stórum hraunhól um 440 m norðvestan við gerði 062, um 830 m suðaustan við stekk 128 og um 2,2 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á flatlendu þýfðu svæði á milli hrauna.

Varðan A er um 1x1 m að stærð og er um 1,1 m á hæð, mjókkar lítillaga eftir því sem ofar dregur og er flöt að ofan. Í henni má sjá fjögur umför hleðslu. Líklega hefur varðan verið við leið en ekki sjást skýrar götur í nágrenninu. Þó sést óljós gata B um 430 m norðvestan við vörðuna á um 200 m löngum kafla en mögulega er aðeins um fjárgötu að ræða. Líklegt er að leið hafi legið upp á milli hraunanna sem lá á Prestahraunsstíg 631:001 en ekki sáust skýr ummerki um leið á þessu svæði.


Hættumat: engin hætta



Varða 127, horft til norðausturs

SN-125:128 tóft stekkur

64°53.579N 23°55.073V



Stekkjartóft 128, horft til austurs

Tvískipt tóft er um 1,35 km suðaustan við bæ 001 og um 280 m norðaustan við vörðu 123B á Hríshól.

Tóftin er fast suðvestan undir hraunkletti. Sunnan við tóft eru hraunklettir en norðan við hana er stórþýfður, flatlendur mói og eftir honum liggur gamall uppþornaður lækjarfarvegur. Farvegurinn er fast austan við hraunklettinn og stefnir til norðurs.


Tóftin er um 6x6 m að stærð og mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Hólf I er í austurhluta tóftarinnar, undir klettinum. Það er um 0,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Nokkuð hefur hrunið úr veggjum inn í hólf I. Líklega hefur verið op til vesturs úr því inn í hólf II en það sést ójóst. Lægri og mjórri veggir eru í hólf II. Það er um 1x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því til vesturs. Gerð tóftarinnar og fjarlægð frá bæ bendir helst til þess að hún hafi gegnt hlutverki stekkjjar.

Hættumat: engin hætta

SN-125:129 þúst

64°53.779N 23°55.525V

Tvær þústir og ein tóft eru um 510 m norðvestan við stekk 128 og um 835 m suðaustan við bæ 001.



Þústir 129A og B og tóft C, horft til ANA



Tóft 129C, horft til suðvesturs

Minjarnar eru í hraunjaðri um 30 m austan við malarveg að dælustöð.

Þrjú mannvirki sjást á svæði sem er um 20x8 m að stærð og snýr norður-suður.

Þau fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Í suðurenda svæðisins er þúst A á lágum hól sem er um 3x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Þústin er um 0,2 m á hæð, flöt að ofan og gróin en grjót sést lítillega í jöðrum og einnig finnst fyrir því undir sverði. Fast norðan við þúst A er þúst B. Hún er um 5x4 m að stærð og snýr SSV-NNA. Þústin er breiðust í NNA-enda en mjókkar lítillega til SSV. Hún er hlaupin í þúfur og er hæst um 0,3 m. Þústin er á hól eins og þúst A og hallar undan henni til SSV. NNA við þúst B er ógreinileg tóft C, sem er um 5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og er um 4x0,5 m að innanmáli. Op er í NNA-enda. Mesta hæð tóftar er um 0,3 m. Mannvirkin eru líklega úr torfi og grjóti. Hlutverk þeirra er ekki þekkt. Af gróðri að dæma eru minjarnar ekki mjög fornar. Víðast í kringum þær er lyngi- og mosavaxið en á minjunum vex gras og elfting. Hlutverk þeirra er ekki þekkt.

Hættumat: engin hættu


SN-125:130 tóft

64°53.960N 23°55.570V

Grjóthlaðin tóft er í viki inn í hraunbrún á lágum hól um 80 m austan við tóft 122 og um 600 m suðaustan við bæ 001.

Norðvestan við tóftina er tiltölulega flatlent grasi gróið svæði. Hóllinn sem tóftin er á er gróinn og vex lyng, mosi og gras á honum.

Tóftin skiptist í fjögur hólf og er grjóthlaðin. Hún er um 12x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestast í tóftinni er hólf I. Það er stæðilegasti hluti tóftarinnar og er ef til vill sjálfstæð tóft. Hólfid er um 1 m í þvermál innanmáls og um 3 m í þvermál utanmáls. Op hefur líkega verið á því til norðvesturs. Hleðslur þessa hluta tóftarinnar standa 0,3 m upp úr sverði. Hólf II er suðaustan við hólf I. Það er um 2,5x4 m að innanmáli, snýr VNV-ASA. Ekki er greinilegt op á því. Hlaðið er fyrir ASA enda þess en mögulega eru hinir veggir þess náttúrulegir. Þar austan við er hólf III sem er um 3x3 m að innanmáli. Veggir þess eru grjóthlaðinir og eru um 1 m á breidd. Veggjahleðslurnar eru hrundar að mestu en þó sést 0,5 m há hleðsla á einum stað og þar eru þrjú



Tóft 130, horft til norðausturs


umför. Op er á hólfinu til suðvesturs inn í hólfi IV sem er um 2x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Suðurveggur þess er hlaðinn og er hann um 0,5 m á breidd og 0,2 m á hæð, mosavaxinn. Ekki hlaðið fyrir vesturenda hólfsins og hliðar hólfsins mynda norðurvegg. Hlutverk tóftarinnar er

ekki þekkt en líklegt er að hún tengist fiskþurrkun þó að ekki sé hægt að slá því föstu án frekari rannsóknar.

Hættumat: engin hætta

SN-125:131 tóftir bústaður

64°54.073N 23°55.801V



Tóftir 131, horft til norðvesturs

Tvær tóftir eru um 60 m norðaustan við tóftir 105 og um 350 m austan við bæ 001.

Minjarnar eru fast suðvestan við langan lágan klapparhól og fast norðaustan við gamlan malarveg sem er að gróa upp.

Svæðið í kringum tóftina er fremur jafnlent og gróið.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 13x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er suðvestast á svæðinu. Hún er um 10x7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún virðist vera niðurgráfin. Tóftin er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti. Ekki sést op á henni og mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast norðaustan við tóft A er tóft B. Hún er úr torfi og grjóti og er mesta hleðsluhæð um 0,7 m. Tóftin tvískipt, er um 9x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í suðausturenda tóftarinnar. Það er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á því til norðvesturs inn í hólfi II. Það er um 1x3,5 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Óljóst op er á því til norðvesturs. Við suðausturenda tóftar B er þýfð þúst sem er um 5x3 m að stærð og breiðar til suðausturs. Þústin snýr norðvestur-suðaustur og er um 0,6 m á hæð. Líklegt er að tóftirnar séu leifar af þurrabúð en nafn hennar er

ekki þekkt.

Hættumat: engin hætt

SN-125:132 frásögn leikvöllur

Í svörum Ólafs Elímundarsonar við spurningalista Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands segir: "Vinaklettar fengu nafn sitt af því að í skjóli við þá stunduðu menn leiki og glímur. Vinaklettar eru nú að mestu horfnir, en neðsti hluti þeirra lenti innan girðingarinnar um Lóranstöðina. Þegar vegurinn var lagður, voru þeir að mestu sprengdir." Ólafur nefnir Vinakletta í viðbótum við örnefnaskrá Gufuskála en þar segir: "Sagt var að nafnið [Vinaklettar], stafaði af því, að þegar fólk frá Öndverðarnesi og Gufuskálum var á heimleið frá Sandi, hafi því oft verið fylgt þangað [sjá 631:002]." Ekki er vitað hvar Vinaklettar voru nákvæmlega og því ekki hægt að staðsetja þá með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: hætt, vegna vegagerðar

Heimildir: Svör við spurningaskrá Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns A-11533/B-1992-5; Ö- Gufuskálar, viðbætur, 1

SN-125:133 *Hólmfastsbúð* heimild um bústað

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 segir: "Útræði er þar [á Gufuskálum] og 7 þurrabúðir, er svo heita: Hólmfastsbúð, Hausthús [134], Sveinsbúð [135], Bræðrabúð [136], Jónsbúð [137], Einarsbúð [139] og Hringaríki [138]." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: SSSn, 133

SN-125:134 *Hausthús* heimild um bústað

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 segir: "Útræði er þar [á Gufuskálum] og 7 þurrabúðir, er svo heita: Hólmfastsbúð [133], Hausthús, Sveinsbúð [135], Bræðrabúð [136], Jónsbúð [137], Einarsbúð [139] og Hringaríki [138]."

Heimildir: SSSn, 133

SN-125:135 *Sveinsbúð* heimild um bústað

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 segir: "Útræði er þar [á Gufuskálum] og 7 þurrabúðir, er svo heita: Hólmfastsbúð [133], Hausthús [134], Sveinsbúð, Bræðrabúð [136], Jónsbúð [137], Einarsbúð [139] og Hringaríki [138]." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: SSSn, 133

SN-125:136 *Bræðrabúð* heimild um bústað

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 segir: "Útræði er þar [á Gufuskálum] og 7 þurrabúðir, er svo heita: Hólmfastsbúð [133], Hausthús [134], Sveinsbúð [135], Bræðrabúð, Jónsbúð [137], Einarsbúð [139] og Hringaríki [138]." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: SSSn, 133

SN-125:137 *Jónsbúð* heimild um bústað

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 segir: "Útræði er þar [á Gufuskálum] og 7 þurrabúðir, er svo heita: Hólmfastsbúð [133], Hausthús [134], Sveinsbúð [135], Bræðrabúð [136], Jónsbúð, Einarsbúð [139] og Hringaríki [138]." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: SSSn, 133

SN-125:138 *Hringaríki* heimild um bústað

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 segir: "Útræði er þar [á Gufuskálum] og 7 þurrabúðir, er svo heita: Hólmfastsbúð [133], Hausthús [134], Sveinsbúð [135], Bræðrabúð [136], Jónsbúð [137], Einarsbúð [139] og Hringaríki." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: SSSn, 133

SN-125:139 *Einarsbúð* heimild um bústað

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 segir: "Útræði er þar [á Gufuskálum] og 7 þurrabúðir, er svo heita: Hólmfastsbúð, Hausthús [134], Sveinsbúð [135], Bræðrabúð [136], Jónsbúð [137], Einarsbúð og Hringaríki [138]." Ekki er vitað hvar þessi þurrabúð var og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: SSSn, 133

SN-125:140 heimild um lendingu

64°54.176N 23°56.369V

Í svörum Ólafs Elímundarsonar við spurningalista Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands segir: Um Gufuskálavör segir Skúli Alexandersson á Hellissandi fyrrverandi alþingismaður m. a. í grein í blaðinu Sjómannadagurinn í Ólafsvík 1991: "Sjálfst sagð hefur verið um fleiri lendingar að ræða þegar útgerðin hefur verið hvað mest. Greina má kjölför í grjótið rétt austan við aðalvörina [055]. Þar hefur einnig verið mikið notuð lending. Á bakkanum vestur af lendingunni eru veggjarústir eftir einhverjar byggingar [sjá t.d. 114], einnig er mikið um tóftarbrot alls konar milli vegar og hrauns." Heimildin sem Ólafur vísar til fannst ekki. Ekki fundust kjölför austan við Gufuskálavör 055, og er líklegt að þau séu falin undir grjóti sem sjórinn hefur borið á land, en mögulega hefur verið önnur vör um 35 m norðaustan við Gufuskálavör þar sem sést mjótt vik inn í ströndina á loftmynd.

Meint vör er í grýttri klapparfjöru.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

Heimildir: Svör við spurningaskrá Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns A-11533/B-1992-5

SN-125:141 heimild um býli

Í svörum við spurningalista Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns segir Ólafur Elímundarson: "Gufuskálar fóru í eyði á 5. áratugnum, en fram á 3. áratuginn mun einnig hafa verið búið í tveimur grasbýlum [sjá einnig 142], og eru tóftir þeirra enn sjáanlegar ofan við veginn, en grunnurinn þar sem Gufuskálabær stóð síðast er horfinn." Grasbýlin sem Ólafur nefnir eru að öllum líkindum gamlar þurrabúðir sem á síðustu skeiðum búsetu breyttust í grasbýli. Tóftirnar hafa því að öllum líkindum verið skráðar á önnur númer en ekki er gott að vita hvaða tóftir það voru.

Heimildir: Svör við spurningaskrá Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns A-11533/B-1992-5

SN-125:142 heimild um býli

Í svörum við spurningalista Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns segir Ólafur Elímundarson: "Gufuskálar fóru í eyði á 5. áratugnum, en fram á 3. áratuginn mun einnig hafa verið búið í tveimur grasbýlum [sjá einnig 141], og eru tóftir þeirra enn sjáanlegar ofan við veginn, en grunnurinn þar sem Gufuskálabær stóð síðast er horfinn." Grasbýlin sem Ólafur nefnir eru að öllum líkindum gamlar þurrabúðir sem á síðustu skeiðum búsetu breyttust í grasbýli. Tóftirnar hafa því að öllum líkindum verið skráðar á önnur númer en ekki er gott að vita hvaða tóftir það voru.

Heimildir: Svör við spurningaskrá Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns A-11533/B-1992-5

SN-631 Fl. á fleiri en einni jörð

SN-631:001 Prestahraunsvegur gata leið

64°52.724N 23°52.367V

"Þesse eru landamerke j mille Hraunskardz oc Gufuskala. Ad steinn stendur j krossavíkj sionhending ur marksteine þeim hinum efra j fuglastapa þann er stendur firi vestan Akurgierde aa hraunenu. Vr þeim foglstapa er j Arnarstein. Þadan er sionhending j Stapa þann er stendur aa hraune firi ofann gotur þadan j mykluborg. Þadan j sionarhol. Þadan j jokul sem graus ganga," segir í Íslensku fornbréfasafni III. "Úr Fuglastapa liggur merkjalínan beint í klett einn mikinn upp í hrauninu, nefndan Arnarstein, og þaðan Fuglastapa (klettur) á Prestahraunsveginum [...]," segir í örnefnaskrá. "Frá Breiðuvíkurbrepp liggur vegur inn í sóknina í svokölluðum Saxhólsheiðum. Liggur hann svo austur yfir Prestahraun að Ingjaldshóli, síðan austur yfir Hólsbreið til Ennis, svo undir Ólafsvíkurenni. Verður þar að sæta sjó, því ekki er það fært utan um fjörur. Hættuvegur er og undir þessu fjalli, bæði á vetrum í leysingum og á sumrum, þá þerrar ganga langvarandi, af grjótkasti ofan úr fjallinu, og hefir það stundum fólki að bana orðið. Frá Ólafsvík liggur vegurinn með sjó inn svokallaða Fossárdalsbakka og inn Fossárdals- eða Bugsmúla. Þegar kemur inn að Bug, skiptist vegurinn, og liggur annar yfir Bugsós inn Fróðárrif, svo yfir Vallnabjarg og Brimilsvallapláss; svo þaðan með sjó fyrir neðan bæina Hrísa og Tungu yfir Tunguós, svo eftir Máfahlíðarrífi og Máfahlíðarengum og svo yfir Búlandshöfða. Liggur vegurinn þar faraman í fjallshlíðinni hér um bil um mitt fjallið. Er það tæpur vegur og hættulegur, missi maður eða hestur fótanna, því snarbratt er fyrir neðan götuna ofan að klettunum, sem er fyrir ofan sjóinn," segir í Sýslu- og sóknalýsingum. Leiðin er sýnd á Herföngjaráðskorti af svæðinu frá 1911. Leiðin var skoðuð í landi Gufuskála frá seli 125:121 á um 1,9 km löngum kafla. Leiðin er merkt sem gönguleið fyrir ferðafólk frá malarvegi upp að Snæfellsjökli til norðausturs.



Á vinstri mynd er varða 001F, horft til suðvesturs. Á hægri mynd er varða 001R, horft til norðurs

Á meginhluta leiðarinnar sem var skoðaður liggur leiðin um gróið hraun undir brún Prestahrauns. Leiðin er vörðuð og á stöku stað sést hvar hún hefur verið rudd á stuttum köflum. Leiðin er ennþá farin af ferðamönnum og kindum.

Víðast sést aðeins ein gata á leiðinni sem er 0,2-0,3 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt en gatan er sumsstaðar í breiðari rennu sem myndast hefur af langri notkun eða hefur verið rudd, allt að 1-1,5 m á breidd. Þar sem komið er niður á gróðurlendi úr hrauninu við norðausturenda þess hluta leiðarinnar sem skoðaður var, dýpka göturnar og þeim fjölgar. Á suðvesturenda þess hluta leiðarinnar sem skoðaður var sjást sjást 7-10 götur saman á flatlendi við sel 121. Á leiðinni er vað X sem liggur yfir Gufuskálamóðu um 100 m norðan við sel 121 og er áin þar um 8 m breið, hvorki djúp né straumhörð. Fjöldi varða var skráður á leiðinni og voru alls skráðar 22 vörður. Þar sem þær eru hvað þéttastar í hrauninu eru 25-60 m á milli varðanna. Vörðurnar eru hlaðnar úr hraungrýti, oft ofan á litlar klappir eða stór björg. Stærð þeirra er mjög misjöfn, minnsta varðan er um 0,6x0,6 m að stærð og 0,6 m á hæð en stærsta varðan sem ekki hefur hrunið úr er um 1,2 m í þvermál og 1,5 m á hæð. Vörðurnar eru flestar mosavaxnar og grónar og hleðslur er enn heillegar í flestum þeirra. Mest sáust 7-8 umför í hleðslum. Varða U er fast norðan við malarveg sem liggur inn að Snæfellsjökli og er hún nýlega hlaðin. Þar virðist ekki hafa verið eldri varða fyrir sem var endurhlaðin. Eins er varða S ungleg og er hún við götu sem er til hliðar við aðalleiðina og samsíða henni.

Hættumat: hættu, vegna rasks

Heimildir: DI III, 139; Ö-Gufuskálar, 1; SSSn, 139-140; Herföngjaráðskort 5

SN-631:002 gata leið

64°53.199N 23°58.512V

Í örnefnaskrá Gufuskála segir: "Nokkuð langt fyrir innan Hliðartröð [125:040] er Nautatröð [125:041], og



Götur á leið 002, horft til norðausturs

skoðuð í landi Öndverðarness.

Leiðin sést innan um hraunbolla á stuttum kafla suðvestan við veginn en sést á alllögum samfelldum kafla norðaustan við veginn á flatlendu grónu svæði.

Leiðinni var fylgt á svæði sem er um 575x80 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, þar sem göturnar sjást á köflum. Þar sem göturnar sjást best norðaustan við veginn eru þær 8-10 saman á um 10 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar og eru 0,1 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Á þessum kafla stefna göturnar frá bílvegi til norðausturs á um 200 m löngum kafla þar til þær hverfa á uppblásnu svæði. Bíslóði liggur ofan á götunum á um 100 m löngum kafla frá bílvegi en beygir svo til austurs. Þar sem leiðin sést liggja um gróíð hraun um 240 m suðvestan við veg sjást 2-4 götur saman á 2-4 m breiðu svæði. Þar eru göturnar einnig grónar og grunnar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Gufuskálar, 2; Ö-Gufuskálar, viðbætur, 1; Herforingjaráðskort 5

SN-631:003 Hólastígur gata leið

64°52.476N 23°55.584V



Götur á Hólastíg 003, horft til norðurs

Við malbikaðan veg sem liggur um vestanvert Snæfellsnes og í gegnum land Gufuskála er merkt gömul leið, Hólastígur, um 3,3 km sunnan við Gufuskála 125:001. Þaðan var leiðinni fylgt á stuttum spotta til norðurs og suðurs frá veginum. Leiðin lá á milli Saxhóls og Gufuskála.

Leiðin liggur að mestu leyti yfir mosavaxið hraun og hraunmóa. Þar sem leiðin var skoðuð liggur hún um smápýfðan móa frá bílastæði við malbikaðan veg til suðurs og um mosagróinn mel sunnan megin við veginn.

Leiðin var skoðuð á um 525 m löngum kafla sem liggur norður-suður. Þar sem best lætur sjást sex götur saman á um 8 m breiðu svæði. Þær eru allar grónar nema ein gata sem ferðamenn fylgja. Göturnar eru 0,1 m á breidd og 0,1-0,2 m á dýpt. Þar sem leiðin liggur yfir Gufuskálamóðu var skráð vað (sjá hnit B) sem hefur að líkindum verið suðaustan við

brú yfir ána þar sem áin rennur í djúpan stökk milli kletta. Ofan (suðaustan) við brúna breiðir áin úr sér um sand- og malareyrar og er tiltölulega grunn. Lágir erða engir bakkar eru við ána á þessum stað. Áin er um 20 m breið þar sem áætlað er að farið hafi verið yfir hana.

Hættumat: hætta, vegna rasks

V. Samantekt

Eins og fram hefur komið voru skráðar 145 fornleifar í landi Gufuskála sumarið 2013. Fornleifarnar eru af ýmsum toga en í þessum kafla verður fjallað um helstu minjaflokka, ástand þeirra og einkenni.

Bæjarhólar, býli og bústaðir

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás: torfi, grjóti og öðru byggingarefni og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst varð úti í byggingaframkvæmdum á 20. öld.

Tvíbýli var á Gufuskálum og virðist svo hafa verið mjög lengi. Elsta örugga heimild um tvíbýli á jörðinni er í skiptabréfi jarðarinnar frá 1465.⁵ Útvegsbær hét bærinn sem búið var á fram að því að jörðin fór í eyði 1948 en hinn bærinn hét Heimabær. Bæjarhóll Útvegsbæjar 001 er mjög lítið raskaður vegna þess hversu snemma á 20. öld bærinn fór í eyði. Hann er mjög hár og stór en mikið af áfoknum sandi er í bæjarhólnum sem ýkir umfang hans. Árið 2012 var gerður þrúfuskurður í bæjarhólinn og frumniðurstöður þeirrar rannsóknar gefa til kynna að á jörðinni hafi fremur verið lögð á sjósókn en landbúnað.⁶ Þrúfuholan var stækkuð árið 2013 til að komast niður að elstu lögum í bæjarhólnum. Upplýsingar um niðurstöður þeirrar rannsóknar verður að finna í áfangaskýrslu fyrir árið 2013.

Ekki er vitað hvar Heimabær 003 stóð nákvæmlega en hann var ofar og innar (austar) en Útvegsbær. Ekki reyndist því unnt að staðsetja hann með neinni vissu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1711⁷ kemur fram að Heimabærinn standi í auðn og ábúandinn haldi hús í þurrabúð (Ólafsbúð 022). Bærinn hafði þá verið í eyði frá 1708 og kunna húsin að hafa verið orðin óíbúðarhæf. Á stafrænu hæðalíkani af heimatúninu sem gert var árið 2011 sést að í mörgum hólum eða þústum í túninu er að líkindum að finna leifar af mannvirkjum.⁸ Leiða má getum að því að Heimabærinn hafi verið á einhverjum af þessum hólum en ekki verður skorið úr því án frekari rannsókna. Ekki fundust heimildir um það

⁵ DI V, 445

⁶ Lilja Björk Pálsdóttir (hér eftir LBP) FS512-08233, 6

⁷ JÁM V, 202

⁸ LBP og ÓGS FS477-08232, 44-45

hvenær Heimabærinn fer í eyði en í manntali frá 1845 er búið á báðum bæjunum.⁹ Hægt er að skoða yngri manntöl sem ekki hafa verið prentuð á Manntalsvef Þjóðskjalasafns Ísland og samkvæmt þeim virðist ekki vera búið nema á öðrum bænum eftir að manntalið 1845 var gert.

Eitt býli 051 var skráð í landi Gufuskála. Það hefur bæði gengið undir nafninu Írskubúðir og Gerðuberg. Þegar rýnt er í heimildir um Írskubúðir virðist líklegt að það nafn eigi frekar við um fiskbyrgin 049 en býlið. Rannsóknir sem gerðar voru á völdum rústum býlisins árin 1996 og 1999 leiddu í ljós að það hefur verið í byggð á 9.-10. öld. Í skráningunni 2013 var skráður fjöldi minja á bæjarstæðinu; 14 tóftir, tveir brunnar, tvö garðlög, tvær þústir, eitt gerði og ein hleðsla, alls 22 mannvirki. Hluti af einni tóft er augljóslega yngri en elstu minjarnar og líklegt er að það eigi við um fleiri minjar á svæðinu. Frekari rannsóknir þyrfti að gera á staðnum til að skera úr um það hvaða minjar eru samtíða frá elstu tíð og hvaða minjar eru yngri.

Mikil útgerð var frá Gufuskálum og er fjöldi skráðra þurrabúða á jörðinni til marks um það. Alls eru í fornleifaskránni heimildir um 27 þurrabúðir á jörðinni og skráðar voru tóftir af sex þurrabúðum auk þriggja annarra mögulegra þurrabúðatóta. Alls voru því skráðar 36 þurrabúðir. Þessi mikli fjöldi þurrabúða gefur ekki góða mynd af því hversu margar þurrabúðir voru í byggð á hverjum tíma. Margar af þurrabúðunum báru nafn ábúanda á hverjum tíma og því breytast nöfnin mjög ört. Nær öruggt er að sumar þurrabúðirnar eru skráðar oftár en einu sinni vegna þess að á milli heimilda breyttust nöfnin á þeim. Ekki reyndist unnt að tengja nafngreindar þurrabúðir eða þurrabúðir sem skráðar voru upp úr heimildum við einstakar þurrabúðatóftir. Í fornleifaskrá eru allar þurrabúðir sem nefndar eru í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1711, Sýslu- og sóknalýsingum frá 1840 og örnefnaskrá frá 1932, en þetta eru grunnheimildir í svæðisskráningu. Auk þessara heimilda er getið um fjölda þurrabúða í skiptabréfi jarðarinnar frá 1465¹⁰ og einnig voru skoðuð manntöl frá 1801¹¹ og 1845¹² við úrvinnsluna. Hægt væri að leggjast í miklar rannsóknir á breytingum á fjölda þurrabúða á Gufuskálum í gegnum tíðina en hér verða aðeins dregnar saman upplýsingar úr þeim heimildum sem nefndar hafa verið. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir fjölda þurrabúða á hverjum tíma, hvorum bænum þurrabúðirnar tilheyrðu og hvert ástandið á þeim var ef þess er getið.

⁹ Bls. 96-97

¹⁰ DI V, 445

¹¹ Bls. 88-89

¹² Bls. 96-98

Tafla 1. Yfirlit um fjölda þurrabúða í heimildum

Heimild	Fjöldi þurrabúða Útvegsbær	Fjöldi þurrabúða Heimabær	Ekki tilgreint hvorum tilheyrði	Samtals	Ástand
Örnefnaskrá 1932	4	4		8	Allar í eyði. Tvær þurrabúðir sjást enn, Sumarliðabúð og Jóhannsbúð (undir Heimabæ). Hólbúð (undir Útvegsbæ) stendur enn að nokkru leyti
Manntal 1845	6 (þar af eitt grasbýli)	6		12	Búið í öllum þurrabúðunum
Sýslu og sóknalýsingar 1840			7	7	Engar upplýsingar
Manntal 1801			9 (þar af tvö grasbýli?)	9	Engar upplýsingar
JÁM 1711	6	6 (ábúandi heldur hús í einni þeirra)		12	Tvær þurrabúðir (undir Útvegsbæ) eru líklega komnar úr notkun eða horfnar. Fjórar þurrabúðir (undir Heimabæ) hrundar en á einni hanga húsinn enn uppi
DI V 1465	7	7		14	Engar upplýsingar

Samantektin í töflu 1 sýnir að flestar hafi þurrabúðirnar verið á 15. öld, eða 14 talsins. 1711 er getið um 12 þurrabúðir en aðeins sex þeirra virðast vera í notkun og er það með því minnsta sem heimildir greina frá. Tæpri öld síðar eru 9 þurrabúðir byggðar en þá hefur orðið sú breyting að tvær þeirra eru orðnar grasbýli. 1840 er getið um sjö þurrabúðir en fimm árum síðar eru 12 þurrabúðir í byggð, þar af eitt grasbýli. Tæpri öld síðar eru allar þurrabúðir á jörðinni komnar í eyði. Til glöggvunar eru nafngreindar þurrabúðir í heimildum sýndar í töflu 2.

Tafla 2. Nafngreindar þurrabúðir í heimildum


Heimild	Útvegsbær/neðri bær?	Heimabær	Ekki tilgreint hvorum bænum tilheyrði
Örnefnaskrá 1932	Hólbúð 030	Jóhannsbúð 034	
Örnefnaskrá 1932	Einarsbúð 031	Sumarliðabúð 035	
Örnefnaskrá 1932	Lögmansbúð 032		
Manntal 1845	Nýborg	Litlahella (grasbýli)	
Manntal 1845	Hólsbúð	Björnsbúð	
Manntal 1845	Jónsbúð (tvíbýli)	Sumarliðabúð	
Manntal 1845	Sigurðarbúð	Bjarnabúð	

Manntal 1845	Hólsbúðarskemma	Hausthús	
Manntal 1845	Illugaskemma	Bjarnabúð	
Sýslu- og sóknalýsingar 1840			Hólmfastsbúð 133
Sýslu- og sóknalýsingar 1840			Hausthús 134
Sýslu- og sóknalýsingar 1840			Sveinsbúð 135
Sýslu- og sóknalýsingar 1840			Bræðrabúð 136
Sýslu- og sóknalýsingar 1840			Jónsbúð 137
Sýslu- og sóknalýsingar 1840			Einarsbúð 139
Sýslu- og sóknalýsingar 1840			Hringaríki 138
JÁM 1711	Bakkabúð 018	Ólafsbúð 022	
JÁM 1711	Ívarsbúð? ¹³ 019		
JÁM 1711	Jónsbúð? 020		
JÁM 1711	Pálsbúð? 021		
JÁM 1711			
JÁM 1711			

Í fornleifaskránni eru skráð tvö grasbýli (141 og 142) sem lítið sem ekkert er vitað um. Í töflu 1 sést að samkvæmt heimildum fer að bera á grasbýlum á Gufuskálum upp úr aldamótunum 1800 en ætla má að grasbýlin séu í grunninn gamlar þurrabúðir.

Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá árunum 1752-1757 er lýsing á þurrabúðum í Snæfellsnessýslu sem er á þessa leið:

„Þurrabúðirnar eru venjulega illa hýstar. Veggirnir eru illa hlaðnir úr torfi og grjóti og óþiljaðir að innan, en tréverk úr lélegu birki eða jafnvel hvalsrif í viðar stað. Þakið er úr vondu torfi og sjaldan grasi gróið. Í þurrabúðunum eru oftast 5 hús eða herbergi. Á myndinni er a *útidyrnar*, aaa *göngin*, bb eru svefnhús karla og aðkomusjómannna. Stundum er annað þeirra notað til geymslu. c er *búrið* og d *eldhúsið*, og að lokum er eee *baðstofan* eða dagstofa, þar sem kvenfólkið hefir bækistöðu sína og vinnur að tóskap, ffff eru *sund*, sem myndast að utanverðu milli húsanna. Hvert hinna minni húsa er venjulega 2 stafgólf, hvort 21/2-3 álnir á lengd. Baðstofan er oftast 4 stafgólf og göngin




Baðstofan er oftast 4 stafgólf og göngin eitt stafgólf á breidd. Auk þessa fylgja tveir kofar, sem hjallar heita, þurrabúð hverri. Þeir eru með grjóttveggjum og torfþaki. Annar þeirra og stundum báðir eru lokaðir með lási og slagbröndum, og er harðfiskur geymdur þar. Í stað gaflveggja eru rimlar hafðir í öðrum hjallinum. Hann kallast af því

¹³ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (V, 201) segir að þrjár þeirra búða sem tilheyra Útvegsbæ hafi borið nafn ábúanda í hvert sinn og hétu þeir þá Ívar, Jón og Páll. Það er upplýst ágiskun höfundar að búðirnar hafi þá heitið Ívarsbúð, Jónsbúð og Pálsbúð.

spalahjallur. Í hann er hálfþurr fiskur hengdur eða honum hlaðið upp, og þornar hann í hjallinum til fullnustu. Hæð húsa þeirra, sem þegar er getið, er 6 íslenzkar álnir, þar af 3 álnir eða mannhæð undir bita, en síðan aðrar 3 álnir upp í mæni. Breidd hvers húss er 5-6 álnir. Þau eru með öðrum orðum mjög lítil og eru þó til minni en nú er frá sagt, en hvervettna eru þau sniðin eftir fátækt þeirra, sem í þeim búa. Kvíar og garðar úr grjóti fylgja hverjum útvegsbæ. Á þá eru lagðar rár, sem á er hengt rafabelti, riklingur og fiskur, ásamt öðru sjófangi, sem á að herða (sbr. Horreb. Efterr. s. 202).“¹⁴

Hér fyrir neðan eru teikningar af þeim tóftum sem taldar eru vera leifar af þurrabúðum. Skemmst er frá því að segja að engin þeirra samsvarar lýsingunni eða teikningunni í Ferðabók Eggerts og Bjarna. Í lýsingu Ferðabókarinnar er þó athyglisvert að hverri þurrabúð fylgdi hjallur og að hverjum „útvegsbæ“ fylgdu kvíar eða garðar úr grjóti. Hér er gert ráð fyrir að útvegsbær sé þurrabúð í þessu samhengi. Í úttekt á Ingjaldshóli frá 1861 sem birt er í bókinni Undir sólarsali I¹⁵ eru taldar 16 þurrabúðir. Í úttektum 14 þeirra er talin upp baðstofa,




eldhús, göng og hjallur. Í úttektum tveggja þurrabúða er það sama talið upp fyrir utan hjallinn. Ætla má að þurrabúðir víðar á norðanverðu Snæfellsnesi hafi verið keimlíkar þeim sem voru á

¹⁴ Ferðabók I, 224-225

¹⁵ Bls. 237-243

Ingjaldshóli upp úr miðri 19. öld. Á teikningu Bjarna Jónssonar hér fyrir neðan er sýnd Þorvaldarbúð, síðasta þurrabúðin á Hellissandi. Líklegt er að Þorvaldarbúð sé svipuð þeim




þurrabúðum sem taldar eru upp í úttekt Ingjaldshóls frá 1861. Allar tóftirnar sem skráðar voru sem þurrabúðir á Gufuskálum líkjast gróflega Þorvaldarbúð. Í tóft 087 er líklegt að hólfi III sé leifar af þurrkkvíum, litlu gerði eða tóft sem fiskur var þurrkaður í, sjá umfjöllun um herslugarða og fiskbyrgi. Í tóftum 028, 088 og 122 er líklegt að hjallar hafi verið við vesturhorn þeirra. Í tóft 122 virðast þrír hjallar hafa verið áfastir henni og á milli tveggja þeirra eru meintar þurrkkvívar. Ekki sést áfastur hjallur á tóft 131 en þó gætu verið leifar af honum í þúst suðaustan

við tóft A. Tóft 074 er nokkuð frábrugðin hinum þurrabúðartóftunum en hefur að öllum líkindum einnig verið þurrabúð. Hún kann líka að hafa gegnt hlutverki grasbýlis undir það síðasta. Ekki er útilokað að hjallur hafi verið í hólfi IV í þeirri tóft en veggir þess eru ívið lægri og mjórri en annarsstaðar í tóftinni.

Þrjár tóftir til viðbótar bera merki þess að geta verið þurrabúðir. Tvær þeirra (008 og 009) eru skráðar sem útihús því þær eru þar sem útihús eru merkt á túnakort frá 1916. Teikningar af tóftunum eru hér fyrir neðan. Í tóft 008 hafa hólfi III og IV ekki verið yfirbyggð og kunna þau að vera þurrkkvívar. Í tóft 009 er hólfi III líklega hjallur og í gerði IV kann fiskur að hafa verið þurrkaður. Í tóft 105 er hólfi II mögulega þurrkkvívar og hólfi V gæti verið leifar af undirstöðum lofthjalls. Ekki er útilokað að meintar þurrkkvívar í öllum þessum tóftum séu í raun kálgarðar.

Allar þurrabúðatóftirnar eru í túni suðaustan við Útnesveg 574 eða skammt suðaustan við túnið. Ætla má að þurrabúðir hafi verið á fleiri stöðum en sumar þeirra hafa verið sléttaðar í tún og aðrar horfið vegna landbrots og/eða uppblásturs.



Kirkjur og legstaðir

Engar heimildir eða vísbendingar eru um að kirkja eða bænhús hafi verið á Gufuskálum. Tveir legstaðir eru skráðir á jörðinni, Bárðarhaugur 064 og kuml í Hákonarhóli/Hákonarhólum 060.

Bárðarhaugur er nafn á stórum hól suðaustast í landi Gufuskála og norðan við Snæfellsjökul. Örnefnið bendir til þess að heiðinn legstaður sé á þessum stað og þess vegna er staðurinn skráður en ekki fundust sagnir sem tengjast örnefninu beint. Þekkt er að Bárður Snæfellsás í samnefndri sögu hafi flutt í helli í Snæfellsjökli og á örnefnið Bárðarhaugur að öllum líkindum rætur að rekja til þess atburðar í sögunni en hverfandi líkur eru á því að finna minjar um legstað við eða á Bárðarhaug

Sögn er til um að Hákon bóndi á Gerðubergi hafi lent í erjum við írska skipsmenn og drepíð einn þeirra. Félagar hans hafi þá elt Hákon uppi og drepíð hann, og Hákonarhóll sé haugur hans. Bjarni F. Einarsson gróf þurfuskurð í hólinn árið 1996 og fundust illa varðveitt mannabein. Bjarni taldi sig hafa komið inn í kumlið til fóta þess sem þar hvílir. Engir gripir komu í ljós við rannsóknina. Verið getur að fleiri kuml leynist í öðrum hól sem er skammt

sunnan við Hákonarhól. Kumlið er um 200 m suðvestan við Gerðubergsrústir 051 og því sennilegt að sá sem heygður er í Hákonarhóli hafi búið þar.

Sjósókn

Umfangsmiklar minjar um sjósókn voru skráðar á Gufuskálum og leyndist margt forvitnilegt innan um grjót og sand meðfram ströndinni.

Uppsátur og lendingar

Þekktasta lendingin á Gufuskálum er án efa Gufuskálavör 055 enda mikið mannvirki. Hún er um 70 m löng og 3 m breið renna og leifar af hellulögn sjást enn í botni hennar næst landi. Kjölför sjást á klöppum næst vörinni. Heimild er um vör 140 litlu austan við Gufuskálavör en ummerki um hana sáust ekki á vettvangi. Á loftmynd sést vik inn í ströndina þar sem vörin kann að hafa verið. Áður óþekkt vör 071 er um 150 m austan við Gufuskálavör. Hún er rudd og virðist vera hlaðið meðfram suðurjaðri hennar. Hún er 15-20 m á lengd og 3-4 m á breidd. Engin ummerki sjást um Móðuvör 046 sem er við ósa Gufuskálamóðu í lítilli sandvík. Ekki er vitað hvort lendingin var manngerð eða ekki.

Á sjávarbakknum ofan við Gufuskálavör eru ógreinileg ummerki um fjölda uppsátra 061. Á svæði sem er um 130x15 m að stærð sjást ummerki um 24 uppsátur. Uppsátrin sjást sem vik inn í sjávarbakkann. Svæðinu má skipta í tvo hluta. Í suðvesturhlutanum (A) eru stórir steinar og/eða hleðslur á milli vikanna. Ekki er um slíkt að ræða í norðausturhlutanum (B) og er það svæði heldur minna. Minjarnar eru orðnar illgreinanlegar vegna landbrots og mikils magns af grjóti sem sjórinn hefur borið upp á sjávarbakkann. Uppsátrin gefa til kynna þann mikla fjölda báta sem gerður var út frá Gufuskálum. Við þúst 117 eru ógreinileg ummerki um uppsátur, ofan við vör 071. Ekki voru skráð fleiri uppsátur í landi Gufuskála.


Verbúðir

Tveir stórir verbúðarhólar 058 og 059 eru á Gufuskálum niður við sjó. Fornleifarannsókn hefur farið fram á þeim frá árinu 2008. Sjórinn brýtur árlega af hólunum en enn eru umfangsmiklar, heillegar minjar í þeim og sést glitta í fjölda mannvirkja upp úr sendinni grasrót sem enn hafa ekki verið rannsökuð. Líklegt er að fleiri verbúðir leynist í þústum við sjávarbakkann en aðeins verður hægt að staðfesta það með frekari rannsóknum.

Fiskbyrgi, herslugarðar og hjallar

Mikil mannvirki eru á Gufuskálum sem notuð voru til að þurrka fisk. Þekktust eru fiskbyrgin 049 sem skráð voru af Lilju Björk Pálsdóttur árið 2009 og eru í hrauninu ofan við Gufuskálabæinn. Byrgin reyndust 153 talsins. Í ritgerð Lilju um byrgin segir: „Byrgin eru áþekkt, þau eru öll hlaðin úr óreglulegu hraungrýti með einfaldri grjótröð upp í topp (borghlaðin), fyrir utan þá neðstu sem virðist oftast vera tvöföld. Einnig eru inngangarnir stundum hlaðnir tvöfaldri grjótaröð en öll eru þau með lágan og fremur þröngan inngang.“¹⁶ Tóft 083 var skráð sem herslubyrgi. Hún er nokkuð hringlaga og er grjóthlaðin en er mjög sigin og er að fyllast af sandi. Tvískipt tóft og garður 042 voru líka skráð sem herslubyrgi og hafa án efa verið notuð í tengslum við fiskþurrkun þó að tóftin sé ekki dæmigerð byrgistöft.

Herslugarðar 110 er í sendnu hrauni norðvestan við heimatún Gufuskála. Minjarnar eru á svæði sem er um 280x50 m að stærð. Alls voru skráðir 17 herslugarðar og eru þeir í aðalatriðum svipaðir að gerð. Þeir eru ferkantaðir að lögun, flestir 1-2 m á breidd, 4-6 m á lengd og 0,2-0,3 m á hæð. Meðalstóru hraungrýti er raðað meðfram brúnum garðanna og smærra hraungrýti og sandur er í miðjum görðunum. Þar sem enn sést hleðsla í köntum garðanna sjást 2-3 umför. Ekki er ein afgerandi stefna á görðunum. Víða sjást leifar af fiskbeinum inn á milli grjótsins. Á myndinni hér fyrir neðan sjást fiskgarðar, fiskbyrgi og kasarreitur. Fiskgarðarnir eru ekki óáþekkir þeim sem skráðir voru á Gufuskálum. Kasarreitnum svipar til lítilla tófta eða gerða sem skráð voru á Gufuskálum og afráðið var að kalla þurrkkvívar með vísan í kvíar sem nefndar eru í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar og sagðar eru hafa fylgt hverjum útvegsbæ.¹⁷




Meintar þurrkkvívar kunna að vera kálgarðar, a.m.k. sumar þeirra, og er ekki einfalt að greina

¹⁶ LBP Fiskbyrgin á Gufuskálum, 13

¹⁷ Bls. 224


þar á milli án frekari rannsókna. Fyrir utan þær þurrkkvívar sem þegar hafa verið nefndar í sambandi við þurrabúðirnar hér að ofan, voru skráðar fjórar þurrkkvívar sem fá hlutverkið herslugarður í fornleifaskrá. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá umræddar minjar.



Tvær þurrkkvíanna (84 og 90) eru í túni suðaustan við Útnesveg 574 og tvær þeirra (077 og 101) eru fast sunnan við túnið. Það má ímynda sér að kvívar 090 hafi tilheyrt þurrabúð 088 og að kvívar 084 hafi tilheyrt þurrabúð 028. Erfiðara er að tengja kvívar 101 og 077 við tiltekna þurrabúðir. Kvíarnar eru áþekkar að stærð (8-11,5x8-9 m) en þó eru kvívar 101 afgerandi stærstar, 14x14 m að stærð. Op sjást á þeim öllum nema á kvíum 090 en veggir þeirra eru signir og innanmál ógreinilegt.

Ýmsar gerðir hjalla voru notaðar áður fyrr, en í meginatriðum skiptust þeir í lofthjalla og

yfirbyggða hjalla, sjá mynd hér fyrir neðan. Aðeins voru skráðir tveir hjallar (076 og 085) á Gufuskálum og kemur það eflaust á óvart. Í kaflanum um þurrabúðir var nefnt að hjallar



hefðu verið áfastir þremur þurrabúðartóftum og einni mögulegri þurrabúðartóft. Það hafa sennilega allt verið yfirbyggðir hjallar en mögulega eru leifar af lofthjalli í tóft 105. Minjar

um hjalla 085 eru óverulegar og eru af lofthjalli. Þar sést þúst með dæld í miðju og stendur grjót upp úr sverði á, eða nærri, hornum þústarinnar. Hjallur 076 er lítil grjóthlaðin tóft en veggir eru lágir. Ekki er hlaðið fyrir norðausturhlið. Ólíklegt er að minjarnar séu af lofthjalli en þær virðast of lítilfjörlegar til að geta verið af yfirbyggðum hjalli nema að timburgrindur hafi verið í veggjum ofan á grjótgrunni. Fjöldi tófta var skráður í suðausturenda túnsins á Gufuskálum og ekki var hægt að skera úr um hlutverk margra þeirra. Án efa eru einhverjar þeirra leifar af hjöllum.

Aðeins var skráður einn fiskreitir 054 þar sem örnefnið Magálsklettur bendir til þess að þar hafi verið þurrkaður og hertur fiskur. Ekki sást nein ummerki um reitinn. Heimildir eru að öðru leyti þögular um fiskreiti á Gufuskálum og ekki eru sýnileg skýr ummerki um slíkar minjar.

Aðrar minjar um sjósókn

Fjöldi annarra minja sem ætla má að tengist sjósókn er við ströndina í nágrenni Gufuskálavara og verbúðanna. Þessar minjar eru mjög brotakenndar og illa farnar af uppblæstri og sandfoki. Aðallega eru þetta þústir, sumar grónar en í öðrum standa grjóthleðslur upp úr sandinum. Minjarnar hafa númerin 108, 111-115, 117, 118. Fjær eru Malarbyrgi 057 og óskilgreindar minjar 106, 107 og 052 sem einnig tengjast sjósókn með nokkurri vissu.

Útihús og túngarður

Á Gufuskálum voru skráð 11 útihús, þar af eitt fjós 012 og ein fjárhús 006. Ekki var hægt að segja til um hlutverk hinna útihúsanna. Búið er að slétta túnið á Gufuskálum norðvestan við Útnesveg 574. Vegurinn liggur í gegnum túnið og hefur án efa farið yfir einhverjar minjar og raskað öðrum þó að leið hafi lengi legið í gegnum túnið og er hún skráð undir númerinu 631:002. Ummerki sást um öll útihúsin nema útihús 010 sem kann að hafa farið undir veginn. Tóftir fimm útihúsa (004, 005, 007, 008 og 009) sjást enn en hlutverk þeirra er ekki þekkt. Tóftir 008 og 009 bera sterk merki þess að vera þurrabúðir eins og fram hefur komið en ekki er ólíklegt að eftir að þau fóru úr ábúð hafi húsin verið notuð sem útihús. Þústir fjögurra útihúsa (006, 011, 012, 066) sjást enn.

Leifar af túngarði 056 sjást meðfram suðausturenda gamla heimatúnsins og eru fjórar þústir og tvær tóftir áfastar honum. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en ætla má að sumar þeirra hafi verið útihús. Garðurinn er gróinn og er líklega torf- og grjóthlaðinn. Hann nær mun

lengra til norðausturs en túnið sem sýnt er á túnakorti frá 1916. Mögulega var túnið fært út eftir að túnakortið var gert en einnig kann að vera að sá hluti garðsins sem nær út fyrir gamla heimatúnið hafi áður afmarkað hluta af túni Heimabæjar 003 eða grasbýlis 141 eða 142.

Sel, stekkir og fjárskýli

Fimm sel voru skráð í landi Gufuskála. Þau eru öll staðsett suðaustarlega á jörðinni, á svæði sem er 870x375 m að stærð. Sel 047 er í Löngulág og er fornlegasta selið. Selið er afgirt með grjótgörðum sem liggja á milli hraunveggja. Óvanalegt er að sel séu afgirt en með gördunum hefur verið auðveldara að stjórna beit á svæðinu og umferð fjárins um Löngulág. Fleiri garðlög (089, 104) eru í Löngulág sem einnig kunna að tengjast beitarstjórnun og því að auðvelda eftirlit með fénu og smölun. Á milli grjótgardanna er ein þrískipt mjög sigin og fornleg tóft og önnur lítil, grjóthlaðin tóft sem er líklega stekkjartóft. Næst í aldri er líklega sel 017 sem er um 300 m ASA við sel 047. Þar eru fimm tóftir og ein hleðsla, allt signar og grónar minjar. Sel 121 er um 600 m suðvestan við sel 017 og er það einnig nokkuð fornlegt en virðist hafa verið lengur í notkun en sel 017. Það sel er það eina sem er sunnan við Gufuskálamóðu. Þar voru skráðar sjö tóftir. Aðeins eru 45 m á milli selja 119 og 120 og eru þau lík um margt. Þau eru bæði ofan í náttúrulegum lautum í grónu hrauni að hluta eða öllu leyti. Í þeim báðum eru litlir hellar sem ætla má að hafi verið notaðir sem mjólkurbúr. Í seli 119 voru skráðar sex tóftir auk hellisins og í seli 120 voru skráðar sjö tóftir auk hellis. Minjarnar í seli 120 virðast heldur yngri en tóftir í seli 119 og kann það að hafa verið lengur í notkun. Það eru óvanalega mörg sel á Gufuskálum en skýra má fjöldann að hluta með því að tvíbýli var lengi á jörðinni og hafa báðir bæirnir að líkindum átt sitt sel. Vatnsskortur hefur væntanlega verið viðvarandi í seljum Gufuskála og er getið um vatnsskortinn í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki er ólíklegt að selin hafi verið færð vegna vatnsleysis en gróður í seljum 119 og 120 bendir til þess að þar hafi verið votlendara en annarsstaðar í grenndinni en mosagróin hraun eru allt í kringum selin. Ef til vill hafa eldri sel 017 og 122 verið flutt í sel 119 og 120 en frekari rannsókna er þörf til að hægt sé að öðlast betri skilning á þróuninni.

Tveir stekkir voru skráðir á Gufuskálum. Annar þeirra er innan Stekkjartraðar 039 sem er hlaðið gerði við brún Bæjarhrauns. Stekkjartóftin skiptist í fimm hólf en tvö þeirra eru líklega hluti af eldri tóft á sama stað. Auk stekklar eru tvær þústir og tvö gerði innan Stekkjartraðar. Einnig sést hola við veggjarhleðslu innan traðarinnar. Holan er ofan í þurran lækjarfarveg og má leiða að því líkum að þarna séu leifar af brunni sem grafinn hafi verið

ofan í farvegin. Hinn stekkurinn 128 er mun hefðbundnari. Hann er tvískipt tóft sem hlaðin er upp við stóran hraunklett. Ekki er útilokað að fleiri tóftir sem skráðar voru hafi gegnt hlutverki stekkjar en ekki er hægt að fullyrða það án frekari rannsókna.

Þrjú fjárskýli voru skráð í landi Gufuskála. Örnefnin Gráborg/Stóraborg 029 og Fjárborgir 063 gefa til kynna að þar hafi verið fjárskýli. Þar fundust hins vegar engin slík mannvirki og eiga örnefnin að öllum líkindum við um náttúruleg skjól fyrir fé. Ein af tóftunum sem skráð er með býlinu Gerðubergi 051 er fjárborgartóft (sjá tóft 051R) sem byggð hefur verið ofan í eldri tóft löngu eftir að byggð lagðist af á staðnum. Hún er hringlaga og að mestu grjóthlaðin. Tóftin er um átta metrar í þvermál.

VI. Niðurstöður

Hættumat

Gert var hættumat fyrir allar skráðar fornleifar á Gufuskálum. Alls teljast 16 minjar í mikilli hættu, í flestum tilvikum (9) er það vegna landbrots. Alls teljast 35 minjar í hættu, í flestum tilvikum vegna vegagerðar (14) og þar á eftir vegna uppblásturs (10). Ekki var gert hættumat fyrir 39 minjar því ekki var hægt að staðsetja þær. Þá töldust 55 minjar ekki vera í neinni hættu. Hátt hlutfall minja sem hægt var að gera hættumat fyrir er í einhverri hættu, eða 48%.

Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifarnar eru við bæi, innan gömlu heimatúnanna. Því fækkar fornleifum að jafnaði eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar, ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að ekkert lifi eftir af þeim fornleifum sem voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að talsvert hlutfall fornminja á hverri jörð sé horfið af yfirborði. Minjar á Gufuskálum eru ekki mjög dæmigerðar í þessu sambandi. Það er mikil fjöldi minja í heimatúninu, en ekki síst á milli þess og strandarinnar. Ef fiskbyrgin eru tekin með má segja að megnið af minjunum sem skráðar voru á Gufuskálum séu á svæði í kringum heimatúnið sem er um 1000 m í þvermál. Gufuskálar fóru í eyði fyrir miðja 20. öld og þó að hluti túnins hafi verið sléttaður eftir það hefur minjum ekki mikið verið raskað af manna völdum.

Landbrot og uppblástur leika hins vegar einstakar minjar um útgerðina á Gufuskálum grátt.

Allar minjar njóta verndunar samkvæmt lögum og eru því jafn hátt settar.¹⁸ Hins vegar eru minjar eins misjafnar og þær eru margar. Á skráningarsvæðinu fundust minjastaðir sem eru frá fyrstu öldum byggðar en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar eru greinilegar rústir. Margar af fornleifunum eru í alfaraleið en aðrar langt uppi í hrauni. Fjöldi friðlýstra minja er á svæðinu. Í friðlýsingaskrá eru fiskbyrgin 049, Hákonarhóll 060, Gerðuberg 051, Gufuskálavör 055. Þar eru einnig „verbúðaleifar og önnur forn mannvirki tilheyrandi verstöðinni.“ Þessar minjar eru ekki nánar skilgreindar í friðlýsingaskrá. Í fornleifaskránni er gert ráð fyrir því að undir þessa friðlýsingu falli a.m.k. verbúðarhólar 058 og 059 auk minja 061, 071, 108, 110-115, 117 og 118.

Fyrir utan friðlýstu minjarnar eru fjölmargir áhugaverðir staðir á Gufuskálum og verðug rannsóknarefni. Gufuskálar eru innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og er fjöldi ferðafólks sem fer um jörðina árið um kring. Friðlýstu minjarnar auk Írskrabraunns 016 eru nokkuð vel kynntar ef frá eru taldar minjar um Gerðuberg og Hákonarhól þar sem ekkert upplýsingaskilti er að finna en aðgengi ágætt. Minjar á svæðinu norðan og norðvestan við túnið á Gufuskálum er mjög viðkvæmt og þolir illa ágang. Það þyrfti að finna leið til að gera svæðið aðgengilegt án þess að stofna friðlýstum minjum í hættu. Margar aðrar minjar eru á Gufuskálum sem hægt væri að vekja athygli ferðamanna á. Dæmi um það eru selin fimm. Þau eru þétt saman á tiltölulega litlu svæði og eitt þeirra (017) er fast við Prestahraunsveg 631:001, gamla varðaða leið sem er merkt gönguleið. Annar minjaflokkur sem gott aðgengi er að er þurrabúðir í og við tún Gufuskála.

Rannsóknarefnin eru mörg á Gufuskálum. Mikilvægt er að halda rannsóknum á verbúðarhólunum áfram og á minjunum í kringum þá, sér í lagi þeim sem eru illa farnar af uppblæstri og eru í hættu vegna landbrots, til þess að skilja eðli og umfang staðarins og breytingar á honum í gegnum tíðina.

Annað verðugt rannsóknarefni er að kanna sambandið á milli Gufuskála og Gerðubergs. Síðarnefndi staðurinn fer í eyði á 10. öld en ekki vitað nákvæmlega hvenær Gufuskálar byggjast eða hvers eðlis það býli var upphaflega. Það er því ekki ljóst hvort bærinn var fluttur frá Gerðubergi að Gufuskálum á 10. öld, hvort bæirnir voru í byggð samtímis eða hvort rof verður í búsetu á jörðinni á milli þess sem Gerðuberg fer í eyði og Gufuskálar byggjast upp. Í því samhengi er athyglisvert að velta fyrir sér aðgengi að ferskvatni sem er frumskilyrði fyrir því að bær sé byggilegur. Við býlið Gerðuberg eru brunnar fullir af ferskvatni en mjög erfitt

¹⁸ Sjá 3. grein Þjóðminjalaga (nr. 80, 2012).

virðist hafa verið að ná í vatn á Gufuskálum ef marka má Ískrabrunn sem er grafinn djúpt niður. Gott aðgengi að vatni var væntanlega einn af þeim þáttum sem réðu miklu um staðarval býlisins Gerðubergs. Það má ímynda sér að er fram í sótti hafi aðrir þættir vegið þyngra, eins og betri aðstæður til fiskveiða, og bærinn hafi verið fluttur af þeim sökum.

Selin eru nátengd búsetu á Gufuskálum og breytingum á henni. Sérlega áhugavert væri að aldursgreina selin til að sjá hversu skýr tengslin eru á milli seljabúskaparins og búsetunnar. Getur verið að elsta selið sé frá sama tíma og Gerðuberg? Hver, ef einhver, hinna seljanna voru samtímis í notkun og hvenær fara þau úr notkun?

Að lokum má nefna þurrabúðirnar á Gufuskálum. Þær eru mikilvægur hluti af sögu staðarins og hefur rannsóknnum á þurrabúðum lítt verið sinnt í íslenskri fornleifafræði. Mikill efniviður er til staðar á Gufuskálum en kafa þarf dýpra ofan í heimildir og gera frekari rannsóknir til að öðlast betri skilning á upphafi, þróun og hnignun þurrabúðabyggðarinnar.

Það er gríðarlega mikilvægt að nú sé búið að skrá og kortleggja minjastaði á Gufuskálum. Fornleifaskráin myndar undirstöðu fyrir minjavörslu, ferkari rannsóknir og kynningu á svæðinu. Í fornleifaskránni er mikill efniviður sem allir hagsmunaaðilar ættu að geta nýtt sér; rannsóknaraðilar, minjavarðslan, sveitastjórnaryfirvöld og Þjóðgarðurinn svo einhverjir séu nefndir.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- ÁFÍ 1982:** Einar Haukur Kristjánsson. 1982. „Snæfellsnes frá Löngufjörum að Ólafsvíkurenni.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1982*.
- ÁG: Friðlýsingaskrá:** *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- BFE 1997:** Bjarni F. Einarsson. 1997. *Írskubúðir og Hákonarhóll. Prufurannsóknir á víkingaaldar eyðibýli og kumli undir jökli í Snæfellsbæ á Snæfellsnesi*. Bjarni F. Einarsson og Snæfellsbær, Reykjavík.
- BFE 2000:** Bjarni F. Einarsson. 2000. *Írskubúðir. Landnámsbýli á utanverðu Snæfellsnesi*. Skýrsla um fornleifarannsóknir haustið 1999. II. skýrsla. Fornleifafræðistofan, [Reykjavík].
- BJ 1900:** Brynjúlfur Jónsson. „Rannsóknir í Snæfellssýslu sumarið 1899.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1900*:9-27.
- BS:** *Byggðir Snæfellsness*. 1977. Búnaðarsamband Snæfellinga, Stykkishólmi.
- Bsk II:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi* I-II, Kaupmannahöfn 1858-1878.
- DI=ÍF:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.
- Eggert Ólafsson. 1943. *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*. Um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757. Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfðánarson, Reykjavík.
- FF:** Frásögur um fornaldarleifar 18174-1823 I-II. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík.
- GÓ 2014:** Guðmundur Ólafsson. 2014. *Írskrabrunnur á Gufuskálum og fleiri minjar á Snæfellsnesi*. Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns 1989:3. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Gráskinna hin meiri* I. 1962. Útgefendur Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson, Reykjavík.
- ÍF I:** *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. 1986. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- ÍS II:** Lúðvík Kristjánsson. 1982. Íslenskir sjávarhættir II. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V. Hnappadals- og Snæfellssýsla*. 1931-

1933. Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

LBP FS512-08233: Lilja Björk Pálsdóttir. 2013. *Under the Glacier. 2012 Archaeological investigations on the fishing station at Gufuskálar, Snæfellsnes*. FS512-08233. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

LBP og ÓGS FS477-08232: Lilja Björk Pálsdóttir og Óskar Gísli Sveinbjarnarson. 2011. *Under the Glacier. 2011 Archaeological investigations on the fishing station at Gufuskálar, Snæfellsnes*. FS477-08232. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Vesturamt. 1979. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Vesturamt. 1983. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Plum 1799 úr BFE 2000: Plum, Jacob Severin. *Historien om min Handel paa Island; mine Søreiser og Hendelser*. 1799. København. Tekið úr: Bjarni F. Einarsson. 2000. *Írskubúðir. Landnámsbýli á utanverðu Snæfellsnesi*. Skýrsla um fornleifarannsóknir haustið 1999. II. skýrsla. Fornleifafræðistofan, [Reykjavík].

Skýrsla FÍ I: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I, 1863-1866*. 1868. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

SSSn: *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Snæfellsnes III*. 1970. Snæfellingaútgáfan, Reykjavík.

Sögur og sagnir: *Sögur og sagnir af Snæfellsnesi I-II*. 1967-1968. Oscar Clausen safnaði. Skuggsjá, [Hafnarfirði].

Undir bláum sólarsali I-II: Ólafur Elíundarson. 2003-2004. *Undir bláum sólarsali I-II*. Jökla hin nýja II. Úr sögu Breiðuvíkurrepps og Neshrepps utan Ennis. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Óprentaðar heimildir

BFE óútgefin skýrsla 3714: Bjarni F. Einarsson. 1996. Fornleifaskrá fyrirhugaðs þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi (3714). Bráðabirgðaskrá.

LBP Fiskbyrgin á Gufuskálum: Lilja Björk Pálsdóttir. 2009. *Fiskbyrgin á Gufuskálum*. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Túnakort 1916: Túnakort Neshrepps 1916. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Fjall Gufuskála: Örnefni á fjalli Gufuskála. Ársæll Jónsson skráði 1996. Jónína Hafsteinsdóttir gekk frá handriti. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Gufuskálar: Örnefnaskrá Gufuskála. Lúðvík Kristjánsson skráði [líklega 1932] eftir Elínborgu Magnúsdóttur [Þorbjarnardóttur]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Gufuskálar, viðbætur: Örnefnaskrá Gufuskála, viðbætur. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði 1983 eftir Ólafi Elímundarsyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Stafrænar heimildir

Herforingjaráðskort 5: *Snæfellsjökull-Ólafsvík* 1:50000. Skráningarnúmer 2001-1323. Sótt á vef Landmælinga Íslands 07. mars 2014: <http://www.lmi.is/kortasafn/>

Heimasíða Hellissands: Sótt 14. júní 2013 af <http://www.hellissandur.is/ahugaverdirstadir/gufuskalarognagrenni/>

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Sótt 8. apríl 2014 af www.manntal.is

Svör við spurningaskrá þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns A-11533/B-1992-5. Ólafur Elímundarson. Sótt í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn 14. júní 2013: <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=544879>

Viðauki 1: Hnitaskrár á ISN93

Samtala	Austur	Norður			
125001A	266487.31	498186.29	125048	266597.17	497133.45
125001B	266486.92	498205.22	125049	266558.91	497769.53
125001C	266468.38	498189.84	125051A	265412.97	496469.95
125004A	266437.21	498134.61	125051B	265418.1	496455.35
125004C	266445.1	498148.22	125051C	265419.87	496440.56
125005	266479.22	498119.23	125051D	265425.2	496412.55
125006	266535.83	498094.57	125051E	265405.87	496388.29
125007A	266554.57	498040.93	125051F	265399.76	496398.55
125007B	266544.71	498051.18	125051G	265395.81	496402.89
125008	266581.19	498006.21	125051H	265385.55	496335.04
125009	266599.14	498016.86	125051I	265392.26	496310.58
125010	266686.32	498097.53	125051J	265405.28	496317.49
125011	266528.33	498117.45	125051K	265482	496319.06
125012	266577.05	498193.19	125051L	265483.58	496310.98
125016	265987.32	498072.29	125051M	265527.76	496294.41
125017A	268778.99	494440.99	125051N	265508.83	496347.27
125017B	268769.32	494441.78	125051O	265511.39	496493.62
125017C	268771.89	494421.27	125051P	265562.67	496530.7
125017D	268791.81	494436.26	125051Q	265522.44	496509.99
125017E	268779.18	494450.85	125051R	265475.3	496464.43
125017F	268789.05	494491.28	125051S	265455.18	496423.8
125028	266665.61	498047.63	125051T	265555.57	496474.09
125029	270903.21	493314.58	125051U	265609.61	496554.17
125038	266375.08	498270.9	125051V	265535.45	496484.15
125039A	266796.38	497877.42	125052A	265864.24	498067.16
125039B	266711.76	497872.09	125052B	265856.16	498070.91
125039C	266733.85	497907.4	125052C	265844.32	498072.68
125039D	266749.04	497879.98	125053A	264890.89	497150.8
125039E	266797.17	497870.32	125053B	264888.13	497145.28
125039F	266802.89	497867.95	125054	266240.37	498219.23
125039G	266717.09	497862.03	125055	266367.59	498285.5
125040A	266965.61	497782.55	125056A	266738.78	498072.48
125040B	266944.5	497793	125056B	266631.88	497979.78
125041	267503.86	498498.91	125056C	266658.12	498000.1
125042A	266933.65	497745.27	125056D	266673.11	498001.87
125042B	266944.7	497723.77	125056E	266703.48	498021.6
125043	266946.08	497754.74	125056F	266734.25	498051.38
125044	265147.49	497319.83	125056G	266746.08	498067.75
125045	265154.99	497325.16	125057	265788.9	498059.66
125046	264830.73	497226.15	125058A	266279.03	498194.77
125047A	268474.45	494563.67	125058B	266271.73	498182.54
125047B	268518.44	494592.07	125058D	266300.73	498214.49
125047C	268471.5	494574.91	125058E	266310.59	498217.65
125047D	268499.31	494567.61	125058F	266264.04	498199.31
			125059A	266146.88	498127.12

125059B	266143.92	498131.46	125075	266488.3	498146.64
125059C	266134.46	498139.74	125076A	266605.45	497998.13
125059D	266163.65	498133.82	125076B	266602.5	497994.18
125059E	266165.42	498153.35	125076C	266611.57	497983.14
125059F	266158.52	498158.87	125077	266586.52	497961.64
125059G	266175.68	498152.36	125078	266623.6	497974.26
125060	265229.34	496403.68	125079	266635.04	497853.75
125061_01?	266302.9	498229.29	125080A	266636.81	498035.4
125061_02?	266306.84	498230.27	125080B	266638.19	498045.46
125061_03	266315.91	498229.09	125080C	266641.15	498059.07
125061_04	266320.05	498230.08	125080D	266626.95	498020.61
125061_05	266323.8	498231.46	125080E	266646.87	498048.42
125061_06	266331.49	498233.03	125081	268349.8	494703.12
125061_07	266336.82	498235.8	125082A	266664.43	498060.85
125061_08	266339.19	498236.19	125082B	266672.12	498062.43
125061_09	266343.13	498238.36	125083	265790.28	497986.1
125061_10	266346.29	498238.75	125084	266669.95	498075.25
125061_11	266349.64	498240.13	125085	266682.97	498080.57
125061_12	266360.09	498243.49	125086	266699.14	498044.28
125061_13?	266370.94	498248.81	125087	266703.48	498097.53
125061_14?	266370.94	498253.35	125088	266733.07	498064.79
125061_15?	266376.27	498253.74	125089A	267845.08	494898.18
125061_16?	266380.61	498258.87	125089B	267807.21	494888.32
125061_17?	266387.9	498263.21	125090	266728.92	498079.39
125061_18?	266389.28	498264.59	125091	266731.09	498093.19
125061_19	266395.99	498268.54	125092	266728.92	498104.83
125061_20	266395.2	498271.69	125093	266567.58	497982.35
125061_21	266402.7	498276.82	125094	266523.01	497981.56
125061_22	266405.06	498280.17	125095	266645.3	498115.88
125061_23	266410.39	498284.51	125096A	266674.88	497934.22
125061_24	266411.37	498285.3	125096B	266675.87	497948.82
125061_25	266415.52	498286.68	125096C	266695.79	497949.41
125061_26	266421.04	498289.25	125097	266700.92	497977.02
125062	268246.45	496321.04	125098	266695.39	497995.76
125063	270183.5	493021.49	125099	266724.19	497999.7
125064	270731.22	491730.39	125100	266713.74	498003.06
125065	265230.33	496274.69	125101	266635.63	497944.68
125066	266684.35	498149.6	125102	266605.26	497947.63
125067	266616.7	498039.35	125103	266599.54	497927.52
125068	266583.76	498111.34	125104	268302.07	494736.45
125069	266618.67	498122.38	125105A	266766.6	498052.76
125070	264434.88	496902.09	125105B	266753.77	498056.51
125071	266471.73	498390.82	125106	265721.25	498015.68
125072	266457.92	498215.09	125107A	265817.89	498050.2
125073	266436.23	498207	125107B	265818.09	498053.94
125074	266706.44	498064.4	125107C	265812.96	498056.9

125107D	265811.98	498063.21	125119A	268714.69	494671.16
125107E	265802.31	498071.7	125119B	268720.41	494679.84
125107F	265800.34	498035.4	125119C	268720.8	494685.56
125107G	265809.02	498039.94	125119D	268704.83	494676.49
125107H	265805.86	498055.92	125119E	268706.6	494670.77
125107I	265813.75	498056.71	125119F	268718.63	494670.18
125108	266099.55	498107	125119G	268717.25	494659.33
125109	266053.39	497846.45	125120A	268737.37	494738.03
125110A	266267.98	497905.03	125120B	268715.87	494752.03
125110B	266261.67	497951.18	125120C	268707.39	494752.23
125110C	266276.66	497896.94	125120D	268714.69	494732.7
125110D	266298.95	497965.39	125120E	268726.13	494734.87
125110E	266295.6	497999.11	125120F	268729.68	494729.94
125110F	266283.17	498039.15	125120G	268736.19	494727.97
125110G	266280.21	498050.39	125120H	268731.06	494747.89
125110H	266291.85	498057.49	125120I	268721.99	494787.33
125110I	266304.28	498073.47	125121A	268367.16	494045.93
125110J	266310.98	498093.19	125121B	268362.43	494062.89
125110K	266271.14	498150.39	125121C	268338.76	494065.45
125110L	266282.78	498152.56	125121D	268350	494040.21
125110M	266290.07	498151.38	125121E	268357.49	494029.95
125110N	266281.59	498171.69	125121F	268344.08	494027.19
125110O	266288.69	498140.92	125121G	268366.17	494018.31
125110P	266273.7	497989.84	125122	266909.79	497860.06
125110Q	266249.44	497951.38	125123A	267006.24	496988.87
125111A	266235.64	498170.51	125123B	267074.48	496988.48
125111B	266221.44	498156.51	125124	266527.15	497136.41
125111C	266234.45	498153.94	125125	266508.22	497558.69
125112	266387.9	498254.14	125126A	266583.17	497480.78
125113A	266346.88	498150.79	125126B	266785.14	497090.25
125113B	266349.25	498161.83	125127A	268049.81	496699.53
125113C	266347.86	498165.18	125127B	267562.83	497043.11
125113D	266351.41	498170.31	125128	267323.19	497125.16
125113E	266358.91	498169.72	125129	266996.37	497522.59
125113F	266361.08	498159.86	125130	266986.91	497860.46
125113G	266352.99	498155.91	125131A	266816.1	498078.4
125113H	266343.13	498187.28	125131B	266821.23	498084.12
125114B	266344.91	498228.5	125140	266399.34	498316.86
125114D	266354.77	498230.67	631001A	269319.21	495370.36
125114E	266362.07	498229.29	631001B	269288.84	495302.51
125114F	266367.19	498230.47	631001C	269253.14	495282
125115	266399.34	498259.07	631001D	269228.29	495245.12
125116	266876.26	498998.9	631001E	269216.65	495196.2
125117A	266506.64	498358.08	631001F	269209.55	495157.35
125117B	266508.02	498372.48	631001G	269192.79	495128.16
125118	266385.54	498235.01	631001H	269193.77	495096.01

631001I	269195.94	495059.72	631001T	268805.61	494495.43
631001J	269173.26	495032.5	631001U	268662.03	494355.98
631001K	269162.02	494989.5	631001V	268598.91	494322.85
631001L	269178.58	494928.95	631001W	269329.86	495375.88
631001M	269171.48	494876.29	631001X	268391.02	494166.04
631001N	269146.63	494812.98	631001Y	268329.49	494089.32
631001O	269126.91	494742.56	631002A	264561.51	496632.08
631001P	269098.51	494714.36	631002B	267470.72	498553.94
631001Q	269069.12	494677.67	631003A	266761.07	495112.58
631001R	269047.42	494665.05	631003B	266733.46	494792.07
631001S	268985.89	494643.55			

Viðauki 2: Minjakort



Minjakort 1: Gufuskálar - yfirlitskort



Skýringar

■

Skráðar fornleifar

■

Fiskbyrgi skráð 2009

—

Grófar útlínur túnakorts

—

Garðlög

—


Leiðir

—

Landamerki*

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar

Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki



Minjakort 2: Gufuskálar



631003A

631003B

125089A-B

125104

125081

125047A-D

125119A-G

125120A-I

125017A-F

125121A-G

631001A-Y

125029

125063

125064

0 0,5 1
kílómetrar

Minjakort 3: Gufuskálar

